


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Prentsmiðjur
Apótek










# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

Miðvikudagur
15. febrúar 2012
39. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup júlí - september 2011




**Bandarískt ævintýri**
*Lay Low hitar upp fyrir Of Monsters and Men á stórri tónleikaferð um N-Ameríku.*
**fólk 30**

**Gloppótt sýning**
*Of mikið fullorðinsdaður er í sýningunni Gói og baunagrasið að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.*
**menning 22**



**Fimm marka maðurinn**
*Steven Lennon í Fram ræðir komandi fótboltasumar.*
**sport 26**

**veðrið í dag**




**RIGNING** eða slydda vestanlands fyrri hluta dags og í kvöld gengur þar í él með vaxandi vindi. Austan til verður bjart með köflum og úrkomulítið. Kólnandi veður.
VEÐUR 4

# Lífsánægja samkynhneigðra unglinga er margfalt minni

**Samkynhneigðir unglingar eru mun líklegri til að hugsa um sjálfsvíg en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn. Prófessor gagnrýnir bloggskrif grunnskólakennara á Akureyri.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Sjálfsvígshugleiðingar og ítrekaðar tilraunir til sjálfsvíga eru margfalt algengari meðal samkynhneigðra unglinga hér á landi heldur en gagnkynhneigðra jafnaldra þeirra.

Samkvæmt niðurstöðum nýrrar greiningar Þórodds Bjarnasonar og Ársæls Más Arnarssonar, prófessora við Háskólann á Akureyri, eru samkynhneigðir unglingar nærri tólf sinnum líklegri til að hugsa ítrekað um sjálfsvíg og allt að 25 sinnum líklegri en aðrir íslenskir unglingar til að hafa reynt að fremja sjálfsvíg margsinnis.

Í rannsókninni voru spurningar lagðar fyrir nemendur tíunda bekkjar í öllum grunnskólum landsins. Um tvö prósent stráka og stelpna sögðust hafa verið skotin í einhverjum af sama kyni. Rúm tvö prósent stráka og eitt prósent stelpna höfðu sofið hjá einhverjum af sama kyni.

Þóroddur segir niðurstöðurnar sýna ótvírætt að margir íslenskir samkynhneigðir unglingar upplifi mikla höfnun og andúð, sérstaklega í skólasamfélaginu.

„Lífsánægja þeirra er mun minni, þau eru mun líklegri til að vera þunglynd og kvíðin og líða illa í skólanum og þau eru mun líklegri til að finnast skólafélagarnir vera óvingjarnlegir,“ segir Þóroddur. „Það er augljóst að þau þurfa á miklum stuðningi og skilningi að halda og kennarar og skólayfirvöld bera afar mikla ábyrgð á því að rækta samfélag þar sem þessir unglingar eru jafnvelkomnir og aðrir.“

Í því samhengi vísar Þóroddur í skrif Snorra Óskarssonar, kennara í Brekkuskóla á Akureyri, um samkynhneigð.

„Skólayfirvöld á Akureyri hafa tekið á þessu af mikilli festu og staðið með börnunum í erfiðu máli sem vekur mikilvægar spurningar um réttindi og skyldur grunnskólakennara,“ segir hann.

Akureyrarbær hefur sett Snorra í sex mánaða launað leyfi frá störfum eftir að skrif hans voru tekin fyrir. - sv

### 13.000 íslenskir unglingar spurðir

Rannsóknin Heilsa og lífskjör skólanema var unnin í 40 löndum um allan heim fyrir tilstuðlan Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar WHO. Spurningalistar voru lagðir fyrir alla nemendur á Íslandi í 6., 8. og 10. bekk á fjögurra ára fresti, ríflega 4.000 í hverjum árgangi eða um 13.000 í allt. Spurningar um kynhegðun og ýmsa áhættuhegðun voru lagðar fyrir elsta aldurshópinn og sumar voru sérstaklega hannaðar til að meta kynhneigð út frá tilfinningum og hegðun. Þessar spurningar voru bara lagðar fyrir nemendur í 10. bekk og hafa ekki verið notaðar í hinum löndunum enn sem komið er.



**SÁMUR HEILSAÐI GESTUNUM** Nýsköpunarverðlaunin voru veitt á Bessastöðum í gær. Dorrit Moussaieff forsetafrú sýndi Auði Aradóttur heimilishundinn Sám, sem fékk að taka þátt í veisluhöldunum úti á Álftanesi. **Sjá síðu 6**
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Blár Ópal vinnur að nýju efni:

## Engin biturð yfir úrslitunum

**FÓLK „Blár Ópal hefur ekki sungið sitt síðasta, partýið er bara rétt að byrja,“ segir Kristmundur Axel Kristmundsson, einn fjögurra söngvara hljómsveitarinnar sem vinnur nú að nýju efni.**

**Honum þykir það mikill heiður að hafa fengið að keppa við jafn frábæra tónlistarmenn og voru í keppninni. Kristmundur segir ekki neina biturð vera í herbúðum Blás Ópals yfir úrslitunum.**



KRISTMUNDUR AXEL KRISTMUNDSSON

**- trs / sjá síðu 24**






Orri Vigfússon vill rannsaka hvort gera megi Þjórsá tæra og breyta í laxveiðiá:

## Þjórsá verði tær stangveiðiperla

**NÁTTÚRA** Orri Vigfússon, formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna, varpar fram þeirri hugmynd hvort gerlegt sé að draga úr framburði í Þjórsá og breyta ánni í veiðiparadís. Fyrsta skrefið að mati Orra er alltaf að kalla saman hóp sérfræðinga til að rannsaka vatnasvæðið með þessa hugmynd bak við eyrað.

Ef hugmyndir um „hreinsun“ Þjórsár reyndust raunhæfar og gengju eftir telur Orri líklegt að úr yrði ein besta laxveiðiá við Atlantshaf og mikil tekjulind fyrir þjóðfélagið allt.

„Það má minna á það að Þjórsá, eins og Blanda, á upptök sín í Hofsjökli. Með Blönduvirkjun hreinsaðist áin og úr varð sú góða veiðiá sem við þekkjum,“ segir Orri og undirstrikar að um hugmynd sé að ræða og „eftir sé að svara þúsund spurningum“.

Eins og kunnugt er hefur Landsvirkjun áformað byggingu þriggja virkjana í neðri hluta Þjórsár. Hugmyndir um að gera Þjórsá að kosti til að stunda stangveiði fara ekki saman við þær hugmyndir, segir Orri. Hann hefur í ræðu og riti gert því skóna að fiskistofnarnir í ánni myndu líklega aldrei bera sitt barr ef af virkjununum verður. **- shá / sjá síðu 4**



**ÞJÓRSÁ** Eins og Blanda á Þjórsá upptök sín í Hofsjökli.




**SPURNING DAGSINS**



*Gyða, er þá hægt að kaupa sér ást?*

„Nei, ástin er ókeypis. Það er þó hægt að verja peningum til að gera leitina að ást auðveldari.“

Gyða Eyjólfsdóttir sálfræðingur stendur, ásamt Sóleyju D. Davíðsdóttur, fyrir námskeiði fyrir fólk í makaleit.

Átta tillögur bárust í samkeppni Þingvallanefndar um nýjar gönguleiðir yfir óvænt jarðfall í þjóðgarðinum:

# „Maðurinn haldi sig til hlés á þessum helga stað“

**HÖNNUN** „Tillagan snýst um lágmarks rask í gjánni og hefur það sjónarmið að maðurinn skuli halda sig til hlés á þessum helgum stað,“ segir í tillögu Studio Granda og verkfræðistofunnar Eflu sem fékk fyrstu verðlaun í samkeppni Þingvallanefndar um gönguleið niður í Almannagjá eftir að sprunga opnaðist þar óvænt í fyrra.

„Framkvæmdin er hugsuð eins einföld og hægt er þar sem tíminn er naumur og áhersla er lögð á að auðvelt verði fjarlægja mannvirkið án þess að nokkur ummerki sjáist,“ segja höfundar tillögunnar sem fá 400 þúsund krónur í verðlaun. Átta tillögur bárust.

Gólf brúarinnar verður úr sitkagreni úr Skorradal og á að hvíla á langbitum úr rekaviði og laga sig að sprungunni. Handriðið verður úr ryðguðum efnispípum sem net úr basalttrefjum verður strengt á milli.

„Stígurinn liggur þétt við klappir og annað undirlag í sprungunni og lagar sig að nokkru leyti að legu hennar án þess þó að þekja hana eða draga athygli að henni um of,“ segir í umsögn dómnefndar sem kveður verðlaunatillöguna áreynslulausa.

- gar



**Á KÁRASTAÐASTÍG** „Göngubrúin er upphaf gönguleiðarinnar um þinghelgina,“ segja höfundar tillögunnar sem hlaut fyrstu verðlaun dómnefndar Þingvallanefndar.

MYND/STUDIO GRANDI - EFLA

Makrílviðræður í Reykjavík:

## Lokatilraun um kvóta þessa árs

**SJÁVARÚTVEGUR** Þess er nú freistað að ná samkomulagi um stjórn makrílveiðanna á þessu ári, meðal annars um skiptingu kvóta milli Íslands, Noregs, Evrópusambandsríkja og Færeyja, auk Rússlands. Fundur ríkjanna hófst í Reykjavík í gær og gæti staðið út þessa viku.

Þegar framgangur viðræðna til þessa er hafður í huga má fullyrða að nú sé lokatækifærið til að ná samkomulagi um makrílveiðar þessa árs.

Ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins (ICES) hljóðaði upp á 646 þúsund tonna heildarafla á síðasta ári. Veiðin var samtals rúmlega 900 þúsund tonn, þar sem ekkert samkomulag náðist.

- shá

Stjórnarskipti í Kópavogi:

## Ármann orðinn að bæjarstjóra

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** **Ármann Kr. Ólafsson, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, var í gærkvöldi kjörinn bæjarstjóri í Kópavogi.**



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

**Bæjarstjórnarfundur var haldinn í gærkvöldi þar sem nýr meirihluti sjálfstæðismanna, framsóknarmanna og lista Kópavogsbúa tók við völdum. Margrét Björnsdóttir, bæjarfulltrúi sjálfstæðismanna, var kjörin forseti bæjarstjórnar.**

**Guðrún Pálsdóttir, sem hefur verið bæjarstjóri frá því í júní 2010, hefur látið af störfum. Hún verður sviðsstjóri hjá bænum á ný, en hún gegndi því starfi einnig áður en hún var ráðin bæjarstjóri.**

- þeb

# Smáralind heimtar turn upp eða niður

**Eigendur Smáralindar vilja að Kópavogsbær þvingi kröfuhafa Norðurturnsins til að ljúka við að reisa turninn eða rífa hann. Þrotabú turnsins telur Smáralind hins vegar skulda því 1,3 milljarða króna. Lausn virðist ekki í augsýn á næstunni.**

**SKIPULAGSMÁL** „Það er ekki hægt að vera með hálfbyggt hús, sem er í raun slysagildra, utan á einni glæsilegustu verslunarmiðstöð landsins,“ segir Sturla Eðvarðsson, framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Smáralindar ehf.

Sturla hefur skrifað bæjaryfirvöldum í Kópavogi vegna svokallaðs Norðurturns sem hefur setið hálfkláraður utan á vesturenda Smáralindar frá því á árinu 2008. Hann kveðst ósáttur við að verkið hafi verið stopp í mörg ár hjá skiptastjóra og kröfuhöfum.

„Það er enginn skilningur – menn fara á sínum hraða og ég veit ekki hvað þeir ætla sér. Það eru ekki fyrirliggjandi neinar breytingar á því þannig að ég óskaði eftir því við Kópavogsbæ að hann myndi hlutast til um þessa eign. Menn verða að axla ábyrgð á því að vera með svona eignir í þrotabúi. Annað hvort klára menn bygginguna eða ekki. Það er ekkert annað að gera,“ segir Sturla.

Að sögn framkvæmdastjórans hefur tilvist Norðurturnsins slæm áhrif á einn megininnganga Smáralindar sem orðið hafi fyrir gríðarlegu fjárhagslegu tapi. Sjálf hafi Smáralind meðal annars lagt tugi milljóna króna í lagfæringar á innganginum. „Við óskum eftir skýrari svörum um framtíð þessa húss því það er náttúrulega ekki hægt að búa við að það sé með þessum hætti næstu árin,“ undirstrikar Sturla.

Fasteignafélag Íslands var móðurfélag bæði Smáralindar og Norðurturnsins. Meðal kröfuhafa í bú Norðurturnsins eru Tryggingamiðstöðin, lífeyrissjóðir og Íslandsbanki. Heildarkrafan er um 5,5 milljarðar króna. Stærstu kröfuhafarnir eiga veðkröfu á sjálfa bygginguna. Skotið hefur verið á að verðmæti hennar sé á bilinu einn til tveir milljarðar króna.

Helstu lausnir fyrir kröfuhafana er að selja mannvirkið í núverandi mynd eða leggja fé í að ljúka byggingu þess. Kaupendur bíða ekki í röðum og mikil áhætta fylgir því að verja fjármagni í bygginguna sem á að verða fimmtán hæðir.

Það flækir málin frekar að þrotabú Norðurturnsins krefst þess að eigendur Smáralindar greiði búinu 1,3 milljarða króna. Það sé samkvæmt samkomulagi sem meðal annars tengist afnotum Smáralindar af bílakjallara í turninum. Smáralind segir samkomulag um það ekki hafa legið fyrir og það verður því verkefni dómstóla að skera úr um réttmæti kröfunnar.

gar@frettabladid.is



**STURLA EÐVARÐSSON** Framkvæmdastjóri Eignarhaldsfélagsins Smáralindar segir kröfuhafana sem eru eigendur Norðurturnsins verða að sýna ábyrgð og annaðhvort ljúka við byggingu skrifstofuhússins eða rífa það sem komið er. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Jónas H. Haralz látinn

**Jónas Halldór Haralz, hagfræðingur og fyrrverandi bankastjóri, er látinn á 93. aldursári. Hann fæddist í Reykjavík 6. október árið 1919.**



**Jónas lauk stúdentsprófi frá MR 1938. Hann nam efnaverkfræði, hagfræði, tölfræði, stjórnmálafræði og heimspeki í Stokkhólmi. Jónas starfaði meðal annars sem hagfræðingur hjá Alþjóðabankanum í Washington og var bankastjóri Landsbanka Íslands frá 1969 til 1988.**

**Fyrri kona Jónasar var Guðrún Erna Þorgeirsdóttir. Hún lést árið 1982. Sonur þeirra er Jónas Halldór Haralz. Síðari kona hans var Sylvía Haralz. Hún lést árið 1996.**

Dýrara í sund en í fyrra:

## Dýrast í Árborg og Kópavogi

**NEYTENDUR** Fimmtán stærstu sveitarfélögin hafa öll hækkað stakt gjald í sund milli ára. Þetta kemur fram í verðlagseftirliti ASÍ. Lægst er gjaldið í Reykjanesbæ, eða 370 krónur, en hæst í Árborg og Kópavogi þar sem kostar 550 krónur í sund. Mesta hækkun var í Hafnarfirði, eða um 23 prósent, en minnst á Akureyri eða fjögur prósent.

Af 15 stærstu sveitarfélögunum hafa aðeins Reykjavík, Reykjanes, Árborg og Seltjarnarnes ekki hækkað árskort að sundstöðum á milli ára. Árskort fullorðinna hafa hækkað í hinum 11 sveitarfélögunum um 3 til 23 prósent.

- kóp




Ætlaði að kaupa 800 milljónir í útboði en er ósáttur við sérkjör lífeyrissjóða:

# Telur útboð Seðlabankans ólöglegt

**FJÁRMÁL** Fjárfestirinn Róbert Guðfinnsson áskilur sér allan rétt vegna tjóns sem hann telur sig geta orðið fyrir vegna breytinga á útboði Seðlabankans á íslenskum krónum sem fram fer í dag.



RÓBERT GUÐFINNSSON

Róbert, sem kveðst hafa stundað viðskipti erlendis frá árinu 2005 meðal annars í Mexíkó, Síle og Eystrasaltslöndunum, segist vilja flytja erlendan gjaldeyri til Íslands og kaupa 800 milljónir króna. Féð ætli hann meðal annars að nota í uppbyggingu ferðaþjónustu á Siglufirði. Þar rekur hann Kaffi Rauðku og fleira.

Að sögn Róberts samþykkti Seðlabankinn félag hans, Salender Holdings Ltd., sem þátttakanda í krónuútboðinu. Skilyrðið er að nota jafnháa upphæð á móti til að kaupa krónur á opinberu gengi Seðlabankans.

Í bréfum lögmanns Róberts til Seðlabankans og Umboðsmanns Alþingis segir að þó að útboðslýsing hafi legið fyrir 12. janúar hafi Seðlabankinn tilkynnt það 10. febrúar að lífeyrissjóðir njóti sérstakra skattaívilnana í útboðinu. Tilboðsgjöfum sé því mismunað og verulegur vafi leiki á lögmæti útboðsins.

„Þetta hefði verið í lagi ef þetta hefði verið tekið fram í útboðsgögnunum svo menn vissu að hverju þeir gengju en í þessu ráðstjórnarríki sem við búum í í dag virðist það ekki skipta máli,“ segir Róbert Guðfinnsson.

- gar



**SEÐLABANKINN** Róbert Guðfinnsson ætlaði að bjóða í krónur hjá Seðlabankanum en telur útboð Seðlabankans hygla lífeyrissjóðum og vera ósanngjarnt gagnvart öðrum.




## NÝR AVENSIS - EKKERT VENJULEGUR

Nýr Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar ökumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hljóðlátri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km blönduðum akstri.* Þá er nýr Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.
Fáðu nánari upplýsingar á www.toyota.is/avensis

5 ÁRA ÁBYRGÐ

**Toyota Kópavogi**
Nýbýlavegi 4
Kópavogi
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

*2.0 Sedan D-4D 6 gíra beinskiptur

**GENGIÐ 14.02.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 122,24 | 122,82 |
| Sterlingspund | 192,62 | 193,56 |
| Evra | 161,36 | 162,26 |
| Dönsk króna | 21,705 | 21,833 |
| Norsk króna | 21,403 | 21,529 |
| Sænsk króna | 18,367 | 18,475 |
| Japanskt jen | 1,5657 | 1,5749 |
| SDR | 189,19 | 190,31 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
222,1054

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Launavísitalan hefur hækkað um 33% síðan 2007 en verðlagið um 44%:

# Kaupmáttur rýrnaði um 27%

**EFNAHAGSMÁL** Kaupmáttur launa hefur rýrnað um 7,5 prósent frá árinu 2007. Launavísitalan hefur hækkað um 33 prósent frá árinu 2007 en á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 44 prósent.

Uppsafnaður kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur hins vegar minnkað um 27,4 prósent á árunum 2007 til 2010, samkvæmt tölum Hagstofunnar. Hilmar Ögmundsson, hagfræðingur BSRB, hélt erindi um þróun launa og ráðstöfunartekna á trúnaðarmannaráðsfundi SFR í síðustu viku þar sem þetta kom fram.

Ástæður þessarar rýrnunar ráðstöfunartekna eru meðal annars skattahækkanir og breytingar á skattakerfinu. Persónuafsláttur hefur ekki fylgt launahækkunum, bætur hafa verið frystar eða lækkaðar og gjöld hækkuð. Útborguð laun félagsmanna SFR rýrnuðu um rúm 13 prósent á árunum 2007 til 2011. Rýrnun kaupmáttarins er mismunandi eftir hópum, því fólk sem er með börn á framfæri, leigir eða skuldar húsnæði varð fyrir kaupmáttarrýrnun upp á rúm 27 prósent en aðrir upp á rúm 12 prósent. **- þeb**



**MINNA MILLI HANDANNA** Ráðstöfunartekjur fólks hafa minnkað mikið á síðustu árum og þeir sem eru með börn á framfæri, leigja eða skulda húsnæði hafa 27 prósentum minna milli handanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fagna ársafmæli uppreisnar:

# Öryggissveitir bæla mótmæli

**BAREIN, AP Fjölmennt lið öryggissveita í Barein kæfði í gær mótmæli sjía-múslima, sem höfðu komið saman víða um land til að minnast þess að eitt ár var liðið frá því að mótmæli þeirra gegn stjórn súnní-múslíma hófust.**

**Stjórnvöld lofuðu umbótum eftir að hafa barið niður mótmælin síðasta vor, en staðið hefur á efndum.**

**Að minnsta kosti 40 manns hafa látist í átökum í landinu frá því mótmælin hófust í febrúar á síðasta ári. - gb**

Árni Johnsen á Alþingi:

# Brotið á réttindum Snorra

**ALÞINGI** Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, líkti aðgerðum Akureyrarbæjar vegna Snorra Óskarssonar, kennara við Brekkuskóla, við ofbeldi og valdníðslu.



ÁRNI JOHNSEN

Á Alþingi í gær sagði Árni að málið snerist um mannréttindi, virðingu fyrir skoðanafrelsi og trúfrelsi á Íslandi. Þá harmar hann niðurstöður bæjarstjórnarinnar að hafa „ráðist á opinberan starfsmann og rekið hann úr starfi“.

Akureyrarbær hefur sett Snorra í sex mánaða launað leyfi frá störfum eftir að skrif hans á bloggsíðu voru tekin fyrir. Í skrifum sínum fordæmdi Snorri samkynhneigð. **- sv**

PIP-upplýsingar sendar út:

# Samanburður ekki fyrir hendi

**HEILBRIGÐISMÁL Lyfjastofnun hefur nú sent Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins upplýsingar um háa lekatíðni PIP-brjóstafyllinga hér á landi.**

**Á vef velferðarráðuneytisins kemur fram að hvergi annars staðar hafi verið ráðist í skipulega ómskoðun kvenna með PIP-púða svo vitað sé. Því séu samanburðarhæfar upplýsingar um lekatíðni frá öðrum þjóðum ekki fyrir hendi.**

**105 konur hafa verið skoðaðar hér á landi og hefur leki greinst hjá 71 konu, eða um 68 prósent kvennanna. - sv**

# Spyr hvort hægt sé að gera tæra laxveiðiperlu úr Þjórsá

**Rannsókn á því hvort gera megi Þjórsá að veiðiparadís með minni framburði, er verðugt verkefni að mati Orra Vigfússonar, formanns NASF. Fyrsta skref yrði mat sérfræðinga á því hvort hugmyndin sé raunhæf.**

**NÁTTÚRA** Orri Vigfússon, formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna, telur áhugavert að gera úttekt á því hvort gera megi Þjórsá að stangveiðiparadís með því að minnka framburðinn í ánni. Fyrsta skrefið yrði alltaf að kalla til hóp sérfræðinga til að skoða hvort um raunhæfan kost sé að ræða. Reynist svo vera gætu möguleikar til verðmætasköpunar með stangveiði verið afar miklir.



ORRI VIGFÚSSON

„Ef það væri hægt að minnka framburðinn og hleypa sólarljósinu betur að þá myndi frumframleiðslan í ánni stóraukast með tilheyrandi áhrifum á lífríkið. Það má minna á það að Þjórsá, eins og Blanda, á upptök sín í Hofsjökli. Með Blönduvirkjun hreinsaðist áin og úr varð sú góða veiðiá sem við þekkjum,“ segir Orri og undirstrikar að um hugmynd sé að ræða og það liggi fyrir að mjög erfitt sé að hreinsa jafn mikið vatnsfall og Þjórsá. „Ég tel þó áhugavert að gera rannsókn á vatnasvæði Þjórsár með þetta í huga.“

Orri segir að líklega yrði að koma til einhvers konar mannvirki sem myndi hreinsa jökulgruggið úr árvatninu, til dæmis settjarnir. Hann minnir á að fyrir eru virkjanir í efri hluta Þjórsár, sem hugsanlega gætu leikið hlutverk við hreinsun framburðarins.

Laxastofninn í Þjórsá er líklega stærsti villti laxastofn á Íslandi og meðal þeirra stærstu í Atlantshafi. Þess utan eru góðir stofnar sjóbirtings, auk staðbundins urriða og bleikju. Veiði í ánni hefur nær eingöngu verið bundin við netaveiði. Ástæðan er sú að Þjórsá er svo gruggug að lax og annar fiskur sér lítt hefðbundið agn veiðimanna og tekur það því illa eða ekki. Veiði hefur hins vegar verið nokkur í þverám Þjórsár þó að uppvaxtarsvæði laxins séu í Þjórsá sjálfri.

Eins og kunnugt er hefur Landsvirkjun áformað byggingu þriggja virkjana í neðri hluta Þjórsár; Hvamms-, Holta-, og Urriðafossvirkjun. Áform um að gera Þjórsá að kosti til stangveiði fer ekki saman við þær hugmyndir, að mati Orra sem hefur bent á að líklega séu allar hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir lax fyrir ofan Urriðafoss. Mat Orra er að verði virkjunaráform að veruleika séu laxa- og sjóbirtingsstofnarnir líklegir til að deyja út.

Ef hugmyndir um hreinsun Þjórsár reyndust raunhæfar og gengju eftir telur Orri líklegt að úr yrði ein besta laxveiðiá við Atlantshaf. „Þetta yrði mikil tekjulind fyrir samfélagið, enda hefur reynslan sýnt að hverjir 40 laxar sem eru veiddir á stöng skila einu ársverki. Tólf hundruð störf liggja að baki 50 þúsund laxa veiði á stöng. Það skilar 12 milljörðum í beinar og afleiddar tekjur fyrir þjóðfélagið,“ segir Orri.

**svavar@frettabladid.is**



**VÍÐA VEIÐILEG** Orri segir að þrátt fyrir „þúsund spurningar“ séu tækifærin slík að rannsaka megi að hreinsa ána svo hún henti til stangveiða. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Þetta yrði mikil tekjulind fyrir samfélagið, enda hefur reynslan sýnt að hverjir 40 laxar sem eru veiddir á stöng skila einu ársverki.
>
> **ORRI VIGFÚSSON**
> FORMAÐUR NASF





Spry
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA!
INNIHELDUR 100% XYLITOL
minnkar holumyndun í tönnum um allt að 80% þegar það er notað að staðaldri.
Núna færð þú Spry tyggigúmmí í apótekum Lyfja & heilsu
Lyf & heilsa við hlustum!


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður

**KÓLNANDI** veður verður á landinu næstu daga og strax í kvöld má búast við éljum vestanlands. Á föstudag og laugardag verður svo frost um allt land. Fram undan er dálítil snjókoma eða él, ekki þó um allt land á sama tíma.




**Á MORGUN**
Sums staðar strekkingur með ströndum, annars hægari.

**FÖSTUDAGUR**
Strekkingur á V-fjörðum en annars hægari.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 14° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 2° |
| Billund | 3° |
| Frankfurt | 5° |
| Friedrichshafen | 1° |
| Gautaborg | 1° |
| Kaupmannahöfn | 1° |
| Las Palmas | 18° |
| London | 10° |
| Mallorca | 12° |
| New York | 10° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | -1° |
| París | 8° |
| San Francisco | 14° |
| Stokkhólmur | -2° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is

SAMSUNG

# Hönnun og myndgæði í hæsta gæðaflokki

## 6500 LÍNAN

## GÆÐI Á GÓÐU VERÐI




SAMSUNG hlaut fjögur
EISA VERÐLAUN 2011-2012
fyrir framúrskarandi framleiðslu.

Ein þessara verðlauna voru veitt
fyrir ***þetta sjónvarp***:

*SAMSUNG 6505* – og TITILINN:

**BESTU SJÓNVARPSKAUP ÁRSINS 2012**

SAMSUNG 6500 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
STÆRÐIR: 32"/37"/40"/46"/55"/60"

---

## 8000 LÍNAN

## TOPPLÍNAN Í SAMSUNG




SAMSUNG
8000 SJÓNVÖRP
LED · 3D · SMART TV
*800 Hz*
STÆRÐIR: 40"/46"/55"/60"

**SAMSUNG færir þér framtíðina**
**með 8000 · LED · SMART TV**

SAMSUNG SMART TV veit allt um kvikmyndir, þætti og forrit!
**SMART TV færir þér það besta sem sjónvarp hefur upp á að bjóða í dag.**
Þú getur núna notað Internetið að fullu í sjónvarpinu með nýjum möguleikum eins og Search All.
Þar getur þú leitað að allskonar sjónvarpsefni og fréttum á netinu. Hægt er nálgast allt þitt efni á þínu eigin heimaneti, t.d sækja tónlist frá síma eða kvikmyndir frá tölvu beint í sjónvarpið. Endalausir möguleikar með Samsung TV Forritum en þar er t.d. boðið upp á Facebook, Skype, Picasa o.mfl.

SAMSUNG 8000 LED SMART TV er tilbúið til að gera alla skemmtun og samskipti í sjónvarpi ***enn skemmtilegri*** !

*Komdu og gerðu bestu kaupin!*

SAMSUNG **SETRIÐ**
samsungsetrid.is
**SÍÐUMÚLA 9 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2900**

**ORMSSON**
LÁGMÚLA 8
SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **ORMSSON**<br>KEFLAVÍK<br>SÍMI 421 1535 | **ORMSSON**<br>MODEL-AKRANESI<br>SÍMI 431 3333 | **ORMSSON**<br>ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI<br>SÍMI 456 4751 | **ORMSSON**<br>AKUREYRI<br>SÍMI 461 5000 | **ORMSSON**<br>HÚSAVÍK<br>SÍMI 464 1515 | **ORMSSON**<br>VÍK-EGILSSTÖÐUM<br>SÍMI 471 2038 | **ORMSSON**<br>PAN-NESKAUPSTAÐ<br>SÍMI 477 1900 | **ORMSSON**<br>ÁRVIRKINN-SELFOSSI<br>SÍMI 480 1160 |

450 milljónir barna munu líða fyrir næringarskort og 300 deyja á klukkustund:

# Þroskast ekki vegna vannæringar

**VELFERÐARMÁL** 300 börn deyja á hverri klukkustund vegna vannæringar. Ef stjórnvöld í heiminum fara ekki að standa við skuldbindingar um að sporna við matvælakreppu má áætla að 450 milljónir barna muni líða fyrir andlegan og líkamlegan vanþroska vegna vannæringar á næstu fimmtán árum. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Barnaheilla – Save the Children um vannæringu barna. Skýrslan kemur út í dag.

Vannæring er undirliggjandi ástæða þriðjungs alls barnadauða í heiminum, en henni hefur ekki verið veitt sama athygli eða fjármagn og aðrar orsakir barnadauða, eins og alnæmi og malaría.

Barnaheill – Save the Children hvetja í skýrslunni þjóðarleiðtoga til að grípa til nokkurra aðgerða til að takast á við vandamálið, meðal annars að koma á raunhæfri aðgerðaáætlun og fjárfesta í félagslegum aðgerðum sem ná til þeirra fjölskyldna sem verst eru settar. **- þeb**

## Halda málþing á Facebook

Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra mun í dag lýsa yfir stuðningi íslenskra stjórnvalda við sameiginlega yfirlýsingu félagasamtaka um allan heim um hvernig skuli binda enda á hungur í heiminum.

Þá verður vannæring barna á dagskrá á málþingi sem haldið verður á Facebook í dag klukkan tvö. Viðburðurinn heitir Málþing á Facebook – Af hverju eru milljónir barna í heiminum vannærð?

Fasteignamarkaðurinn:

# 90 samningum þinglýst á viku

**FASTEIGNAMARKAÐUR** Alls var 90 kaupsamningum þinglýst á höfuðborgarsvæðinu á milli þriðja til níunda febrúar.

Á vef Þjóðskrár segir að 63 samningar hafi verið um eignir í fjölbýli, þrettán um sérbýli og fjórtán um aðrar eignir en íbúðarhúsnæði. Heildarvelta var 2.527 milljónir króna og meðalupphæð á samning 28,1 milljón króna. Þetta er svipað og á sama tíma í fyrra. Þremur kaupsamningum þinglýst á Suðurnesjum, fimmtán á Akureyri og átta á Árborgarsvæðinu. **- þj**

**KJÖRKASSINN**



*Kaust þú í símakosningu Eurovision?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 24,4% |
| NEI | 75,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hélst þú upp á Valentínusardaginn með einhverjum hætti?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is.



**VIÐURKENNING VEITT** Forseti Íslands afhenti Vilhjálmi verðlaunin á Bessastöðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fékk nýsköpunarverðlaun:

# Reiknar hættu á hjartaáföllum

**VÍSINDI** Vilhjálmur Steingrímsson læknanemi hlaut Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands í gær.

Vilhjálmur vann að áhættureikni sem aðstoðar við mat á áhættu á hjarta- og kransæðasjúkdómum hjá öldruðum. Áhættureiknirinn gefur tækifæri til markvissra forvarna.

Það var mat dómnefndarinnar að verkefni Vilhjálms hefði alla eiginleika til að bera. Það gæti leitt til nýsköpunar, hagnýtingarmöguleikar þess væru miklir og það stuðlaði að samstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja. **- þeb**

Skattahækkanir hækka lán:

# Lánin 23 milljörðum hærri

**ALÞINGI Skattahækkanir ríkisstjórnarinnar og gjaldbreytingar hafa hækkað verðtryggð lán íslenskra heimila um 23 milljarða króna frá 1. febrúar 2009 til 1. janúar 2012. Þetta kemur fram í svari efnahags- og viðskiptaráðherra við fyrirspurn Margrétar Tryggvadóttur, þingmanns Hreyfingarinnar.**



**MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR**

**Alls námu verðtryggð lán íslenskra heimila 1.409,6 milljörðum króna í árslok 2011. Verðtryggð lán fyrirtækja námu 282,2 milljörðum króna og hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar hækkað þau um 4,6 milljarða á tímabilinu. Þessar hækkanir þýða 1,63 prósent hækkun á vísitölu neysluverðs. Þá eru ekki talin almenn vörugjöld, en Hagstofan greinir áhrif þeirra á vísitölu ekki með beinum hætti. - kóp**

**SKAGAFJÖRÐUR**

## Vilja inn á samgönguáætlun

Byggðaráð Skagafjarðar segir furðulegt að sveitarfélagsins sé hvergi getið í samgönguáætlun allt til ársins 2022. Ráðið vill endurskoðun á áætlunni enda blasi fjöldi verkefna við.



**JARÐVARMI** Samkvæmt skýrslu stýrihóps iðnaðarráðherra segir að búið sé að virkja um helming af nýtanlegri raforku í vatnsafli og jarðvarma. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Auðlindasjóður og nýting í 25 til 30 ár

**Stofna á auðlindasjóð og leigja orkuauðlindir í 25 til 30 ár samkvæmt orkustefnu Íslands. Auka á vægi endurnýjanlegra orkugjafa. Flutt var inn jarðefnaeldsneyti fyrir 44 milljarða 2010. Gæti hækkað raforkuverð til almennings.**

**ALÞINGI** Oddný G. Harðardóttir, sitjandi iðnaðarráðherra, mælti fyrir heildstæðri orkustefnu Íslands á Alþingi í gær. Þar kemur fram að þegar er búið að virkja helming af nýtanlegri raforku í vatnsafli og jarðvarma.

Skýrslan er unnin af stýrihópi sem iðnaðarráðherra skipaði árið 2009 og var hún lögð fyrir þingið til umræðu í gær. Iðnaðarráðherra mótar síðan endanlega tillögu um orkustefnu Íslands.

Í tillögunni segir að velja eigi orkunýtingu af kostgæfni og með hámarks arðsemi að leiðarljósi. Komið verði á fót sérstökum auðlindasjóði sem bjóði út nýtingarsamninga til ákveðins tíma í senn, 25 til 30 ára „eða eftir eðli hvers virkjunarkosts að teknu tilliti til upphafsfjárfestingar og afskriftartíma“.

Iðnaðarráðherra sagði stefnt að því að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis.

„Þó svo að nær öll raforkuframleiðsla hér á landi eigi uppruna sinn í endurnýjanlegum orkulindum og það sama megi segja um þá orku sem nýtt er til húshitunar, eða um 67%, þá á um 33% af heildarorkunotkun hér á landi uppruna sinn úr jarðefnaeldsneyti, sem nýtt er á fiskiskipaflotann og til samgangna á landi.



**ODDNÝ G. HARÐARDÓTTIR**

Hlutfall endurnýjanlegrar orku í samgöngum hér á landi er innan við 1%.“

Árið 2010 var flutt inn jarðefnaeldsneyti fyrir 44 milljarða króna í gjaldeyri og sagði Oddný því til mikils að vinna í þjóðhagslegum sparnaði ef hægt væri að nota innlenda orkugjafa í stað erlendra.

Skýrslan fjallar einnig um möguleikann á útflutningi raforku um sæstreng. Oddný lagði til, þegar hún fylgdi skýrslunni úr hlaði, að gerð yrði „heildstæð hagkvæmnikönnun á lagningu sæstrengs til Evrópu, þar sem lagt verði mat á samfélagslegan ábata við slíka framkvæmd að frádregnum samfélagslegum kostnaði“.

Stjórnarandstæðingar fögnuðu margir hverjir tilkomu skýrslunnar, en höfðu þó ýmislegt við hana að athuga. Einar K. Guðfinnsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, spurði hvort hún fæli í sér hærra raforkuverð. Hann gaf lítið fyrir þau orð ráðherra að skýrslan væri til umræðu; um gríðarlega mikilvægt mál væri að ræða og ekki hægt að henda fram hálfköruðum hugmyndum.

Nokkur umræða varð um hve mikil orka væri nýtanleg og hve hratt ætti að ganga í nýtingu hennar. **kolbeinn@frettabladid.is**

FÍR
FÉLAG ÍSLENSKRA RAFVIRKJA

**Tilkynning um framboðsfrest til stjórnarkjörs**

*Samkvæmt 32. gr. laga Félags íslenskra rafvirkja skal fara fram allsherjaratkvæðagreiðsla um kjör stjórnar og trúnaðarráðs.*

*Með hliðsjón að framansögðu tilkynnist hér með að framboðsfrestur hefur verið ákveðinn til kl. 12.00 þriðjudaginn 28. febrúar 2012 og ber að skila tillögum ásamt meðmælendum fyrir þann tíma á skrifstofu félagsins.*

*Hverjum framboðslista skulu fylgja skrifleg meðmæli minnst 179 fullgildra félagsmanna*

*Reykjavík 27. janúar 2012.*

*Stjórn Félags íslenskra rafvirkja*

Fagna áhuga sjávarútvegsráðherra á endurbættum fiskmarkaði í Grimsby:

# Knýja á um fullvinnslu hérlendis

**SJÁVARÚTVEGUR** Brýnt er að knýja á um frekari fullvinnslu afla hér á landi, að því er fram kemur í tilkynningu Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda (SFÚ). Skorað er á Steingrím J. Sigfússon sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir því að aðgerðir úr samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarflokkanna til að knýja á um frekari fullvinnslu komist til framkvæmda.

Samtökin segjast um leið fagna þeim áhuga sem Steingrímur hafi sýnt fiskmörkuðum með því að hafa á föstudag verið viðstaddur opnun fiskmarkaðar í Grimsby í kjölfar endurbóta á aðstöðu þar. „Vel á fjórða tug þúsunda tonna



**LÖNDUN** Helsta baráttumál SFÚ er að allur ferskur bolfiskur fari á innlendan fiskmarkað. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

af ferskum bolfiski eru flutt frá Íslandi óunnin ár hvert án þess að íslenskir fiskverkendur hafi raunverulegt tækifæri til að bjóða í hráefnið til jafns við erlenda kaupendur,“ segir í tilkynningu samtakanna og bent er á að um tveir þriðju hlutar fari til Bretlands. „Þar skapast þúsundir starfa við fullverkun hráefnisins með tilheyrandi verðmætaaukningu.“

SFÚ hafa óskað eftir fundum með öllum þingflokkum til að skýra betur sjónarmið sín. Að því er segir í tilkynningu hefur sá fyrsti þegar verið bókaður í þessari viku. Til að skýra betur markmið SFÚ hafa samtökin óskað eftir fundi með öllum þingflokkum og er fyrsti fundur staðfestur nú í viku sjö. **- óká**




## Heitu námskeiðin sem allir eru að tala um

# Hot fitness 35°C

**Fyrir lengra komna!**

Hot fitness er alhliða og krefjandi æfingakerfi með áherslu á styrktarþjálfun, teygjuæfingar og slökun. Þátttakendur fá fræðslu, upplýsingar og aðstoð við að breyta yfir í hreinna og heilnæmara mataræði.

LIFANDI

**Lifandi markaður er samstarfsaðili Hreyfingar á þessu námskeiði og mun veita ítarlega fræðslu um fæðuþáttinn á námskeiðinu.**

Æfingarnar fara fram í heitum sal og æft er með litla bolta sem virka eins og létt lóð. Ólíkt átaksnámskeiðunum er ekki áhersla á vigtun og mælingar heldur er lögð áhersla á vellíðunarþáttinn bæði hvað varðar æfingar og mataræði.

# HD fitness 32°C

Heitt djúpvöðva fitness er 6-vikna námskeið sem hefur slegið rækileg í gegn!
Æfingakerfið fer fram í heitum sal og byggist á rólegum styrktaræfingum ásamt djúpum teygjum. Eingöngu er unnið með eigin líkamsþyngd. Sérstakar áherslur eru á styrkingu djúpvöðva í kvið og baki og djúpar teygjuæfingar sem lengja og styrkja alla vöðva líkamans. Hitinn í salnum auðveldar að ná djúpum teygjum og líkaminn hitnar fljótt og vel.

**Sjáðu umsagnir þátttakenda á www.hreyfing.is**
**Allar nánari upplýsingar um námskeiðin, tímasetningu, verð og skráningu finnur þú á www.hreyfing.is**

Skráðu þig núna í vefverslun Hreyfingar eða í síma 414 4000

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Álfheimar 74
414 4000
hreyfing@hreyfing.is
www.hreyfing.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hvaða trúfélagi stýrir kennarinn Snorri Óskarsson, sem hefur verið sendur í launað leyfi vegna ummæla sinna um samkynhneigð?*
2. *Hvert er Tobba Marinósdóttir að flytja?*
3. *Hver hlaut flest verðlaun á nýafstaðinni Grammy-verðlaunahátíð?*

**SVÖR**

1. Betel 2. Ránargötu í Reykjavík 3. Adele

Vinnumálastofnun birti nýjar tölur um ástand á vinnumarkaði í gær:

# Atvinnuleysi minnkaði lítillega í janúar

**VINNUMARKAÐUR** Atvinnuleysi mældist 7,2 prósent í janúar og lækkaði um 0,1 prósentustig frá því í desember. Þetta kemur fram í nýjum tölum Vinnumálastofnunar um ástand á vinnumarkaði.

Atvinnulausir voru að meðaltali 11.452 í janúar og fækkaði um 308 frá desember. Atvinnulausum körlum fjölgaði um 61 að meðaltali í mánuðinum en konum fækkaði um 369. Þá fækkaði atvinnulausum á höfuðborgarsvæðinu um 313 en fjölgaði um fimm á landsbyggðinni.

Mest atvinnuleysi er sem fyrr á Suðurnesjum, 12,5 prósent, en minnst á Norðurlandi vestra þar sem það er 2,8 prósent. Atvinnuleysi er 7,5 prósent meðal karla en 6,8 prósent meðal kvenna.

Fram kemur í tilkynningu Vinnumálastofnunar að atvinnuleitendum fjölgi yfirleitt nokkuð á milli desember og janúar. Fækkunin nú skýrist aðallega af tvennu.

Annars vegar því að flestir þeirra ríflega 900 einstaklinga sem tóku þátt í námsátakinu „Nám er vinnandi vegur" halda áfram námi í vor og fóru því af atvinnuleysisskrá um áramótin. Hins vegar rann út um áramótin bráðabirgðaákvæði um minnkað starfshlutfall en samstundis afskráðust af atvinnuleysisskrá nærri 500 manns sem höfðu fengið greiddar atvinnuleysisbætur með hlutastarfi.

Þá telur Vinnumálastofnun líklegt að atvinnuleysi aukist í febrúar og verði á bilinu 7,1 til 7,4 prósent. **- mþl**



**GISSUR PÉTURSSON, FORSTJÓRI VINNUMÁLASTOFNUNAR** Meirihluti þeirra 900 sem tóku þátt í námsátakinu „Nám er vinnandi vegur" hélt áfram í námi eftir áramót og fór því af atvinnuleysisskrá. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hreindýraveiðin 2012:

## 3.400 hafa sótt um 1.009 dýr

**VEIÐI** Um 3.400 umsóknir um leyfi til hreindýraveiða höfðu borist til Umhverfisstofnunar í gær. Umsóknarfrestur um hreindýraveiðileyfi rennur út í dag. Umsóknir sem berast eftir að umsóknarfrestur rennur út komast ekki í pottinn.

Heimilt verður að veiða allt að 1.009 dýr í ár. Það er fjölgun um átta dýr frá fyrra ári. Leyft verður að veiða 588 kýr og 421 tarf.

Veturgamlir tarfar eru alfriðaðir og miðast tarfaveiði því við tveggja vetra og eldri tarfa. Óheimilt er að veiða kálfa. **- shá**

Góður markaður fyrir loðnu:

## 5.200 tonn flutt frá Vopnafirði

**SJÁVARÚTVEGUR** Góðir markaðir eru fyrir loðnuafurðir um þessar mundir. Á heimasíðu HB Granda kemur fram að 5.200 tonn af loðnuafurðum hafa verið flutt út frá áramótum á Vopnafirði. Áætlað er að skipa út 13 þúsund tonnum af mjöli og lýsi á fyrsta ársfjórðungi.

Svavar Svavarsson, markaðsstjóri HB Granda, segir vinnslu ganga vel enda loðnan stór og góð. Afskipanir eru hraðar og birgðir litlar. Það er mikilvægt nú þegar loðnuvertíðin er að komast á fullan skrið, eftir að loðnan tók að ganga upp að grunnið við suðaustanvert landið. Miklu skiptir að afskipun séu í samræmi við framleiðsluna, að sögn Svavars. **- shá**

# Treysta Grikkjum ekki til að standa við sparnaðaráform

**Efnahagur Grikklands heldur áfram að versna, þrátt fyrir strangar sparnaðarráðstafanir og fjárhagsaðstoð að utan. Grikkjum ekki treyst til að standa við niðurskurðaráformin. Kínverjar gefa óljós loforð um aðstoð.**

**GRIKKLAND, AP** Efnahagur Grikklands dróst saman um sjö prósent á tímabilinu frá fjórða ársfjórðungi 2010 til fjórða ársfjórðungs 2011. Þetta er meiri samdráttur en reiknað hafði verið með, þrátt fyrir harðan niðurskurð á fjárlögum, skattahækkanir og ýmsar sparnaðarráðstafanir.

Gríska þingið samþykkti nýjustu niðurskurðaráformin á sunnudag, en í dag ætla fjármálaráðherrar evruríkjanna að hittast til að leggja blessun sína yfir þau áform, sem eru skilyrði þess að Grikkir fái 130 milljarða aðstoð frá ESB og AGS.

Kröfurnar, sem ESB og AGS gera til Grikkja, sýna að grískum stjórnvöldum er varla treyst til að standa við fögru áformin um niðurskurð í ríkisfjármálum. Undanfarin ár hefur grískum stjórnvöldum gengið illa að standa við loforð um niðurskurð og hagræðingu. Meðal annars hafa áform um stórfellda sölu ríkiseigna og einkavæðingu ekki skilað þeim tekjum í ríkissjóð sem stjórnin gekk út frá í áætlunum sínum.

Í þetta skiptið vilja því ESB og AGS sjá áþreifanlegar niðurstöður áður en frekari fjárhagsaðstoð er veitt.

Gríska stjórnin vinnur meðal annars hörðum höndum þessa dagana við að ljúka samningum við marga helstu lánardrottna ríkisins, einkum gríska og erlenda einkabanka, um niðurfellingu skulda.

Samdrátturinn og niðurskurðurinn hafa bitnað harkalega á almenningi í landinu, sem er stjórnvöldum ævareiður fyrir að láta undan kröfum Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um niðurskurð.

Um hundrað og fimmtíu fyrirtæki skemmdust illa í óeirðum í Aþenu á sunnudag, meðan gríska þingið var að greiða atkvæði um sparnaðaraðgerðirnar. Tugir þingmanna hættu þetta kvöld stuðningi við ríkisstjórnina og nú hefur verið boðað til kosninga í apríl, þegar Grikkir hafa lokið við að greiða næstu afborganir af ríkisskuldum sínum.

Leiðtogar Evrópusambandsins, þeir Herman van Rompuy, forseti leiðtogaráðs ESB, og José Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar ESB, heimsóttu í gær Wen Jibao, forsætisráðherra Kína. Hann vildi engu ákveðnu lofa um þátttöku Kínverja í fjármögnun stöðugleikasjóðs evruríkjanna, gaf hins vegar almenn loforð um að Kínverjar muni gera sitt til þess að aðstoða evruríkin.

Evrópusambandið hefur hins vegar áður fengið loforð af þessu tagi frá Kínverjum, en efndirnar hafa látið standa á sér.

**gudsteinn@frettabladid.is**




**EFTIRLAUNAÞEGAR MÓTMÆLA** Mikil reiði er meðal almennings í Grikklandi út í stjórnvöld og sparnaðaráform þeirra. NORDICPHOTOS/AFP

www.volkswagen.is




Volkswagen Polo Trendline TDI

**Sparar sig vel**

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum Volkswagen Polo Trendline 1.2 TDI

Das Auto.

Komdu og reynsluaktu Volkswagen Polo

Reynslan er góð!

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt

HEKLA

BK BALDONI KITCHEN FURNITURE

*... eitt hagstæðasta verðið á markaðnum*

Allt að 40% afsláttur

# VANDAÐAR

## HÁGÆÐA ELDHÚSINNRÉTTINGAR



DUCALE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, innfelld handföng

til afgreiðslu af lager



DUCALE
Ljós eik - innfelld handföng



LINE Glerhörð, kámfrí áferð
Hvítt lakkað háglans, höldulaus



COUNTRY Glerhörð, kámfrí áferð
Fulningur - hvítt lakkað, háglans

## AUKAHLUTIR í okkar eldhúsinnréttingar



Búr - útdraganlegt **34.900**



**44.900**
Hálfmáni - útdraganlegt



**39.900**
Töfrahorn - hornskápur

## ÞVOTTAHÚS innréttingar verð frá **58.970**



Djúpar mjúklokandi skúffur og full útdraganleg vinnuborð

Allt að 40% afsláttur

www.i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
*- fyrir þitt heimili*

**Opið** virka daga frá kl. 9-18 • laugardaga kl. 11-15

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



**SÚKKULAÐISKÚLPTÚR** Nemandi við listaháskólann í Zagreb í Króatíu vann að því að búa til höggmynd úr 250 kílóa þungum súkkulaðiklumpi. NORDICPHOTOS/AFP

Skattrannsóknarstjóri svarar gagnrýni formanns Læknafélags Íslands:

# Læknafélagið snýr út úr ummælum

**STJÓRNSÝSLA** Þorbjörn Jónsson, formaður Læknafélags Íslands (LÍ), snýr út úr ummælum staðgengils skattrannsóknarstjóra ríkisins, Gunnars Thorberg, í bréfi til embættisins á föstudaginn. Þetta er mat Bryndísar Kristjánsdóttur skattrannsóknarstjóra sem greint var frá í fréttum Bylgjunnar í gær.

Þorbjörn segir í bréfi til skattrannsóknarstjóra að í ummælum Gunnars í Fréttablaðinu á föstudag hafi falist alvarlegar ásakanir um skattalagabrot allra lækna.

Gunnar sagði að það væri „ekkert sérlega gaman að vita af því að [læknar] séu ekki með sitt á hreinu,“ varðandi núverandi rannsókn embættisins á fjármálum lýtalæknis og hugsanlega fleiri lækna í kjölfarið. Bryndís segir í svarbréfi til LÍ að Gunnar sé augljóslega ekki að vísa til allra lækna í þeim skilningi að skattsvik hvers og eins séu athugunarverð, heldur að þetta einstaka mál bendi til þess að skattskil atvinnugreinarinnar séu ekki án undantekninga í samræmi við lög. Ekki sé því annað séð en LÍ setji annan og jafnvel andstæðan skilning í umrædd orð Gunnars.

Vegna þessa telur Bryndís að engar forsendur séu til að embættið grípi til aðgerða, en LÍ fór fram á að embættið birti leiðréttingu í Fréttablaðinu og á Vísi vegna ummæla Gunnars á föstudag. - sv



**BRYNDÍS KRISTJÁNSDÓTTIR**



**ÞORBJÖRN JÓNSSON**

Flestir ferðast innanlands:

## Tveir þriðju til útlanda í fyrra

**FERÐAMÁL** Um níu af hverjum tíu Íslendingum ferðuðust innanlands í fyrra, samkvæmt könnun sem MMR vann fyrir Ferðamálastofu. Hlutfallið er svipað og síðustu ár.

„Tæplega tveir þriðju aðspurðra ferðuðust til útlanda á árinu 2011, eða 63,3 prósent, en var 56,3 prósent í sambærilegri könnun fyrir ári síðan,“ segir á vef Ferðamálastofu. Ekki munu vera greinanlegar miklar breytingar í ferðaáformum fólks fyrir nýbyrjað ár. Langflestir hafa ferðalög af einhverju tagi á stefnuskránni. - óká



**SAYEEDA WARSI** Ummæli hennar hafa vakið umtal í Bretlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Breskur ráðherra:

## Vill verjast herskáu trúleysi

**BRETLAND, AP** „Ég óttast að herská veraldarhyggjuvæðing sé að ná völdum í þjóðfélögum okkar,“ segir Sayeeda Warsi, ráðherra í bresku ríkisstjórninni, og hvetur til þess að trúin fái að gegna stærra hlutverki í stjórnmálum.

„Evrópa þarf að öðlast meiri fullvissu um kristna trú,“ segir hún. Ummæli hennar hafa vakið töluvert umtal í Bretlandi.

Hún er múslími og barónessa, hefur ævilangt sæti í öldungadeild þingsins, er annar tveggja framkvæmdastjóra breska Íhaldsflokksins og hefur óskilgreint ráðherraembætti í ríkisstjórn Davids Cameron. - gb

Smábörn hafa verið lasin:

## Flensutilvikum fjölgar enn þá

**HEILBRIGÐISMÁL Inflúensutilvikum sem greinast fjölgar enn, að sögn sóttvarnalæknis. „Og er líklegt að tilfellum haldi áfram að fjölga á næstunni,“ segir á vef Landlæknis. Útbreiðsla flensunnar er sögð mjög svipuð og í fyrravetur.**

**„Inflúensan hefur verið staðfest í öllum aldurshópum og í flestum landshlutum,“ segir þar jafnframt, en flensan hefur öll verið af inflúensu A (H3) stofni. Enn hefur enginn greinst með svínainflúensu (H1N1) eða inflúensu B.**

**Þá segir sóttvarnalæknir nokkuð hafa greinst af RS-veiru og metapneumóveirum í börnum síðustu vikur. „Flest börnin eru eins árs eða yngri.“** - óká

## Vann sambærilegt mál gegn Glitni



Hæstiréttur veitti Vilhjálmi Bjarnasyni aðgang að sambærilegum gögnum frá Glitni í mars í fyrra. Héraðsdómur hafði áður hafnað beiðninni en Hæstiréttur taldi að hann ætti lögvarinna hagsmuna að gæta, enda gæti hann sýnt fram á að hann hefði orðið fyrir einstaklingsbundnu tjóni við fall bankans í október 2008.

Vilhjálmi var þó neitað um upplýsingar um starfslok Bjarna Ármannssonar, fyrrverandi forstjóra, hjá bankanum og sátt milli Bjarna og bankans um 650 milljóna króna endurgreiðslu Bjarna vegna hlutabréfaviðskipta.



**LANDSBANKINN** Slitastjórn bankans hefur neitað Vilhjálmi um gögnin en hann hefur nú farið með málið fyrir dóm. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Krefst upplýsinga um stöðu Landsbankans

**Fjárfestirinn Vilhjálmur Bjarnason hefur höfðað mál gegn gamla Landsbankanum til að fá afhent gögn um eign bankans í sjálfum sér og lán til tengdra aðila. Hyggur á skaðabótamál gegn stjórnendum bankans og Björgólfsfeðgum.**

**VIÐSKIPTI** „Ég vil fá upplýsingar um bréf sem Landsbankinn átti í sjálfum sér, hafði að veði og lánveitingar til þessara félaga,“ segir Vilhjálmur Bjarnason, lektor og fjárfestir, sem hefur höfðað mál á hendur slitastjórn Landsbankans og krefst þess að hún afhendi honum gögn um stöðu bankans fyrir og eftir hrun.

Beiðnin var lögð fyrir Héraðsdóm 31. janúar. Þar fer Vilhjálmur fram á upplýsingar um eign Landsbankans í sjálfum sér og fjölda bréfa í sjálfum sér sem lágu að veði fyrir lánum hans á þremur tilgreindum tímapunktum: 31. desember 2006, 31. desember 2007 og loks daginn sem Fjármálaeftirlitið tók bankann yfir, 7. október 2008.

Þá krefst Vilhjálmur sömuleiðis kröfulýsinga hins fallna banka í þrotabú Björgólfs Guðmundssonar og fjögurra félaga sem voru í hans eigu, Fjárfestingafélagsins Grettis, Samsonar, Samson Global Holding og Samson Properties.

„Að baki þessu býr að ef Landsbankinn hefur verið yfir mörkum um eign í eigin hlutabréfum þá er spurning hvort bankinn hefur verið starfhæfur,“ segir Vilhjálmur. Það geti bakað stjórnendum bankans skaðabótaskyldu gagnvart hluthöfum eins og honum sjálfum. Það sama eigi við ef í ljós komi að reglur um lán til tengdra aðila hafi verið þverbrotnar.

Fram kemur í beiðni Vilhjálms að hann hafi í tvígang sent slitastjórninni bréf vorið 2010 og óskað eftir þessum upplýsingum en hvorugu þeirra hafi verið svarað. Í því síðara hafi komið fram að hann hefði fullan hug á að láta reyna á rétt sinn gagnvart fyrrum stjórnendum bankans og aðaleigendunum, Björgólfi Guðmundssyni og syni hans Björgólfi Thor.

Málið verður tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur á föstudag.

stigur@frettabladid.is

Dómur vegna barnavændis:

## Ekkert tengt samkynhneigð

**DÓMSMÁL „Kynferðislegur áhugi á börnum á ekkert sammerkt með samkynhneigð,“ segir í ályktun frá Samtökunum ´78 í tilefni dóms sem féll í Héraðsdómi Vesturlands fyrir helgi vegna barnavændis.**

**Í málinu var fyrrverandi framhaldsskólakennari dæmdur fyrir að kaupa vændisþjónustu af fjórtán ára dreng og sérstaklega tekið fram að hann hefði átt erfitt með að koma út úr skápnum.**

**Í ályktuninni segir að það sé „mjög varhugavert að tengja erfiðleika við að koma út úr skápnum við þá hegðun sem hér hefur verið dæmt fyrir“.** - sh



**ABRAHAM LINCOLN** Bandaríska flugmóðurskipið fékk íranska fylgd. NORDICPHOTOS/AFP

Íranar minna á sig:

## Bandarískum herflota fylgt

**ÍRAN, AP** Írönsk eftirlitsskip og herþotur fylgdu eftir bandarískum herskipaflota þegar honum var siglt um Hormús-sund í gær með flugmóðurskipið Abraham Lincoln í fararbroddi.

Íranar hafa hótað því að loka sundinu, láti Vesturlönd ekki af refsiaðgerðum og hótunum vegna kjarnorkuáætlunar Írana. Um það bil fimmtungur af allri þeirri olíu, sem seld er í heiminum, er fluttur um Hormús-sund frá olíuframleiðsluríkjum við Persaflóa.

Þrátt fyrir hótanir sínar hafa Íranar til þessa ekki gert neinar tilraunir til að hindra siglingar olíuskipa um sundið. - gb



Ný könnun á hjúskaparstöðu Dana:

# Þriðjungur hefur aldrei gifst

**DANMÖRK** Rétt tæpur þriðjungur Dana yfir 17 ára aldri er ógiftur og hefur aldrei gifst, að því er fram kemur í úttekt dönsku tölfræðistofnunarinnar. Rétt tæpur helmingur er í hjónabandi sem stendur.

Talsverður munur er á hlutfallinu eftir búsetu. Rúmur helmingur Kaupmannahafnarbúa hefur aldrei gifst, en hlutfallið er lægst á Norður-Sjálandi þar sem aðeins um 24% hafa aldrei gengið í hjónaband. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að um 10% fullorðinna Dana eru fráskilin og um 7% eru ekkjufólk. - þj



**Í HNAPPHELDUNA** Um þriðjungur Dana hefur aldrei gengið í hjónaband. Tæpur helmingur er giftur sem stendur.

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is
Spry tyggjó
með 100% xylitoli
Spry minnkar hættuna á tannsteini.
Spry lækkar sýrustig í munni.
Spry styrkir tannglerunginn og seinkar eyðingu hans.
Spry kælir og minnkar munnþurrk.
Spry heldur munninum hreinum.


Fyrir þig í Lyfju



**Á VELLINUM** Golf virðist ein vinsælasta afþreying ferðafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Golfsumarið 2011:

# Þúsundir spila golf á ferðalagi

**FERÐAÞJÓNUSTA** Könnun Ferðamálastofu meðal innlendra ferðamanna sýnir að 12,7% keyptu sér golfhring á ferðalagi um Ísland. Sama könnun sýnir að 90% Íslendinga 18 ára og eldri ferðuðust um landið og því má ætla að 27 þúsund Íslendingar hafi farið í golf á ferðalagi um landið.

Golf er ein mest keypta afþreying á ferðalögum Íslendinga innanlands. Þó hefur þeim sem kaupa sér golfhring fækkað á milli ára.

GSÍ leikur sér með tölur í fréttatilkynningu og áætlar að hópurinn hafi varið 160 milljónum í vallargjöld utan heimaklúbbs. Þá segir að 16,2% karla sem voru á ferðinni á síðasta ári keyptu golfhring, en 9,2% kvenna. - shá

Breytingar hjá Vistor hf.:

# Gunnur tekur við taumunum

**VIÐSKIPTI Gunnur Helgadóttir hefur verið ráðin framkvæmdastjóri Vistor hf., sem vinnur að markaðssetningu á lyfjum, heilsuvöru og dýraheilbrigðisvöru á Íslandi. Hún tekur við starfinu af Guðbjörgu Alfreðsdóttur sem lét af störfum í byrjun árs eftir 35 ár hjá fyrirtækinu. Vistor er dótturfélag Veritas Capital hf. og systurfélag fyrirtækjanna Distica hf., Artasan ehf. og Medor ehf. Hjá Vistor vinna um 60 manns og velta fyrirtækisins í fyrra var um átta milljarðar króna.**

**Gunnur hefur starfað hjá Vistor frá árinu 2003, síðastliðin fimm ár sem markaðsstjóri.** - þsj

Morðmál í Danmörku:

# Grunaða enn haldið sofandi

**DANMÖRK** Kristian Heilmann, sem er grunaður um að hafa orðið starfskonu á sambýli í Viborg að bana í síðustu viku er enn haldið sofandi á sjúkrahúsi vegna meiðsla sem hann hlaut á flóttanum.

Heilmann var vistmaður á sambýlinu, sem hýsir menn með geðræn vandamál, en fór með konunni í bílferð fyrir réttri viku. Leit hófst þegar þau skiluðu sér ekki á settum tíma og fannst lík konunnar daginn eftir illa leikið á víðavangi. Heilmann fannst loks, mikið slasaður eftir bílslys. Hann hefur verið úrskurðaður í fjögurra vikna gæsluvarðhald. - þj



MÁN-FÖS 10-20
LAU 11-18
SKEIFAN • DALVEGUR
SKÚTUVOGUR
ENNEMM / SÍA / NM50569
Endurbótum er nú lokið á Vínbúðinni Dalvegi og við bjóðum ykkur velkomin í nýja og glæsilega búð.
VÍNBÚÐIN
vinbudin.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Seðlabankinn tapar á Kaupþingsláninu:

## Skartgripaafleiða

Hinn 6. október 2008 ákvað Seðlabanki Íslands að lána Kaupþingi 500 milljónir evra, um 80 milljarða króna. Lánið var upphaflega til fjögurra daga og sem veð voru tekin öll hlutabréf Kaupþings í danska bankanum FIH. Í bók Árna Mathiesen „Frá bankahruni til byltingar“ segir að Seðlabankinn hafi „látið Kaupþing hafa allan gjaldeyrisforðann sem þeir voru með hérna heima þannig að það voru engir peningar eftir í Seðlabankanum“. Sigurður Einarsson, þáverandi stjórnarformaður Kaupþings, sagði í Kastljósinu sama dag og lánið var veitt að hann „réttlæti það að við höfum fengið þessa fyrirgreiðslu vegna þess að þetta er mjög öruggt lán. Vegna þess að við stöndum mjög vel og Seðlabankinn er öruggur um að fá þessa peninga til baka […] Ég get sagt það kinnroðalaust“. Davíð Oddsson, þáverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans, sagði daginn eftir í sama þætti að ef lánið fengist ekki greitt þá myndi „Seðlabankinn eignast mjög góðan banka í Danmörku, FIH“. Kaupþing féll þremur dögum síðar. Síðar hefur komið í ljós að FIH bankinn var ekki jafnmikill klettur í hafinu og menn vildu meina. Bankinn þurfti að fá fyrirgreiðslu upp á tæpa 1.100 milljarða króna frá danska ríkinu sumarið 2009.



SKOÐUN

Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Í september 2010 seldi Seðlabanki Íslands FIH, m.a. vegna þess að hann taldi raunverulega hættu á að FIH yrði tekinn yfir af dönskum stjórnvöldum. Við það hefði veð hans í bankanum orðið verðlaust. FIH var, í orði, seldur fyrir 109 milljarða króna. Það virtist því ætla að verða góður hagnaður af þessum viðskiptum. Á borði fékk Seðlabankinn hins vegar um 41 milljarð króna staðgreiddan og afganginn, um 68 milljarða króna, lánaði Seðlabankinn nýjum eigendum fram til loka ársins 2014. Seljendalánið ber enga vexti. Auk þess var samþykkt að allar afskriftir vegna eigna sem voru á efnahagsreikningi FIH þegar bankinn var seldur myndu dragast frá láninu. Að lokum var ákvæði um að ef rúmlega helmingshlutur sem FIH á óbeint í skartgripaframleiðandanum Pandoru myndi aukast að verðgildi rynni það til Seðlabankans.

Síðan þessi kaupsamningur var gerður hefur FIH afskrifað um 48 milljarða króna, eða um 70% af seljendaláninu. Talið er líklegt að afskriftunum sé ekki að fullu lokið. Í ljós kom að útlán bankans voru fjarri því að vera jafntrygg og af var látið. Það á sérstaklega við um lán til félaga í fasteignarekstri eða byggingariðnaði. Berlingske Tidende sagði í fyrra að FIH hefði verið peningabaukur fyrir áhættufjárfesta í þessum geirum, sem gengu undir nafninu Milljarðamæringaklúbburinn, á meðan bankinn var í eigu Kaupþings. Flestallir meðlimir klúbbsins eru gjaldþrota í dag. Seðlabankinn reiknaði ætlaðan söluhagnað vegna hlutabréfa FIH í Pandoru inn í tilkynnt kaupverð þegar hann seldi bankann. Í því reikningsdæmi var áætlað virði bréfanna við sölu um 26 milljarðar króna. Það er nú um sjö milljarðar króna.

Í dag er því tugmilljarða króna tapstaða á aðkomu Seðlabankans að FIH. Það eina sem gæti lagað þá tapstöðu eitthvað er að bréf í skartgripaframleiðanda hækki gífurlega fram til loka árs 2014. Seðlabankinn á í raun afleiðu sem sveiflast til og frá eftir því hvernig Pandoru gengur að selja skartgripi. Það má vel velta fyrir sér hvort það sé ásættanlegt veðmál fyrir Seðlabanka að taka þátt í.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Stóra manntalsmálið

Nýverið var hér fjallað um fyrirspurn Vigdísar Hauksdóttur á þingi varðandi manntal sem Hagstofan vinnur að. Svar við fyrirspurninni var birt á mánudag og kemur í ljós að manntalið er eitt af grunnverkefnum Hagstofunnar sem hefur tekið slík töl í 100 ár. Þá er manntalið einnig skylduverkefni samkvæmt EES-samningnum og veitti ESB Hagstofunni rúmlega 100 milljóna styrk vegna þess í fyrra. Manntalið tengist hins vegar ekki umsókn Íslands að ESB eins og Vigdís spurði um í fyrirspurn sinni.



### Freklegt inngrip ESB!

Vigdís gerði svarið að umtalsefni á þingi í gær. Hún benti á að ESB væri að styrkja Hagstofuna til þess að telja Íslendinga og íbúðir hér á landi. Þá lýsti hún því yfir alvarleg í bragði að þetta væri inngrip í innanríkismál landsins sem væri hið alvarlegasta mál. Vandséð er að styrkur til hagtölu- og mannfjöldarannsókna, sem svo til öll lönd ráðast í, sé stórmál.

### Reynslubolti hrósar Höllinni

Áður hefur í þessum dálki verið fjallað um áhuga Björns Bjarnasonar, fyrrum ráðherra, á kvikmyndum og sjónvarpsefni. Björn skrifar reglulega um slíkt á vefsíðu sinni og nú síðast um dönsku sjónvarpsþættina Höllina, Borgen, sem RÚV sýnir. Í færslu á sunnudag segir Björn að þátturinn sýni að stjórnmál séu alls staðar á sama veg og virðist sjá í þeim líkindi við reynslu sína úr íslenskum stjórnmálum. Þá bendir hann á nokkur fróðleg dæmi um hörkuna í dönskum stjórnmálum. Orð Björns verða að teljast höfundum þáttanna til hróss enda reynslumikill úr pólitíkinni. Það er þó mögulega varasamt að draga almennar ályktanir út frá þeim enda byggðir á handriti.



magnusl@frettabladid.is

## HALLDÓR




## Bréf til Össurar

Samfélagsmál

Jón Kalman Stefánsson
rithöfundur



Kæri Össur, á hverri klukkustund látast 300 börn af völdum vannæringar í heiminum. Það er eins og hvert einasta barn í 25 leikskólum Reykjavíkur myndi deyja í dag – og þá er nóttin eftir. Vannæring hefur verið kölluð þögli morðinginn, um 2,6 milljónir barna deyja ár hvert af hennar sökum, það eru líklega fimm sinnum fleiri börn en í allri Danmörku.

Svolítið erfitt fyrir okkur að ná utan um þetta, hér er offita og útlitsdýrkun eitt helsta vandamálið, ef eitthvert tímaritið vill selja vel, slær það manneskju upp á forsíðu sem hefur náð af sér 50 kílóum. Það eru hversdagshetjur okkar. Hversdagshetjurnar í Eþíópíu, Pakistan, Bangladess eru þær sem komast í gegnum daginn án þess að deyja úr hungri. 7.200 börn munu ekki komast lifandi gegnum þennan miðvikudag.

Erfitt að ná utan um þessar tölur? Hvað þá þessar: 170 milljón börn eru vannærð í heiminum – tvöfaldur íbúafjöldi Þýskalands – þau hafa aldrei fengið fullnægjandi næringu, þar af leiðandi ekki náð að þroskast eðlilega, hvorki líkamlega né andlega, og eru því á allan hátt vanbúnari að takast á við lífsbaráttuna. Það er grimmilegt að dæma næstum 200 milljón börn til vannæringar, og líka grimmilegur kostnaður fyrir hagkerfi heimsins, hann er áætlaður um 121 milljarður Bandaríkjadala. Össur, ef við bregðumst ekki umsvifalaust við þessu vandamáli, og af öllu afli, þá vex það og fjöldi hinna vannærðu fimmfaldast á næstu 15 árum. Umhyggja okkar fyrir hagkerfi heimsins, þar með eigin buddu, ætti ein og sér duga til að vekja okkur.

Kæri Össur, Ísland er fámennt land, en í þessu máli eru til einfaldar leiðir; hér þarf í raun lítið til að gera mikið. Eina sem þarf er vilji. Þú átt til skaphita, kraft, af hverju nýtirðu það ekki, stígur fram á svið heimsins og gerir Ísland að forystulandi í baráttunni gegn vannæringunni, hinum þögla barnamorðingja? Ég efast ekki um góðan vilja þinn, samúð þína, en hvaða gagn er að góðum vilja, góðum orðum og yfirlýsingum, ef þeim fylgja engar athafnir?

Össur, þetta er kapphlaup við dauðann – 10 börn létust meðan þú last þetta bréf. Við hljótum því báðir að spyrja okkur: Hv aða gagn er að stjórnmálamönnum ef þeir reyna ekki af afli síns hjarta að bjarga lífum barna?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Afstýrum öðru hruni

Fjármál



Heiðar Már Guðjónsson
hagfræðingur

Í grein minni Hrunið 2016 sem birtist þann 11. febrúar hér í Fréttablaðinu fór ég yfir sviðsmynd sem lýsir því hvernig gjaldeyrishöft, eignabóla og röng stefna ríkisstjórnar og Seðlabanka getur leitt til annars efnahagshruns. Mín skoðun er að hver dagur sem líður á meðan ekki er snúið frá rangri stefnu sé þjóðinni afar dýr.

Nú eru meira en þrjú ár liðin frá hruni og atvinnuleysi er enn alltof mikið og fjárfesting í sögulegu lágmarki. Verðbólga er mikil, sem og skuldsetning, vextir háir en það heggur enn mjög í ráðstöfunartekjur heimilanna og ekki bætir stöðugt aukin skattheimta ríkisins stöðuna. Gjaldeyrishöft lama atvinnulífið og brengla verðmyndun þannig að fjármagn leitar ekki í hagkvæmustu not heldur frekar í froðuna sem byggist upp í kringum eignabólur á fastafjármunum, ekki síst húsnæði. Það er nauðsynlegt að bregðast hratt við og rjúfa þennan vítahring. Það verður best gert með því að ráðast gegn höfuðmeinsemdinni, það er gjaldeyrishöftunum.

Margir kaflar hafa verið skrifaðir í hagfræði um hvernig sé best að afnema gjaldeyrishöft, eftir gengisfall og fjármálakrísu. Seðlabankinn er með „áætlun“ sem því miður er meingölluð og gengur út á það helst að leysa úr snörunni óábyrga erlenda lánardrottna sem áttu stóran þátt í hruninu. Til þess ætlar Seðlabankinn, fyrir hönd okkar Íslendinga, að eyða miklum tíma og fjármunum þar sem þjóðin endar með reikninginn, skattpínd innan gjaldeyrishafta eins og lýst var í sviðsmyndinni í minni fyrri grein.

Áætlun og framkvæmd afnáms gjaldeyrishafta er ein mikilvægasta efnahagsaðgerð Íslandssögunnar, þar verðum við að hafa hraðar hendur og hafa skynsemi og þor í að velja einföldustu og bestu leiðina. Hún er að afnema gjaldeyrishöft með því að taka upp alþjóðlega mynt, einhliða. Með því vinnst margt:

- Afnám gjaldeyrishafta hefur alltaf leitt af sér innstreymi fjármagns, ekki útstreymi þar sem þessi leið hefur verið farin
- Hagvöxtur tekur strax við sér því fjárfesting í hagkerfinu eykst mjög hratt
- Alþjóðleg fyrirtæki setja upp útibú eða kaupa innlenda starfsemi á sviði banka, trygginga, olíudreifingar, á matvörumarkaði og víðar, sem eykur samkeppni og bætir hag neytenda
- Verðtrygging fellur niður, því hennar er ekki þörf þegar alþjóðleg mynt er annars vegar
- Vextir lækka mjög hratt, á nokkrum misserum, ekki árum, að því sem gerist í viðkomandi mynt á alþjóðlegum markaði
- Afkoma ríkis batnar, bæði vegna lægri vaxta og aukinna tekna með hagvexti, og forsendur eru til þess að lækka skatta

Allt þetta eykur strax ráðstöfunartekjur heimilanna. Verðtrygging hverfur, vextir lækka, atvinna eykst, skattar lækka og samkeppni á markaði skilar lægra verði. En það sem mestu skiptir er að ónýtri peningastjórn er skipt út fyrir alþjóðlega viðurkennda mynt. Það hefur í för með sér að Ísland er aftur opið land, þar sem ekki þarf að sækja um leyfi til þess að eiga alþjóðleg viðskipti eða t.d. fyrir farareyri erlendis. Með því er tryggt að íslenska krónan getur ekki vaxtapínt almenning né búið til þær eignabólur og kreppur sem fylgt hafa henni um árabil.

Í hagfræði er alkunna að ekkert fæst ókeypis. Kostnaðurinn við að afsala sér sjálfstæðri peningastjórn er sá að ekki er hægt að prenta peninga í eigin mynt og þar með verðfella þá t.d. til að bjarga bönkum. Miðað við nýafstaðna reynslu heimsins af slíku myndu líklega margir segja að þetta væri kostur, en ekki galli á því að skipta út mynt. Bankar þurfa þá að standa undir sjálfum sér og geta ekki velt reikningum yfir á almenning. Eins er það svo að gengisfelling eða verðbólga getur á stundum létt undir hjá einhverjum atvinnugreinum eða hópum, en skaðar yfirleitt meginþorra almennings. Ríkið þarf þá líka að sýna meiri ráðdeild og getur ekki rekið sig með fjárlagahalla. Fjárlagahalli í dag er skattar á morgun, þannig að slík ráðdeild ætti að auka hagsæld til lengri tíma, það er þá ekki verið að ganga á hag framtíðarkynslóða.

Að skipta út myntinni tekur innan við 3 mánuði. Ísland getur þess vegna valið hvaða dagsetningu sem er, t.d. 30. júní 2012. Hægt er að taka upp evru, dollar eða Kanadadollar en við vitum að Kanada er mjög vinsamlegt í garð þess að við tökum upp mynt þeirra. Sú mynt er talin einhver sú traustasta í heiminum í dag, því náttúruauðlindir landsins eru gríðarlegar og framleiðsla þess mjög svipuð því sem gerist á Íslandi.

Áhætta af einhliða upptöku er lítil þar sem hægt er að hafa tímabundin höft á fjármagnsflutningum þar til bankar eru farnir að geta fjármagnað sig erlendis í sinni nýju heimamynt. Dæmin sýna að endurhverf viðskipti og sértryggð fjármögnun íslenskra banka yrðu strax auðveldari ef eignir þeirra væru í viðurkenndri mynt í stað íslensku krónunnar undir gjaldeyrishöftum. Þetta, auk þess trúverðugleika sem ný mynt gefur landinu og atvinnulífinu, mun gera aðlögun að afnámi allra hafta skjótvirka.

Andstæðingar einhliða upptöku segja oft að sú leið sé of dýr og láta þar með að því liggja að aðrar leiðir séu ódýrari. Í því felst sú ranga forsenda að það sé til dæmis ókeypis að vera með gríðarlegan gjaldeyrisforða að láni til þess að styðja stefnu um afnám gjaldeyrishafta sem á endanum er dæmd til að mistakast með miklum skaða fyrir íslenska atvinnuvegi og á endanum allt hagkerfið. Einnig er það í besta falli óskhyggja að halda því fram að aflétting gjaldeyrishafta í gegnum þátttöku í Efnahags- og myntbandalaginu (EMU) verði ókeypis.

Í fyrsta lagi munum við þurfa að bíða í yfir áratug eftir þeirri lausn með tilheyrandi skaða af óbreyttu ástandi og í öðru lagi munum við án efa þurfa að fórna umtalsverðum auðlindahagsmunum þjóðarinnar í samningum til þess að komast inn í Evrópusambandið, verði það samstarf og sú mynt ennþá til staðar þegar á hólminn verður komið. Það er hins vegar skiljanlegt að Seðlabankinn vilji ekki skoða einhliða upptöku þar sem sú leið felur í sér að Seðlabankinn er lagður niður. Afnám gjaldeyrishafta með einhliða upptöku er hins vegar ódýrasta leiðin fyrir aðra Íslendinga vegna þess hversu dýr gjaldeyrishöft eru íslenskum þegnum og atvinnulífi.

Í fyrri grein minni, Hrunið 2016, færði ég fyrir því rök að ef ekkert er að gert í peningastjórn þjóðarinnar er líklega annað hrun í uppsiglingu. Ég rita þessar greinar vegna þess að ég lærði af reynslunni frá fyrra hruni að það verður að tala um svona hluti í almennri umræðu á Íslandi. Fyrir hrun byrjaði ég að vara við ójafnvægi og erfiðleikum á Íslandi allt frá árinu 2003 og þá spáði ég því að haustið 2007 myndu eignamarkaðir og krónan gefa mikið eftir við lok stórframkvæmda fyrir austan og þegar alþjóðlegt áhættuálag myndi aukast. Þær viðvaranir mínar náðu þá því miður eingungis til bankastjóra, ráðherra, starfsmanna Seðlabankans og annarra innan fjármála- og embættismannakerfisins. Ég vil því skrifa þessar greinar núna opinberlega fyrir almenning til að auka meðvitund um hætturnar af rangri stefnu og benda á að hægt sé að bregðast við þeim. Við Íslendingar höfum ekki efni á öðru en að bregðast hratt við, afnema gjaldeyrishöft og skipta út ónýtri peningastjórn á þessu ári.

> Afnám gjaldeyrishafta með einhliða upptöku er hins vegar ódýrasta leiðin fyrir aðra Íslendinga vegna þess hversu dýr gjaldeyrishöft eru íslenskum þegnum og atvinnulífi.

# Bless, Jakobína

Menntamál



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir, doktorsnemi í menntunarfræðum, sendir mér kveðju sína í Fréttablaðinu þann 9. febrúar. Í greininni segir hún, að „þekking á málefnum uppeldis og menntunar sé lokuð inni í fílabeinsturnum menntaelítunnar“. Stöku sinnum „geysist hins vegar fram á völlinn leikmenn eins og veðurfræðingar og gamlir stjórnmálamenn með illa ígrundaðar fullyrðingar“. Doktorsnemanum þykir sem sé ekki við hæfi að fólk eins og veðurfræðingar og gamlir stjórnmálamenn tjái sig um menntunarmál. Auk þess segir hún að ég sé hvergi nærri nógu menntaður til þess að geta haft á þeim markverða skoðun. Svona er víst talað úr fílabeinsturnunum. En hvers eiga veðurfræðingar að gjalda?

Samt segir doktorsneminn: „Vissulega er það áhyggjuefni að 25% drengja geti ekki lesið sér til skilnings“. Hún nefnir hins vegar ekki með einu orði hvað beri að gera til þess að ráða bót á því. Þó hún vilji helst meina mér það get ég þó ekki látið hjá líða að nefna aftur hann pabba minn. Hefði Jakobína Ingunn Ólafsdóttir verið kennari hjá honum og ekki náð meiri árangri með bekkinn sinn eftir tíu ára starf en svo að fjórði hver drengur í bekknum hefði ekki getað lesið sér til skilnings hefði hann pabbi minn ekki endurráðið hana til kennslu barna vestur á Ísafirði. Það hefði svo sem verið í lagi. Hún hefði þá bara getað farið í doktorsnám í menntunarfræðum.

Í lokin ræðir doktorsneminn um grunnskólann á síðustu öld. Hún segir: „Eflaust má gera því skóna að hversu vel heppnuð þöggunin var í fyrirhrunssamfélaginu megi rekja til afleits uppeldis í grunnskólum á síðustu öld.“

> Við náum því örugglega ekki saman – enda sitt hvorum megin veggjar fílabeinsturnsins.

Nú sé ég ekki betur af myndinni, sem greininni fylgdi, en að doktorsneminn hafi – rétt eins og ég – hlotið sitt uppeldi í grunnskólum síðustu aldar. Ég er nú þokkalega ánægður með það grunnskólauppeldi sem ég hlaut. Doktorsneminn telur sig hins vegar hafa hlotið þar afleitt uppeldi. Mikið er það nú leiðinlegt. En fólk ber víst uppeldisins merki. Svo er sagt.

Við náum því örugglega ekki saman – enda sitt hvorum megin veggjar fílabeinsturnsins. Bless, Jakobína. Farnist þér vel í þínu námi.

www.meiraprof.is

Farðu ekki án **réttinda** á vinnuvélar til **Evrópu**, vertu klár í allt, heima sem erlendis

**Skjót leið**
til **starfs**menntunar

Réttindanámskeið fyrir stjórnendur vinnuvéla, kláraðu þetta á móðurmálinu ef þú hefur hug á starfi í Evrópu. Hægt er að byrja alla föstudaga kl. 17.30, námið tekur 3 helgar, sjá nánar á heimasíðunni **meiraprof.is** eða hringdu í síma 588 45 00

NÁMSKEIÐ SEM GEFA RÉTTINDI UM GJÖRVALLA EVRÓPU



ÖLL ÖKURÉTTINDI - ÖLL VINNUVÉLARÉTTINDI

**Skapaðu þér þitt eigið góðæri**

Námskeið til aukinna ökuréttinda og vinnuvélanámskeiðið gefur aðgang að þúsundum áhugaverðra starfa. Fyrir þá sem ekki eru með umtalsverða framhaldsmenntun er það ekki spurning að afla sér þeirra réttinda sem þessi námskeið veita. Fjöldi fólks með mikla sérmenntun sækir þó þessi námskeið til að eiga möguleika á að komast út frá pappír og tölvum og láta til sín taka á sverum trukkum og öflugum vinnuvélum, þó ekki sé nema í sumarfríum.
Starfsmenn skólans eru með áralanga reynslu í kennslu á þessu sviði og þjálfaðir í að kenna fólki sem að öllu jöfnu hefur skóla ekki efst á vinsældarlistanum. Við starfsmenn skólans kappkostum að flytja hagnýtan fróðleik sem kemur nemendum og vinnuveitendum þeirra ( og öllum vegfarendum ) að gagni alla daga. Við kennararnir trúum líka á líf **fyrir** dauðann og leggjum okkur fram um að námið sé ekki bara hagnýtt, heldur einnig skemmtilegt.
Ekki bíða eftir tíma til að framkvæma þetta sem þú hefur hugsað lengi um, það er annað orð yfir aldrei. Búðu tímann til, stattu með sjálfum þér og byrjaðu strax. Við fögnum því að fá að hitta þig og að fá þannig tækifæri á að auka árangur þinn í lífinu.

NÝI ÖKUSKÓLINN

KLETTAGÖRÐUM 11 ( et-húsinu ) REYKJAVÍK

ALLAR FREKARI UPPLÝSINGAR Í SÍMA 588 45 00



# Alvarleiki kynferðisbrota gegn börnum – er samræmi í löggjöfinni?

Kynferðisbrot
Svala Ísfeld Ólafsdóttir
dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík



Róbert Spanó, forseti lagadeildar HÍ, gerir dóm Hæstaréttar frá 19. janúar sl. (mál nr. 562/2011) að umfjöllunarefni í Fréttablaðinu 7. feb. Í því máli fellst dómurinn á að karlmaður hafi gerst sekur um nauðgun er hann kom fram kynferðislegum vilja sínum gagnvart 7-8 ára gamalli telpu. Maðurinn, sem var fjölskylduvinur og tæplega fjörutíu árum eldri en telpan, notfærði sér yfirburði sína og varnarleysi ungs barns til að brjóta gegn því.

Hér er brotið blað í meðferð þessara mála því fram til þessa hefur ekki verið litið svo á að verknaður framinn við aðstæður sem þessar og með þessum hætti væri nauðgun. Til að svo gæti verið hefur ávallt þurft að sanna að ofbeldi hafi verið beitt, ólögmætri nauðung eða sviptingu sjálfræðis. Nú virðist sem Hæstiréttur leggi aldursmun, þroskamun og aðstöðumun að jöfnu við framantalið, en í dóminum segir orðrétt: „Vegna ungs aldurs síns var brotaþoli varnarlaus gagnvart ákærða sem átti alls kostar við hana og notfærði sér yfirburðastöðu sína til að koma fram kynferðislegum vilja sínum gagnvart henni, en í þeirri háttsemi fólst ofbeldi af hans hálfu.“

Það gefur augaleið að ungt barn í aðstæðum sem þessum er ekki í aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér. Börn treysta almennt hinum fullorðnu og gera eins og þeir bjóða. Með því að fella verknað af þessu tagi undir nauðgun er búið að staðfesta enn frekar hversu alvarlegum augum ber að líta á kynferðislega misnotkun ungra barna og staðfesta að um kynferðisofbeldi er ræða. Aldrei er hægt að líta svo á að barn samþykki athafnir af þessu tagi og gangi sjálfviljugt til þeirra.

Í þessu samhengi er rétt að rifja upp að árið 2007 voru samþykkt lög á Alþingi sem m.a. kváðu á um að alvarlegustu kynferðisbrotin gegn börnum skyldu ekki fyrnast. Samkvæmt lögunum voru þessi alvarlegustu kynferðisbrot gegn börnum nauðgun (194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940), sifjaspell (1. mgr. 200. gr. sömu laga) og þau tilvik er aðili, er hefur sérstökum trúnaðarskyldum að gegna gagnvart barni, hefur kynferðismök við það (1. mgr. 201. gr. sömu laga). Var talið eðlilegt að svo skaðlegir verknaðir sem beindust gegn hópi minnimáttar fyrndust ekki.

Í þessu ljósi má velta fyrir sér hvers vegna þessi sömu brot geta samkvæmt almennum hegningarlögum að hámarki varðað 12 ára fangelsi, en ekki 16 ára fangelsi eins og afbrotið nauðgun, sem og það brot að hafa kynferðismök við barn undir 15 ára aldri (1. mgr. 202. gr. almennra hegningarlaga). Löggjafinn sýndi glögglega í verki með afnámi fyrningarfrests vegna þessara brota hversu alvarlegum augum brot beri að líta. Þessi viðhorf endurspeglast einnig í dómaframkvæmd sem vitnar um æ þyngri refsingar fyrir brot af þessu tagi og þannig er sýnt og sannað hve alvarlegum augum þeir líta þessa verknaði. Dómur Hæstaréttar sem nefndur er í upphafi er einnig því til staðfestu.

> Það gefur augaleið að ungt barn í aðstæðum sem þessum er ekki í aðstöðu til að bera hönd fyrir höfuð sér. Börn treysta almennt hinum fullorðnu og gera eins og þeir bjóða.

Er ekki tímabært að hámarksrefsing fyrir sifjaspell, sem og þau brot þar sem gerandi hefur kynferðismök við barn, sem hann hefur sérstakar trúnaðarskyldur gagnvart, verði 16 ára fangelsi til samræmis við nauðgunarákvæðið og ákvæðið er leggur refsingu við kynferðismökum við barn yngra en 15 ára? Með þessu myndi hámarksrefsingin endurspegla með skýrum hætti að brotin væru litin jafn alvarlegum augum og nauðgun og kynferðismök við barn undir kynferðislegum lögaldri.

# Forseti – sameiningartákn eða stjórnmálamaður?

Forsetaembættið
Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari



Í nýársræðu tilkynnti Ólafur Ragnar Grímsson að hann ætlaði að láta af starfi forseta Íslands, sagðist eftir að hafa íhugað vandlega ólík sjónarmið varðandi framboðið, að niðurstaðan kynni að hljóma sem þversögn „en er engu að síður sú, að aðstæður þjóðarinnar séu þess eðlis, að ég geti fremur orðið að liði, ef val á verkefnum verður eingöngu háð mínum eigin vilja, óbundið af þeim skorðum sem embætti forsetans setur jafnan orðum og athöfnum“. Síðan segir orðrétt í ræðunni:

„Þegar skyldur þjóðhöfðingjans hvíla ei lengur á mínum herðum fæ ég meira frelsi til að sinna hugsjónum og málefnum, sem hafa lengi verið mér kær, get á annan veg tekið þátt í að efla framfarir og hagsæld, vísindi, rannsóknir og atvinnulíf. Þá munu opnast nýjar leiðir til að styðja baráttuna gegn loftslagsbreytingum og kynningu á hreinni orku, þróa samvinnu á Norðurslóðum og tengsl okkar við forysturíki í öðrum álfum, auka tækifæri unga fólksins og lýðræði í landinu.

Ákvörðun mín felur því ekki í sér kveðjustund heldur upphaf að annarri vegferð, nýrri þjónustu við hugsjónir sem hafa löngum verið mér leiðarljós; frjálsari til athafna en áður og ríkari af reynslunni sem forsetaembættið færir hverjum þeim sem þjóðin kýs. …

Ég færi ykkur, kæru landsmenn, einlægar þakkir fyrir traustið sem þið hafið lengi sýnt mér, Dorrit og Guðrúnu Katrínu; óska hverjum og einum, ykkur öllum farsældar í framtíðinni.“

Ekkert fer hér milli mála. Engu að síður hefur hópur manna skorað á Ólaf Ragnar að sitja enn eitt kjörtímabilið. Fremstur fer Guðni Ágústsson, gamall flokksbróðir, til að tryggja hagsmuni Íslands í umræðunni um aðild Íslands að Evrópusambandinu auk þess sem hópurinn telur engan núlifandi Íslending geta gegnt embætti forseta Íslands annan en Ólaf Ragnar.

Hlutverk forseta Íslands er ekki að vera leiðtogi einhvers afmarkaðs hóps manna eða samtaka. Hlutverk forseta Íslands er að vera sameiningartákn þjóðarinnar, koma fram fyrir hönd hennar allrar án flokkadrátta. Það gerðu forsetar landsins á undan Ólafi Ragnari. Hlutverk misviturra stjórnmálamanna er að berjast fyrir hagsmunum einstakra hópa og tryggja pólitísk völd.

Forseti Íslands á að vera hafinn yfir pólitíska flokkadrætti, hann á að vera vitur maður og menntaður, víðsýnn og umburðarlyndur – og hann á að leitast við af fremsta megni að vera forseti allra Íslendinga – ekki að stuðla að sundrungu þjóðarinnar. Ef skoðun Guðna Ágústssonar og félaga hans reynist rétt, að einungis einn Íslendingur geti gegnt embætti forseta, er best að ganga aftur Noregskonungi á hönd með Nýja sáttmála – og sjá hvað setur næstu 600 sumur.

Landsbankinn kynnir græna bílafjármögnun

**Landsbankinn býður** betri kjör á fjármögnun á grænum bílum – 8,55% breytilegir óverðtryggðir vextir og ekkert lántökugjald.



# Kópavogskrónikan heldur áfram

Stjórnmál

Guðríður Arnardóttir
bæjarfulltrúi



Oddviti Næstbesta flokksins fer mikinn í fjölmiðlum í kjölfar brotthvarfs síns úr fráfarandi meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs. Hann víkur sér undan ábyrgð og skellir skuldinni á aðra og þá helst undirritaða. Honum er mikið í mun að klína á mig stimpli valdagræðgi og sverta mannorð mitt þannig að ósekju.

**Samstarf flokkanna fjögurra var sannarlega flókið**

Eftir kosningar vorið 2010 var okkur í Samfylkingunni mikið kappsmál að mynda meirihluta í bæjarstjórn Kópavogs án þátttöku fyrri meirihlutaflokka. Einungis þannig gætum við breytt vinnubrögðum í stjórnsýslunni til betri vegar frá því sem áður var. Eins og kunnugt er var það ófrávíkjanleg krafa Lista Kópavogsbúa að bæjarstjóri yrði ópólitískur. Það var og er ekkert launungarmál að á þeim tíma höfðu aðrir í þeim meirihluta aðra skoðun, líka fulltrúi Næstbesta flokks. Niðurstaðan varð samt sem áður sú að ganga að kröfum Lista Kópavogsbúa frekar en leita samstarfs t.d. við Framsóknarflokk. Ef það hefði verið mitt helsta markmið á þeim tíma að verma bæjarstjórastólinn þá stóð það vissulega til boða, ég valdi hins vegar aðra leið. Samstarf flokkanna fjögurra var sannarlega flókið og ekki alltaf auðvelt. Rauði þráðurinn í samstarfi okkar voru þó bætt vinnubrögð og betri stjórnsýsla. Innan okkar raða var oftast einhugur um öll mál.

**Miklar kröfur gerðar til þess sem gegnir starfi bæjarstjóra**

Bæjarstjóri situr í umboði kjörinna fulltrúa og þeir bera ábyrgð á störfum hans. Gerðar eru miklar kröfur til þess sem gegnir starfi bæjarstjóra. Hann þarf að vera vakinn og sofinn í vinnunni, vera trúr þeim sem hann vinnur fyrir og fylgja vel eftir ákvörðunum bæjarstjórnar. Það er mikilvægt að hans störf og embættisfærslur séu hafin yfir allan vafa. Þetta er vel launað starf einmitt vegna þessara ríku krafna sem til hans eru gerðar. Það hefur verið ljóst í nokkurn tíma að bæjarstjóri náði ekki utan um þetta erfiða og flókna starf sem æðsti embættismaður stjórnsýslu Kópavogs. Nokkrir fundir voru haldnir í meirihlutanum á síðustu mánuðum þar sem störf bæjarstjóra voru rædd. Það hefur ekki verið ágreiningur um það innan meirihlutans að rétt hafi verið að skipta um bæjarstjóra.

> Það voru mistök að rita ekki fundargerðir á þeim fundum þegar störf bæjarstjóra voru rædd.

**Samkomulag um ópólitískan bæjarstjóra**

Eins og Hjálmar benti réttilega á ítrekaði ég það sérstaklega að ég sæktist ekki eftir því að taka við starfi bæjarstjóra á fundi í september þegar framtíð bæjarstjórans var rædd innan meirihlutans. Ég lýsti því einnig yfir í hádegisfréttum RÚV þann 16. janúar að ég teldi það ekkert endilega heppilegt í ljósi aðstæðna að ég yrði sú sem tæki við. Á umræddum fundi þann 12. janúar var framhaldið rætt lítillega, þ.e. hver tæki við starfi bæjarstjóra. Á þeim fundi hélt oddviti VG þeirri skoðun sinni á lofti að næsti bæjarstjóri yrði að vera pólitískur, einungis þannig myndum við ná tökum á stjórnsýslu bæjarins. Á þeim fundi tjáði ég mig ekkert um málið. Ég hef aftur á móti ekki skorast undan þeirri ábyrgð að taka að mér verkefnið en aftur og ítrekað, hef ég aldrei gert það að kröfu minni. Á sunnudeginum 15. janúar hittist meirihlutinn og var sameiginleg niðurstaða þess fundar að leita að bæjarstjóra utan okkar raða.

**Hjálmar skipti um skoðun**

En eins og svo oft áður skipti Hjálmar um skoðun á milli funda og gekk út úr meirihlutanum tveimur dögum seinna án þess að um nokkurn ágreining væri að ræða. Undangengin fjölmiðlaumfjöllun hafði reynt mikið á okkur og að okkur var sótt af fjölmörgum aðilum utan okkar raða og þá ekki hvað síst pólitískum andstæðingum sem sáu sér leik á borði að reka fleyg í okkar raðir. Það er alltaf erfitt að segja upp starfsfólki og ömurlegt að standa frammi fyrir því að verða sagt upp. Reiði og tortryggni er eðlilegur fylgifiskur. Ég minnist þess ekki að mikið fjaðrafok hafi verið innan okkar raða þegar 13 starfsmönnum bæjarins var sagt upp fyrir rúmu ári síðan vegna hagræðingar. Starfsmenn sem höfðu ekkert til saka unnið og almennt staðið sig vel í starfi. Bæjarstjóri var þó í samningi sínum tryggður í bak og fyrir og gat tekið við starfi áþekku sínu gamla starfi. Ég hafði fullt umboð til að nefna það við hana hvað sem Hjálmar segir nú þar sem ráðningarsamningur bæjarstjóra kveður á um að hún geti gengið að sínu fyrra starfi láti hún af störfum sem bæjarstjóri.

**Hjálmari er tíðrætt um trúnaðarbrest**

Það er rétt að einn fulltrúi okkar hóps hafði verið í sambandi við fulltrúa Framsóknarflokks með hugsanlegt samstarf í huga. Sjálfur lagði Hjálmar það til í desember að Framsóknarflokki yrði boðið inn í meirihlutann og hann þannig styrktur. En það var niðurstaðan að samstarf þessara fjögurra flokka héldi áfram út kjörtímabilið þótt einn og einn villikóttur ýfði sig af og til. Þannig er það nú bara, við erum öll misjöfn og langt því frá fullkomin.

**Við höfum öll gert mistök**

Það voru mistök að rita ekki fundargerðir á þeim fundum þegar störf bæjarstjóra voru rædd. Ég gerði klárlega mistök að ganga ein á fund bæjarstjóra að ræða hennar starfslok. Eftir á að hyggja hefðum við átt að hitta hana fjögur, oddvitar allra flokka. Þannig hefði enginn getað vikið sér undan ábyrgð. Ég gerði mistök þegar ég lagði til að bæjarstjóri Kópavogs yrði valinn úr röðum starfsmanna. Þá hefði ég átt að vita að það myndi reynast okkur erfitt að gera kröfu um breytt vinnubrögð með starfsmann bæjarins til áratuga í brúnni. Ég gerði mistök þegar ég lét Hjálmar Hjálmarsson ganga út úr meirihlutanum án þess að leggja mig meira fram um að leiða honum fyrir sjónir hverjar afleiðingar þess gætu orðið og ég gerði mistök að treysta fólki sem var ekki traustsins vert.

Þetta var dýrkeypt fyrir Kópavog. Gamli meirihlutinn sem við lögðum öll kapp á að fella er nú kominn til valda aftur. Meirihluti sem vann það ótrúlega afrek að hækka skuldir bæjarins um tuttugu milljarða frá 2006 -2008. Hann nýtti sér þá upplausn sem varð í okkar röðum sér í hag. Ég skorast ekki undan ábyrgð en ég axla hana ekki ein, við vorum sex í gamla meirihlutanum. Hjálmar á sinn þátt í því hvernig fór.

## AF NETINU

**Vinstri stjórnin græðgisvæðir auðlindirnar**

Með hjálp lífeyrissjóða heldur Magma-braskið með HS Orku áfram. Ríkisstjórnin, sem hafði lofað að „vinda ofan af“ græðgisvæðingu orkuauðlindanna hefur milligöngu um að peningar almennings í lífeyrissjóðum verði notaðir til að fleyta HS Orku á markað. Markaðsvæddar orkuauðlindir leiða ávallt til þess að almenningur er blóðmjólkaður og því meira sem einokunarstaðan er sterkari.
Til hvers að hafa vinstristjórn sem fattar ekki grundvallarlögmál markaðseinokunar?

http://pallvil.blog.is
**Páll Vilhjálmsson**

**Réttur Snorra til rangra skoðana?**

Ég hef hikað við að tjá mig um orð Snorra Óskarssonar og viðbrögð bæjaryfirvalda á Akureyri við þeim. Ástæðan er ekki að ég hafi ekki skoðanir á þeim, heldur vegna þess hversu eldfimt þetta mál er.
Ég hef verið hrædd við að skoðanir mínir séu hugsanlega ekki í samræmi við pólitískan rétttrúnað.
Ég er nefnilega ósammála bæði Snorra og bæjaryfirvöldum á Akureyri. Ég tel samkynhneigð ekki vera synd, ekki frekar en að vera með stór eyru eða stuðningsmaður L-listans.
Ég velti hins vegar fyrir mér hvort trú kennara og skoðanir þeirra eigi að vera tilefni til brottrekstrar.
Hlýtur ekki eitthvað meira að þurfa að koma til?

http://blog.eyjan.is
**Eygló Harðardóttir**




Græn bílafjármögnun

Grænir bílar eru skilgreindir sem bílar með minnsta mögulegan útblástur sem eru flokkar **A**, **B** eða **C** og losa 0-120 g af koltvísýring á hvern ekinn kílómetra.

Stefna Landsbankans um samfélagslega ábyrgð hefur sett bankanum þau markmið að tengja starfshætti sína við efnahags-, samfélags- og umhverfismál.

8,55% vextir
Ekkert lántökugjald

Þessi kjör gilda til 1. mars.

Skilmála, gjaldskrár og nánari upplýsingar má finna á landsbankinn.is eða hjá Bíla- og tækjafjármögnun Landsbankans í Sigtúni 42.

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4800

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**JANICE DICKINSON**, fyrirsæta og leikkona, er 57 ára í dag.

*„Ég er háð lýtaaðgerðum.“*



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jónína S. Einarsdóttir**

Norðurbrún 1,

lést föstudaginn 10. febrúar. Jarðarförin auglýst síðar.

**Guðgeir Einarsson** **Sjöfn Stefánsdóttir**
**Sólrún Einarsdóttir**
**Sigrún Einarsdóttir** **Hallur Kristvinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær vinur okkar, eiginmaður, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Magnús Þórarinn Daníelsson**

skipstjóri, Mávatjörn 17, Njarðvík,

fórst með Hallgrími SI-77 þann 25. janúar sl.
Minningarathöfn fer fram í Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 14.00.
Þeim sem vilja minnast hans er bent á að láta Slysavarnaskóla sjómanna njóta þess.

**Eyrún Sveinbjörg Jónsdóttir**
**Jón Ragnar Magnússon** **Edda Svavarsdóttir**
**Jenný Þórkatla Magnúsdóttir** **Arnar Svansson**
**Bryndís Harpa Magnúsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Sigrún S. Hafstein**

lést miðvikudaginn 8. febrúar á Landspítalanum, Fossvogi.
Útför hennar fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á að láta björgunarsveitir landsins njóta.

**Stefán Jón Hafstein** **Guðrún K. Sigurðardóttir**
**Þórunn Júníana Hafstein**
**Sigrún Soffía Hafstein** **Snæbjörn Jónsson**
**Hildur Björg Hafstein** **Stefán B. Mikaelsson**
**Hannes Júlíus Hafstein** **Hrafnhildur B. Haraldsdóttir**
**og barnabörn**


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Vaktsími: 581 3300 & 896 8242
www.utforin.is





Allan sólarhringinn Sverrir Einarsson Kristín Ingólfsdóttir Hermann Jónasson

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is Símar: 565 5892 & 896 8450


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**

**ÞETTA GERÐIST:** 15. FEBRÚAR 2005

## *YouTube hefur göngu sína*



Hin geysivinsæla YouTube-vefsíða fór í loftið á þessum degi fyrir sjö árum. Á síðunni geta notendur hlaðið inn, horft á og deilt myndböndum.

YouTube-síðan var stofnuð af þremur fyrrum starfsmönnum greiðslusíðunnar PayPal, þeim Chad Hurley, Steve Chen og Jawed Karim. Höfuðstöðvar fyrirtækisins eru í borginni San Bruno í Kaliforníuríki.

Tímaritið Time valdi YouTube nýjung ársins 2006. Í nóvember það sama ár keypti Google YouTube fyrir hlutabréfaeign í Google að verðmæti 1,65 milljarðar Bandaríkjadollara.

Mörg dæmi eru um að höfundarréttur hvíli á því efni sem sent er inn á YouTube-síðuna, til að mynda tónlistarmyndbönd. Við þessu er reynt að bregðast með að fjarlægja slíkt efni sem finnst, en ógerningur er að halda öllu óæskilegu efni frá síðunni. YouTube hefur meðal annars dregið úr fjölda þessara tilfella með því að gera samning við stór útgáfufyrirtæki um að birta tónlistarmyndbönd þeirra á vefnum til kynningarauka.

HJÓLALEIÐIR Á ÍSLANDI: HALDA MÁLÞING UM TÆKIFÆRI Í HJÓLAFERÐAMENNSKU

# Vilja hjólaleiðir heim í hérað

„Þróunin sem á sér stað í þessum málum hér á landi er mjög skemmtileg. Við getum horft aftur til ársins 2009, þegar breski Íslandsvinurinn Tom Burnham, sem er sérfræðingur í hjólaferðamennsku í dreifbýli, hélt morgunfund á Hótel Sögu. Þá héldum við að enginn væri að hjóla á Íslandi en það var pakkfullur salur og allt að gerast,“ segir Sesselja Traustadóttir, verkefnastýra Hjólaleiða á Íslandi, samvinnuverkefnis fjölmargra aðila sem á einn eða annan hátt koma að uppbyggingu og skipulagi hjólaleiða á Íslandi. Markmið verkefnisins er að skipuleggja og byggja upp heildrænt hjólaleiðanet um Ísland, með upplýsingum um þjónustu við hjólreiðamenn og stendur samstarfshópurinn fyrir málþingi í sal Eflu verkfræðistofu 24. febrúar næstkomandi.

Tækifæri í hjólaferðamennsku á Íslandi er yfirskrift málþingsins, þar sem meðal annars verður rætt um stöðuna á Íslandi í dag í þessum málum og hvað þarf að gera til að nýta þau tækifæri sem í boði eru. Á meðal fyrirlesara eru téður Tom Burnham, sem fjallar um hjólalandið Ísland, og Jens Erik Larssen, sem hefur unnið ötullega að uppbyggingu hjólaferðamennsku í Danmörku og einnig að EuroVelo-verkefninu, sem er Evrópunet hjólaleiða.

„EuroVelo er risavaxið verkefni sem hefur verið að mótast innan Evrópusambandsins,“ segir Sesselja og útskýrir að um sé að ræða þróun og merkingar fjórtán hágæða hjólaleiða sem tengja saman meginlandið. „Lengsta leiðin er frá Nordkap í Noregi og alla leið suður til Möltu. Sjálf var ég inni á einni leiðinni þegar ég hjólaði frá Kaupmannahöfn til Berlínar í sumar og auðvitað eigum við Íslendingar að vera með í þessu verkefni. Til að mynda eru hugmyndir uppi um að búa til nýja hjólaleið sem gæti þess vegna byrjað í Reykjavík. Svo yrði tekinn smá hringur í Færeyjum, Bergen, Ósló, Helsinki og endað í Moskvu. Þetta er framtíðarmynd sem gæti skipt máli, en það má ekki vanmeta þörfina á að búa til hjólaleiðir til að komast út úr Reykjavík. Það virðist allt hjólafólk sammála um. Það er hrikalegt að komast ekki upp á Kjalarnes, til Hveragerðis og Keflavíkur.“



**VERKEFNISSTÝRA** Á málþinginu verður meðal annars rætt um EuroVelo-verkefnið sem gengur út á þróun hjólaleiða sem tengja saman Evrópulöndin. Sesselja Traustadóttir telur að Ísland eigi að taka þátt í verkefninu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Auk ofantalinna mun fjöldi íslenskra fyrirlesara miðla þekkingu sinni og meðal annars segja frá hjólaleiðum við Mývatn, skipulagi leiða og því hvernig hjólaferðamennska gengur á Íslandi. Sesselja segir eitt helsta baráttumálið að fá hjólaleiðir heim í hérað. „Það virkar svo hvetjandi fyrir fólk að fara í dagshjólaferðir í stað þess að fara á jeppanum og fá sér ís í Hrafnagili. Kannski þurfum við að fara að huga að því að opna landið okkar, passa upp á að ekki sé gaddavír út um allt í sveitum landsins. Þeir sem fara á eigin orku, gangandi og hjólandi, eiga að geta komist um án þess að lenda í stríðsástandi,“ segir Sesselja.

Skráning á málþingið stendur til hádegis 23. febrúar á vefsíðunni http://lhm.is/taekifaeri2012.

**kjartan@frettabladid.is**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Íris Jónsdóttir**

Arnartanga 35, Mosfellsbæ,

lést á Landspítalanum Fossvogi laugardaginn 11. febrúar. Útför hennar fer fram frá Lágafellskirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 13.00.

**Kristján Þór Valdimarsson**
**Hrafnhildur Gísladóttir**
**Ósk Kristjánsdóttir**
**Lúðvík Aron Kristjánsson** **Lis Ruth Klörudóttir**
**barnabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Sæmundsdóttir**

frá Ólafsfirði, Hraunvangi 3, Hafnarfirði,

andaðist þriðjudaginn 7. febrúar á Landakotsspítala. Hún verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Áslaug Jónsdóttir**
**Aðalheiður Jónsdóttir** **Sigþór Jóhannesson**
**Ari E. Jónsson** **Anna Þórey Sigurðardóttir**
**Jóhanna Jónsdóttir** **Steinþór Ómar Guðmundsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



**Royal Enfield-klúbburinn á Íslandi** heldur myndasögukvöld á veitingahúsinu Skólabrú, 3. hæð, fimmtudagskvöldið 16. febrúar næstkomandi klukkan 20.30. Ólafur Ingólfsson jarðfræðingur og sonur hans, Ragnar Ólafsson tónlistarmaður, munu segja frá ævintýralegri för sinni á Royal Enfield-mótorhjólum í nóvember síðastliðnum um frumskóga og strendur suðvestur-Indlands.

# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457




## Hugsaðu vel um fæturna

Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. Verð: 12.885,-

Misty skór Laugavegi 178
Vertu vinur
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

BIRKENSTOCK
Stærðir 36 - 48

Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Opið á laugard. 10-14.




White-Westinghouse - *amerísk gæða heimilistæki*

Þvottavél **12 kg** Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



## Enskuskóli Erlu Ara - enskafyriralla.is
## Enska í Englandi fyrir 13-16 ára

Tvær vikur í Kent School of English Íslenskir hópstjórar með í för allan tímann. Skráning í síma 8917576 og **erlaara@gmail.com** Tæplega 1000 nemendur hafa komið með frá árinu 2000 Nánari upplýsingar á **enskafyriralla.is**



Facebook, vertu vinur
http://www.facebook.com/enskuskolierluara
**myndir á facebook**


Anna Gyða Sigurgísladóttir og Sigurjón Jóhannsson fóru til Búrma og hittu Aung San Suu Kyi.

# *Fólk veit aldrei hver er að hlusta*

Við vorum saman í lýðháskóla í Danmörku, Krogerup Højskole, sem leggur áherslu á alþjóðamál, hnattvæðingu og umhverfismál. Við völdum okkur braut sem lagði áherslu á Búrma, lærðum um sögu landsins og ástand í þrjá mánuði, fórum svo til Taílands og Búrma í tólf manna hópi og dvöldum þar í einn mánuð," segja þau Anna Gyða Sigurgísladóttir og Sigurjón Jóhannsson spurð hvernig það hafi komið til að þau fóru til Búrma og hittu meðal annarra Aung San Suu Kyi, aðalritara Lýðræðisflokksins NLD.

;FRAMHALD | 2



MYND/GVA






**Tækifæri í hjólaferðamennsku** á Íslandi verður umfjöllunarefni málþings sem haldið verður 24. febrúar næstkomandi í húsnæði Eflu verkfræðistofu, Höfðabakka 9. Nánari upplýsingar á www.ferdamalastofa.is


AÐEINS ÞESSA VIKUNA
ALLAR YFIRHAFNIR Á
50% AFSLÆTTI.



BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770


Litlanefnd Ferðaklúbbsins 4x4 heldur í dagsferð laugardaginn 18. febrúar og er skráning hafin. Áætlað er að fara frá Reykjavík yfir Lyngdalsheiði inn á Kjalveg og upp í Kerlingarfjöll og næsta nágrenni. Þátttaka er ókeypis og allir eru velkomnir.



f4x4.is



Frá fundinum með Aung San Suu Kyi í Búrma.




LOKA-
Útsölulok
30 - 50%
afsláttur af
útsöluvöru
50% aukaafsláttur af útsöluvörum
reiknast við kassa
Vertu vinur á Facebook
Flott föt fyrir flottar konur,
belladonna
Stærðir 40-60.
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517-6460
www.belladonna.is




Nemendur í klausturskóla búddísku munkanna sem Anna Gyða og Sigurjón dvöldu hjá um tíma.



Aung San Suu Kyi var alveg yndisleg að sögn þeirra Sigurjóns, sem hér er lengst til vinstri, og Önnu Gyðu sem stendur við hlið hennar.

Framhald af forsíðu

Þau dvöldu tíu daga í Búrma, þar sem erfiðleikum er bundið að fá vegabréfsáritun þangað til lengri tíma, en afganginn af tímanum nýttu þau til að kynna sér Taíland og þá einkum hreyfingar sem berjast fyrir lýðræði í Búrma.

„Við vorum í starfsþjálfun hjá dagblöðum og vefmiðlum í Taílandi sem fjalla um málefni Búrma, hittum fyrrverandi pólitíska fanga og fleira baráttufólk úr ýmsum hreyfingum.“ segir Sigurjón. „Í Búrma vorum við svo í klausturskóla sem ekki er á vegum yfirvalda en þar kenna búddamunkar búrmískum börnum og unglingum úr öllum þjóðfélagshópum gagnrýna hugsun og fleira í þeim dúr.“

Hvernig kom það til að þið fenguð að hitta Aung San Suu Kyi? „Það var þannig að í Danmörku býr hópur búrmískra innflytjenda sem tók þátt í byltingunni 1988 þegar Aung San Suu Kyi kom fram á sjónarsviðið,“ segir Anna Gyða. „Kennararnir okkar komust í samband við þetta fólk sem við fengum að hitta og það sagði okkur enn frekar frá ástandinu í Búrma. Stuttu seinna höfðu þau samband og tilkynntu okkur að við gætum fengið fund með Aung San Suu Kyi. Það vildum við auðvitað en bjuggumst ekki við að fá eins langan tíma með henni og raunin varð. Hún var með okkur í um það bil tvo tíma og við spurðum hana að öllu sem okkur langaði að vita, ræddum meðal annars um mikilvægi menntunar og framtíðarhorfur landsins. Hún sýndi okkur mikinn áhuga og var alveg yndisleg.“

Hvernig upplifðuð þið ástandið í Búrma? „Það er hægfara þróun í lýðræðisátt þessa dagana, þótt það séu kannski engar drastískar breytingar,“ segir Sigurjón. „Það er verið að sleppa pólitískum föngum og aukakosningar verða haldnar núna í byrjun apríl þar sem Aung San Suu Kyi verður í framboði, þannig að það er mikil von hjá fólkinu í baráttunni við að öðlast lýðræði. En þótt við höfum verið búin að læra um þetta í margar vikur var allt önnur upplifun að koma á staðinn, sjá þetta með eigin augum og upplifa allt þetta eftirlit.“ Anna Gyða tekur undir það. „Það var rosalegt. Þetta var eins og maður sér í bíómyndum. Eftirlit stjórnvalda er gífurlega mikið og fólk er hrætt við að tala um stjórnmál því það veit aldrei hver er að hlusta. Þegar maður les um svona ástand og lærir um það þá ímyndar maður sér djúpa sorg sem liti allt líf fólks en það kom mér mikið á óvart að þrátt fyrir allt þá lifir fólk bara sínu hversdagslífi og lætur ástandið ekki stjórna sér. Fólkið þarna var ótrúlega hlýtt og gott og tilbúið til að gera allt fyrir mann.“

Urðuð þið fyrir aðkasti vegna áhuga ykkar á lýðræðisumbótum? „Já, við fundum fyrir því. Við pössuðum til dæmis að hafa fundinn með Aung San Suu Kyi síðasta daginn sem við vorum í Búrma því við vissum að eftir hann yrðum við undir eftirliti,“ segir Anna Gyða. „En ég upplifði samt aldrei að maður væri sjálfur í hættu þrátt fyrir eftirlitið,“ segir Sigurjón. „Það var frekar fólkið sem við hittum sem var að taka áhættuna. Við mæltum okkur til dæmis mót við blaðamann, á blaðinu Myanmar Times sem yfirvöld eru ekki hlynnt, á kaffihúsi en hann hafði á tilfinningunni að verið væri að fylgjast með sér þannig að hann flutti fundinn upp á hótel. Það endaði með því að við hittum hann uppi á þaki hótelsins þar sem enginn virtist geta fylgst með okkur. Í landinu er gríðarleg ritskoðun, stjórnvöld reyna að koma áróðri sínum að í öllum innlendum fjölmiðlum en aðgangur almennings að internetinu og alþjóðlegum fréttum er mjög takmarkaður.“

„Þegar maður les um svona ástand og lærir um það þá ímyndar maður sér djúpa sorg sem liti allt líf fólks."

Ætlið þið að halda áfram að fylgjast með þróuninni í Búrma? „Já, við erum í sambandi við nokkur ungmenni sem við kynntumst þarna og fylgjumst með því sem þau eru að gera í gegnum netið. Áhuginn á Búrma minnkaði ekki nema síður væri við þessa ferð og við munum vissulega fylgjast vel með þróun mála þar. Þessi ferð hafði djúpstæð áhrif á okkur og ómögulegt að koma þeim hughrifum til skila í stuttu viðtali. Við höfum haldið nokkrar kynningar fyrir ungmenni í æskulýðsstarfi og sagt þeim frá ferðinni og landinu, okkur finnst mikilvægt að vekja athygli á þróuninni í Búrma. Þeim sem hafa áhuga á að kynna sér ástandið bendum við á að kvikmynd Luc Besson, The Lady, sem fjallar um Aung San Suu Kyi, er einmitt sýnd í kvikmyndahúsum hér heima núna,“ segja þau Anna Gyða og Sigurjón.

fridrikab@frettabladid.is




Ekvador - milli fjalls og fjöru
16. október - 8. nóvember
Fararstjóri: Ari Trausti Guðmundsson

Ekvador er eitt allra litríkasta og forvitnilegasta land Suður-Ameríku, um 230 þúsund ferkílómetrar að stærð og með um 14 milljón íbúa. Meirihluti þeirra er af frumbyggjaættum. Landsvæðið nær yfir þurrlendi við Kyrrahafið, upp í hásléttur og jökulþakin eldfjöll og niður í hlýjan og rakan frumskóg Amazon-svæðisins. Í þessari ferð er farið um fyrrgreinda landshluta til þess að kynnast mannlífi, náttúru, menningu og sögu sem nær mörg þúsund ár aftur fyrir okkar tímatal. Ferðin hefst í Quito, en gamli borgarhlutinn er á heimsminjaskrá UNESCO. Síðan er ferðast norður í land á eldfjallaslóðir en þar á eftir allt suður til borgarinnar Cuenca, sem er talin með fegurri borgum álfunnar, skoðaðar inkarústir og þjóðgarðar, og bærinn Banos undir virka eldfjallinu Tungurahua heimsóttur í leiðinni. Stærsta borg landsins, Guyaquil er einn viðkomustaðurinn, ásamt fiskimannaþorpum norðar á ströndinni. Þar er farið í ýmsar skoðunarferðir, á sjó og landi. Að lokum er farið austur um í frumskóginn við Rio Napo þar sem Quechua-frumbyggjar kynna sitt land fyrir hópnum.

Kynningarfundur verður haldinn 15. febrúar kl. 20:00 á Hótel Natura (áður Hótel Loftleiðir).

Spör ehf.

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR








Garðs Apótek er staðsett í miðju borgarinnar, á horni Sogavegs og Réttarholtsvegs. MYND/GVA



Haukur Ingason apótekari með fríðum flokki starfskvenna sinna, en glaðlegt viðmót þeirra og einstök þjónustulipurð er rómuð meðal viðskiptavina Garðs Apóteks. MYND/GVA

# Viðskiptavinum fjölgar bara og fjölgar í Garðs Apóteki á Sogavegi

**Garðs Apótek er vel þekkt meðal landsmanna fyrir lágt lyfjaverð og úrvals þjónustu. Meðal nýjunga í apótekinu eru stómavörur, þvagleggir og næringardrykkir. Garðs Apótek er í alfaraleið í miðju borgarinnar og rómað fyrir notalegt andrúmsloft og lipura þjónustu í hvívetna.**

Viðskiptavinum fjölgar bara og fjölgar þótt að við auglýsum ekki mikið. Það kemur til af því að við höfum alltaf komið mjög vel út úr verðkönnunum á lyfjum, hvort sem um er að ræða lyfseðilsskyld lyf eða lyf sem eru seld án lyfseðils,“ segir Haukur Ingason, apótekari í Garðs Apóteki.

Hann segir æ fleiri komast að raun um að hægt sé að gera góð kaup á fleiru en lyfjum í Garðs Apóteki.

„Margir koma gagngert til að kaupa fæðubótarefni og vítamín sem fást í úrvali, hjúkrunarvörur, snyrtivörur og næringardrykki, því verð er almennt lágt í apótekinu.“

Að sögn Hauks kunna viðskiptavinir því einkar vel að Garðs Apótek sé einkarekið.

„Eftir bankahrunið er fólk orðið meðvitaðra um við hvern það verslar og virðist hafa fengið nóg af lyfjakeðjum, hvort sem þær heita Lyf og heilsa, Lyfja, Apótekið, Apótekarinn eða Skipholts Apótek,“ upplýsir Haukur.

Í Garðs Apóteki er notalegur kaffikrókur þar sem hægt er að setjast niður með ilmandi kaffi, te eða vatnsglas í boði hússins.

„Hverfisbúar koma hingað oft og tíðum og stundum er apótekið eins og hverfismiðstöð þar sem íbúarnir hittast og spjalla saman,“ segir Haukur ánægður.

„Við erum í leiðinni fyrir íbúa stærstu hverfa borgarinnar og með tilkomu rafrænna lyfseðla finnst mörgum þægilegt að hringja á undan sér, láta taka til lyfin sín og sækja þau á heimleiðinni upp í Breiðholt, Árbæ eða Grafarvog og nágrannasveitarfélögin Mosfellsbæ, Kópavog, Garðabæ, Hafnarfjörð og víðar,“ segir Haukur.

Það sem gerir Garðs Apótek að fyrsta vali viðskiptavina er þó fyrst og fremst fyrirmyndarþjónusta og hlýlegt viðmót starfsfólksins, í kaupauka við lága verðið.

„Nýverið jukum við þjónustu í kringum stómavörur og þvagleggi, og nú geta þeir sem nota slíkar vörur snúið sér til okkar og fengið þær afhentar í apótekinu eða sendar heim til sín, hvert á land sem er,“ segir Haukur og bætir við:

„Svo eru alltaf einhverjir sem segjast koma bara af því að hér starfi flottustu afgreiðslustúlkur bæjarins, en ég sel það ekki dýrara en ég keypti það; eins og svo margt annað,“ segir Haukur og brosir.

Garðs Apótek er á horni Sogavegs og Réttarholtsvegs, við brúna yfir Miklubraut. Sími 5680990. Opið er virka daga frá kl. 9-18 en lokað um helgar. Sjá nánar á www.gardsapotek.is.

**Einkarekið apótek**

*Lágt lyfjaverð - góð þjónusta*

GARÐS APÓTEK
- rétt leið

Sogavegi við Réttarholtsveg Opið kl. 9-18 • Sími 5680990 • www.gardsapotek

# Áhersla lögð á gæði vörunnar

**APÓTEK er heiti íslenskrar lyfjalínu sem framleidd er í litlu bæjarfélagi fyrir norðan. Línan er ilm- og litarefnalaus og inniheldur mixtúrur, lausnir, olíur og krem, bæði fyrir börn og fullorðna. Fyrirtækið heitir Pharmarctica og var sett á fót fyrir tíu árum.**

Á Grenivík við rætur Kaldbaks í Eyjafirði eru framleiddar ilm- og litarefnalausar snyrtivörur og krem undir heitinu APÓTEK. Vörurnar eru framleiddar hjá íslenska lyfja- og snyrtivörufyrirfyrirtækinu Pharmarctica sem stofnað var fyrir tíu árum. Í dag starfa átta manns hjá fyrirtækinu og er vörulínan seld í lyfjaverslunum um allt land.

„Lyfjafræðingarnir Torfi Rafn Halldórsson, Jónína Freydís Jóhannesdóttir og Bergþóra Stefánsdóttir hjúkrunarfræðingur áttu hugmyndina að fyrirtækinu og fengu Sænes, dótturfélag Grýtubakkahrepps, með sér í lið við að koma þessu á koppinn. Fyrirtækið var stofnað árið 2002 og hófst framleiðsla ári síðar," segir Sigurbjörn Þór Jakobsson, framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

APÓTEK lyfjalínan samanstendur af mixtúrum, lausnum og kremum og olíum sem framleiddar eru eftir forskriftum lækna. Vörurnar eru allar ilm- og litarefnalausar. „Við höfum bætt við línuna gegnum árin og spönnum nú breytt svið, allt frá hægðamixtúrum og sótthreinsandi efnum sem notuð eru við skurðaðgerðir, yfir í húðvörur fyrir börn og andlitslínu," útskýrir Sigurbjörn. „Vinsælustu vörurnar okkar inn á heimilin eru hýdrofíl rakakrem, vaselín og karbamíðkrem. Barnalínan okkar er einnig vinsæl en í henni er barnaolía, barnakrem og barnapúður. Þá erum við einnig í stöðugri vöruþróun og nú stendur til að bæta norskum brjóstdropum við mixtúrulínuna okkar. Þeir hafa ekki verið til hér á landi í mörg ár en voru mjög vinsælir á sínum tíma," útskýrir Sigurbjörn.



APÓTEK Lyfjalínan samanstendur af mixtúrum, lausnum og kremum og olíum sem framleidd eru eftir forskriftum lækna.

Hann segir að ekki ósvipaðar vörur megi finna á markaðnum en APÓTEK línan sé vel samkeppnishæf þegar kemur að gæðum. „APÓTEK vörurnar eru töluvert ódýrar miðað við gæðin. Verðlagning á snyrtivörum almennt er að stórum hluta vegna markaðssetningar. Hjá okkur er lögð meiri áhersla á gæði en á markaðssetninguna og því getum við boðið lágt verð. Við miðum þó auðvitað alltaf hærra og stefnum á að ná frekari markaðshlutdeild. Markaðssetning erlendis er á byrjunarstigi en við erum að þreifa fyrir okkur í Færeyjum."



Lína fyrir börn. Lína fyrir konur.

Auk eigin vörulínu starfar Pharmarctica sem framleiðsluverktaki fyrir ýmis fyrirtæki. Pharmarctica framleiðir meðal annars vítamín fyrir lyfjafyrirtækið Icepharma.

„Við framleiðum vítamínin Bio Mega og Ein á dag. Sú framleiðsla er orðin umfangsmikill þáttur af okkar vinnslu í dag og sér Icepharma um dreifingu á vörum okkar í apótek um allt land."

Nánari upplýsingar á www.pharma.is.




Omeprazol Actavis

- öflugt lyf við brjóstsviða og súru bakflæði

20 mg, 14 og 28 stk. – fáanlegt án lyfseðils í næsta apóteki

**Notkunarsvið:** Omeprazol Actavis inniheldur virka efnið ómeprazól sem tilheyrir flokki lyfja sem kallast „prótónpumpuhemlar" og verka með því að draga úr sýruframleiðslu magans. Omeprazol Actavis er ætlað til notkunar hjá fullorðnum til skammtímameðferðar við einkennum bakflæðis (t.d. brjóstsviða og nábít). **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir ómeprazóli eða öðru innihaldsefni lyfsins. Ofnæmi fyrir lyfjum sem innihalda aðra prótónpumpuhemla. Ef þú tekur lyf sem inniheldur nelfinavír (við HIV sýkingu). **Varúð:** Ekki taka Omeprazol Actavis lengur en í 14 daga án samráðs við lækni. Ef einkennin minnka ekki, eða ef einkennin versna, skaltu ræða við lækninn. Omeprazol Actavis getur dulið einkenni annarra sjúkdóma. Því skaltu ræða strax við lækninn ef eitthvað af eftirfarandi kemur fyrir þig áður en þú tekur eða meðan þú tekur Omeprazol Actavis: Ef þú léttist að ástæðulausu og átt í erfiðleikum með að kyngja, færð magaverk eða meltingartruflanir, kastar upp mat eða blóði, hefur svartar hægðir (blóðlitaðar hægðir), ert með alvarlegan eða langvarandi niðurgang (ómeprazól hefur verið tengt við lítillega aukningu á smitandi niðurgangi), hefur verið með magasár eða gengist undir skurðaðgerð á meltingarfærum, ert á samfelldri meðferð við einkennum meltingartruflana eða brjóstsviða í 4 vikur eða lengur, þjáist stöðugt af meltingartruflunum eða brjóstsviða í 4 vikur eða lengur, ert með gulu eða alvarlegan lifrarsjúkdóm, ert eldri en 55 ára með ný eða nýlega breytt einkenni. Sjúklingar skulu ekki nota ómeprazól í fyrirbyggjandi tilgangi. Omeprazol Actavis inniheldur súkrósa. **Meðganga og brjóstagjöf:** Segðu lækninum frá því ef þú ert barnshafandi eða ert að reyna að verða barnshafandi áður en þú tekur Omeprazol Actavis. Læknirinn mun ákveða hvort óhætt sé fyrir þig að nota Omeprazol Actavis ef þú ert barnshafandi eða með barn á brjósti. **Skömmtun:** Sýruþolnu hylkin má taka fyrir máltíð (t.d. morgunmat eða kvöldmat) eða á fastandi maga. Mælt er með að hylkin séu tekin inn að morgni dags. Venjulegur skammtur er eitt 20 mg hylki eða tvö 10 mg hylki einu sinni á sólarhring í 14 daga. Hafðu samband við lækninn ef einkennin hafa ekki horfið á þessum tíma. Nauðsynlegt getur verið að taka hylkin í 2-3 daga samfellt áður en einkennin réna. Hylkin á að gleypa með glasi af vökva. Ekki má tyggja eða mylja hylkin. **Aukaverkanir:** *Hafðu samband við lækni strax ef eftirfarandi einkenni koma fram:* Öndun verður skyndilega hvæsandi, þroti í vörum, tungu og hálsi eða líkama, útbrot, yfirlið eða kyngingarörðugleikar (alvarleg ofnæmisviðbrögð). Roði í húð með blöðrum og húðflögnun. Einnig getur verið um að ræða verulega blöðrumyndun og blæðingar í vörum, augum, munni, nefi og kynfærum. Þetta getur verið „Stevens-Johnsons heilkenni" eða „eitrunardrep í húðþekju". Gul húð, dökkt þvag og þreyta sem geta verið einkenni lifrarsjúkdóms. Algengar aukaverkanir: Höfuðverkur. Áhrif á maga eða þarma (niðurgangur, magaverkur, hægðatregða, vindgangur). Ógleði eða uppköst. **Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu**. Nóvember 2011.

actavis

## LÖNGUNIN SEGIR SITT

*Löngun í tilteknar fæðutegundir getur bent til þess að mataræðið sé ófullnægjandi og að líkamann vatni ákveðin vítamín og steinefni. Hér er listi af fæðutegundum sem algengt er að fólk sækist í ef um skort er að ræða.*

**Hnetur:** Ef þig langar oft í hnetur er líklegt að þig vanti prótín, B-vítamín og fitu í matinn. Fólk sem er undir miklu álagi þarf meira B-vítamín en aðrir.

**Bananar:** Ef þú sækir í banana getur verið að þig vanti kalíum en í meðalstórum banana eru 555 mg af kalíum.



**Ostur:** Ef þú ert sólginn í ost getur þig skort kalk og fosfór. Þá er ráð að borða meira spergilkál en í því er mikið af þessum efnum en mun minna af hitaeiningum.

**Smjör:** Grænmetisætur langar oft í smjör því þær fá lítið af mettaðri fitu úr fæðunni.

**Mjólk:** Ef þig langar oft í mjólk gætir þú þurft á kalki að halda. Þú gætir líka verið að sækjast eftir amínósýrunum tryptófan, lýsín og levsín. Taugaveiklað fólk leitar oft eftir tryptófaninu í mjólkinni þar sem það hefur róandi áhrif.



**Epli:** Langi þig oft í epli gæti þig vantað kalk, magnesíum, fosfór og kalíum auk þess sem epli eru góð uppspretta pektíns sem lækkar blóðfituna. Borðir þú mikið af mettaðri fitu gæti það útskýrt löngun þína í epli.

**Kók og súkkulaði:** Þessi löngun merkir oftast sykurþrá og koffínfíkn. Drykkirnir hafa ekkert næringargildi.

*Heimild: Ný og betri bætiefnabiblía*

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
Umsjónarmenn auglýsinga: Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.
Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.

# Oddi þjónustar allan íslenska prentmarkaðinn

**Prentsmiðjan Oddi byrjaði smátt árið 1943 en hefur vaxið og dafnað og er í dag í hópi fullkomnustu og fjölhæfustu prentsmiðja á Norðurlöndum. Markmið fyrirtækisins er að veita góða og hraða þjónustu í miklum gæðum.**

Það sem einkennir Odda umfram aðrar prentsmiðjur á Íslandi er að við erum með afar breiða vörulínu og stóran kúnnahóp með mismunandi þarfir," segir Jón Ómar Erlingsson, framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar Odda ehf. sem er stærsta og fjölbreyttasta prentsmiðja landsins þar sem starfa um 240 manns.



„Við þurfum í raun að geta gert allt enda verkefnin af mismunandi stærðum og gerðum," segir Jón Ómar Erlingsson, framkvæmdastjóri Odda. MYND/GVA

### Fjölbreytileikinn í fyrirrúmi

„Við þurfum í raun að geta gert allt enda verkefnin af mismunandi stærðum og gerðum," segir Jón Ómar en Oddi afgreiðir um fimmtán þúsund mismunandi verkefni á ári eða um fimmtíu á dag. „Á sama degi getum við verið að prenta hundrað nafnspjöld og afgreiða hundrað þúsund pappakassa," lýsir hann.

Hjá Odda er boðið upp á allt það sem viðkemur prentun. „Enda þjónustum við íslenska markaðinn eins og hann leggur sig," segir Jón Ómar og bendir á að vel hafi tekist að aðlaga prentsmiðjuna að fjölbreyttum verkefnum til að geta sem best sinnt þörfum breiðrar flóru viðskiptavina.

Sem dæmi um verkefni Odda má nefna prentun á bókum en Oddi er stærsti bókaframleiðandi á Íslandi auk þess sem fyrirtækið prentar bækur fyrir erlendan markað. „Þá framleiðum við mjög mikið af umbúðum og erum eini framleiðandinn á landinu á umbúðum úr bylgjupappa og stærsti framleiðandinn í öðrum umbúðum."

Oddi prentar einnig bæklinga, skýrslur og tímarit á borð við Vikuna, Séð og heyrt og Gestgjafann. Það er mikið að gera í rekstrarprentverki við að prenta umslög, reikningseyðublöð, nafnspjöld og þess háttar.

### Stafræn prenttækni er framtíðin

Síðustu þrjú árin hefur Oddi rekið Myndavöruvef þar sem einstaklingar geta búið til eigin ljósmyndabækur, kort, dagatöl og ýmislegt fleira. „Myndavöruvefurinn er dæmi um hvert prentbransinn er að þróast," segir Jón Ómar og bendir á að stafræna tæknin sé alltaf að koma sterkar inn. „Stafræna tæknin kom til fyrir nokkrum árum en alltaf að þróast og taka yfir stærri og stærri hluta af þessu hefðbundna offsetprenti. Upphaflega voru minni gæði í stafrænni tækni en sá munur er nú úr sögunni. Nú ræðst valið aðallega af hagkvæmustu leiðinni," segir Jón Ómar en stafræna prentunin þykir yfirleitt hagkvæmari í smáum upplögum.

### Þjónustan mikilvæg

Þjónustan er forsvarsmönnum Odda afar mikilvæg líkt og þjónustuloforð Odda á vefsíðunni www.oddi.is gefa til kynna. Þar er lögð áhersla á að öllum viðskiptavinum, stórum sem smáum, sé veitt full athygli, að starfsmenn komi hreint fram, gefi raunhæf loforð og sýni frumkvæði. Þá er stefnan að svara öllum fyrirspurnum strax og leysa öll vandamál farsællega ef þau koma upp.




**UMBÚÐAHÖNNUN 2012**

**Prentsmiðjan Oddi** og Félag íslenskra teiknara (FÍT) standa að opinni hönnunarsamkeppni umbúða úr kartoni og/eða bylgjupappír. Keppnin er öllum opin án endurgjalds en tillögur skulu miða við það hráefni sem keppnishaldarar leggja til en þátttakendum er frjálst að velja sér viðfangsefni. Lokaskil á tillögum er 23. febrúar en úrslitakvöldið verður haldið 1. mars í Norræna húsinu. Nánari upplýsingar á www.oddi.is

**UMHVERFISVOTTUÐ PRENTSMIÐJA**

**Prentsmiðjan Oddi** hefur verið leiðandi í umhverfismálum hér á landi í prentiðnaði. Umhverfismál hafa ávallt skipað stóran sess í rekstri fyrirtækisins og hafa eigendur Odda ávallt leitast við að fara vel með hráefni og draga úr umhverfisáhrifum rekstrarins á skilvirkan hátt.

**Öll framleiðsla** Odda er Svansvottuð, bæði almenn prentun og umbúðir. Oddi er fyrsta prentsmiðjan í heiminum sem fær Svansvottun á sína framleiðslu þar sem bylgjuframleiðsla er innifalin. Svanurinn vottar að umhverfisáhrif framleiðslunnar eru í lágmarki og að framleiðslan uppfylli kröfur um umhverfi, heilnæmi, gæði og virkni.

UMHVERFISMERKI











Oddi fyrir þig, þegar hentar, eins og þér hentar.

Prentun frá A til Ö.

1.000 nafnspjöld í startpakka til að sigra heiminn.

1.500 umhverfisvottaðir bæklingar um nokkra sleipustu jökla landsins.

19.725 pakkar fyrir bragðgóða upplyftingu.

Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja. Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Við horfum bjartsýn fram á veginn

**Hjá Ísafoldarprentsmiðju er stefnt að því að árið 2012 verði besta rekstrarár félagsins síðan fyrir hrun.**

Ísafoldarprentsmiðja er elsta starfandi prentsmiðja landsins, stofnuð árið 1877 og heldur því upp á 135 ára afmæli sitt 16. júní næstkomandi. Á síðustu árum hefur prentsmiðjan vaxið jafnt og þétt, enda mikil áhersla verið lögð á að auka vöruframboðið, sem hefur leitt til mikillar fjölgunar viðskiptavina. „Með samstilltu átaki starfsmanna hefur tekist að láta félagið vaxa í kreppunni og er Ísafold í dag önnur stærsta prentsmiðja landsins. Síðustu þrjú ár hefur velta félagsins aukist um 20% og var á síðasta ári 1,5 milljarðar. Ísafoldarprentsmiðja stendur því traustum fótum til að takast á við þá krefjandi og skemmtilegu tíma sem eru framundan. Ætlunin er að að halda áfram að vaxa og vinna með viðskiptavinum við að bæta þjónustuna enn og finna hagkvæmustu lausnirnar,“ segir sölu og markaðsstjórinn Haraldur Jónsson.



Hjá Ísafoldarprentsmiðju starfar samheldinn hópur fólks. Þar eru fagmenntaðir starfsmenn í öllum deildum sem leggja sig fram við að framleiða hágæða prentverk. MYND/GVA

## Umhverfismál – Svansvottun

Umhverfismál hafa ávallt skipað stóran sess hjá Ísafoldarprentsmiðju.

Árið 2010 sótti Ísafoldarprentsmiðja um vottun Norræna umhverfismerkisins og fékk Svansvottun í nóvember það sama ár. „Það kom skemmtilega á óvart hve litlu þurfti að breyta til að hljóta þessa vottun. Sérstaklega í ljósi þess að prentsmiðjur sem prenta dagblöð þurfa að uppfylla mun strangari kröfur en aðrar prentsmiðjur,“ segir Haraldur en Ísafoldarprentsmiðja er eina dagblaðaprentsmiðjan hér á landi sem er með Svansvottun.

## Hæsta einkunn í útboði fyrir rammasamning

Ísafoldarprentsmiðja tók þátt í rammasamningsútboði Ríkiskaupa fyrir öll ríkisfyrirtæki og stofnanir haustið 2010. Bjóðendur voru metnir bæði út frá verðum og umhverfisþáttum. Niðurstaðan varð sú að Ísafoldarprentsmiðja var eini bjóðandinn sem fékk hæstu einkunn, sem var 100. Hún var með hagkvæmustu verðin, ásamt því að uppfylla allar kröfur sem gerðar voru um umhverfisskilyrði. „Með aukinni áherslu á umhverfismál hjá opinberum aðilum vonumst við til að æ fleiri stofnanir og fyrirtæki sjái sér hag í að eiga viðskipti við fyrirtæki sem ekki eingöngu býður hagkvæmt verð, heldur er einnig umhugað um umhverfið“

## Öll almenn prentun fyrir fyrirtæki

Prentun á nafnspjöldum, umslögum, bréfsefnum, greiðsluseðlum, reikningum, bæklingum, kynningarmöppum og öllu öðru sem þörf er á við daglegan rekstur hjá litlum og stórum fyrirtækjum, er sá hluti sem hefur vaxið hvað mest hjá Ísafoldarprentsmiðju síðustu ár. Prentsmiðjan hefur skapað sér gott orð fyrir gæði, góða þjónustu og hagkvæmar lausnir.

## Fjölpóstur

Hjá Ísafoldarprentsmiðju er prentað gríðarlegt magn af bæklingum sem dreift er inn á öll heimili á landinu. Í hverri viku eru þetta mörg hundruð þúsund bæklingar frá ýmsum fyrirtækjum. Á tilteknum tímabilum, svo sem í kringum jól og páska, fer þessi fjöldi vel yfir milljón eintök á viku.

## Dagblaðaprentun – Fréttablaðið

Fréttablaðið er stærsta einstaka prentverkefni prentsmiðjunnar. „Fáir gera sér grein fyrir umfanginu sem fylgir því að prenta dagblað sem fer inn á 90.000 heimili sex daga vikunnar. Á síðasta ári voru prentuð um það bil 27 milljón eintök af Fréttablaðinu. Einnig prentar Ísafoldarprentsmiðja mörg önnur verkefni á dagblaðapappír,“ upplýsir Haraldur.

## Bókaprentun

Fyrir þremur árum hófst þróunarvinna hjá Ísafoldarprentsmiðju í þeim tilgangi að geta búið til hágæða bókakiljur á hagkvæmu verði. „Sú vinna hefur skilað sér , því í dag er prentsmiðjan leiðandi í kiljuframleiðslu á Íslandi, ásamt því að framleiða kiljur fyrir erlendan markað. Ef þú hefur lesið kilju nýlega, þá eru miklar líkur á því að hún hafi verið framleidd af okkur. Sem dæmi má nefna að metsölubókin Gamlinginn var prentaður hjá Ísafoldarprentsmiðju í kiljuformi í hátt í 20.000 eintökum,“ segir Haraldur.

## Útflutningur

Fyrir rúmu ári síðan var sú ákvörðun tekin hjá Ísafoldarprentsmiðju að skoða möguleika á að prenta fyrir erlenda markaði. „Í þessu augnamiði vorum við meðal annars með kynningastand á bókamessunni í Frankfurt. Í dag hefur prentsmiðjan flutt út kiljur og bæklinga í gámavís, til nokkurra landa, þar á meðal er vikulegt tímarit sem gefið er út á Grænlandi.“

## Nýjungar fyrir einstaklinga og fjölskyldur

Undanfarið ár hefur verið unnið að nýjum vörum fyrir einstaklinga. „Það má segja að Ísfoldarprentsmiðja fari með því í samkeppni við bleksprautuprentarana sem finna má á flestum heimilum og geta reynst æði kostnaðarsamir vegna kaupa á bleki og pappír. Á næstu vikum fer í loftið nýr vefur fyrir þessar vörur. Þar verður hægt að velja vörur sem ætlunin er að búa til, velja mismunandi form, setja inn eigin myndir og texta og hanna þannig sitt eigið prentverk. Hægt verður að búa til boðskort fyrir barnaafmælið, dagatöl, myndabækur, plaköt til að skreyta herbergið, tækifæriskort og margt fleira skemmtilegt,“ segir Haraldur en nýjungarnar verða kynntar betur þegar þar að kemur.

## Starfsfólk Ísafoldarprentsmiðju

Hjá Ísafoldarprentsmiðju starfar að sögn Haraldar samheldinn hópur fólks, sem hefur mikinn metnað til að standa sig í starfi. Þar eru fagmenntaðir starfsmenn í öllum deildum, sem leggja sig fram á hverjum degi við að framleiða hágæða prentverk. „Í þeim efnahagslegu þrengingum sem hafa gengið yfir á síðustu árum, hefur það skipt sköpum að hafa á að skipa öflugum hópi starfsfólks, sem hefur verið tilbúinn að leggja á sig mikla vinnu og fórnir til að aðlagast breyttum aðstæðum,“ segir Haraldur. Hann segir starfsfólk prentsmiðjunnar hafa tekið á sig bæði launalækkanir og skert vinnuhlutfall í kjölfar kreppunnar. „Þær aðgerðir gengu sem betur fer til baka á nokkrum mánuðum. Að undanförnu höfum við verið að bæta við starfsfólki vegna aukinna verkefna og stefnum að því að gera það áfram. Í dag er prentsmiðjan 85% í eigu starfsmanna félagsins.“

„Við höldum því fram að Ísafoldarprentsmiðja hafi verið vel geymt leyndarmál í þessum iðnaði,“ segir Haraldur. „Fyrir nokkrum árum vorum við eingöngu í stórum verkefnum eins og að prenta Fréttablaðið, vikudagskrána Birtu, bæklinga fyrir Rúmfatalagerinn, Húsasmiðjuna, tímarit eins og Myndir mánaðarins og fleiri stærri verkefni. Í dag erum við að leysa allar prentþarfir fyrirtækja, stofnana og einstaklinga. Það er ansi mikil upplifun fyrir viðskiptavini sem koma til okkar og skoða prentsmiðjuna og sjá alla þá framleiðslu sem er í gangi hjá okkur á 7.000 fermetrum í Suðurhrauni 1 í Garðabæ.“

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sverrir Birgir Sverrisson, s. 512-5432 sverrirbs@365.is **Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.




VIÐ PRENTUM

Bækur • Tímarit • Fyrir skrifstofuna
Bæklinga • Kynningarefni
Dagblöð • Fjölpóst • Stafrænt • Allskonar!

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

Suðurhraun 1 | Garðabæ | Sími: 59 50 300 | www.isafold.is

# Leggjum megináherslu á gæði

**Vönduð vara, fyrsta flokks þjónusta og skjótur afhendingartími eru aðalsmerki fyrirtækisins Vörumerking ehf. að Bæjarhrauni 24 í Hafnarfirði. Starfsemi fyrirtækisins tekur mið af því að nýta stöðugar framfarir í prenttækni og nýjar gerðir hráefnis til að skapa virðisauka fyrir viðskiptavini sína.**

Fyrirtækið Vörumerking ehf. að Bæjarhrauni 24 í Hafnarfirði leggur áherslu á vöru- og umbúðamerkingar með prentun á límmiða, pappír, plastefni og álfólíu. Karl M. Karlsson, stjórnarformaður fyrirtækisins, segir áherslu lagða á vandaða vöru og góða þjónustu. „Starfsemin er í sífelldri þróun og starfsmenn vakandi fyrir nýjungum sem tengjast umbúðum og merkingum. Það er auðvitað í takt við prenttækni sem tekur stöðugum framförum auk þess sem enn eru að koma fram á sjónarsviðið nýjar gerðir hráefnis fyrir sérhæfða notkun á þessu sviði. Okkar hlutverk er að skapa úr þessu virðisauka fyrir viðskiptavini okkar,“ upplýsir Karl.

Vörumerking ehf. hóf starfsemi sína undir nafninu Karl M. Karlsson & Co árið 1962 í bílskúr við heimili Karls Jónassonar við Melgerði í Kópavogi. Stofnandi félagsins var Karl Jónasson, sem rak félagið ásamt syni sínum Karli M. Karlssyni allar götur síðan eða þar til hann lét af störfum árið 2000. Í dag er félagið í rúmlega 2.600 fermetra húsnæði og hjá því starfa 40 manns. Karl M. Karlsson er stjórnarformaður félagsins en framkvæmdastjóri er Sigurður Grendal Magnússon.



Starfsmenn eru vakandi fyrir nýjungum sem tengjast umbúðum og merkingum.



Styrkleikar fyrirtækisins felast meðal annars í fjölbreyttum tækjabúnaði með tilheyrandi sveigjanleika. MYND/STEFÁN

> **Saga Vörumerkingar er saga fyrirtækis sem ávallt hefur þrifist á nýsköpun og vöruþróun og hefur verið brautryðjandi á markaði allt frá stofnun.**

„Fyrstu árin snerist framleiðsla fyrirtækisins um áprentuð límbönd en fljótlega var hafin framleiðsla á límmerkimiðum, sem var nýlunda á þeim tíma,“ segir Karl. Límmiðar hvers konar skipa enn stóran sess í framleiðslu. Vörumerkingar eru aðrar meginstoðir framleiðslunnar, það eru merkingar á drykkjarvörum, framleiðsla á viðskiptakortum hvers konar (inneignarkort, bensínkort og svo framvegis) og merkingar á umbúðum, sér í lagi áprentaðar álfilmur fyrir lyfjaiðnað og áprentuð állok fyrir mjólkuriðnaðinn og fleira. Karl segir að viðskiptavinir Vörumerkingar séu þannig í flestum greinum atvinnulífsins, svo sem fyrirtæki í matvælaframleiðslu, lyfjaframleiðslu og lyfsölu, heildsölu, smásölu, sjávarútvegi, almennum iðnaði, þjónustu, bankastarfsemi, fjarskipta- og upplýsingatækni.

„Saga Vörumerkingar er saga fyrirtækis sem ávallt hefur þrifist á nýsköpun og vöruþróun og hefur verið brautryðjandi á markaði allt frá stofnun. Óhætt er að fullyrða að styrkleikar fyrirtækisins sem og sérstaða á markaði helgist mjög af þessu. Styrkleikar fyrirtækisins felast í langri sögu og góðu orðspori, mikilli þekkingu og reynslu starfsmanna, öflugri vöruþróun og nýsköpun og fjölbreyttum tækjabúnaði með tilheyrandi sveigjanleika. Sérstaða Vörumerkingar byggir á þessum styrkleikum og felst í þeim gæðum á vörum og þjónustu sem við veitum og svo þeirri fjölbreyttu þekkingu sem við búum yfir og þeim vélbúnaði sem við höfum yfir að ráða, sem gerir okkur kleift að mæta ólíkum og síbreytilegum þörfum viðskiptavina okkar og veita þeim fullnaðarþjónustu.“

Frekari upplýsingar um vörur og þjónustu Vörumerkingar má nálgast á heimasíðu fyrirtækisins www.vorumerking.is. Fyrirspurnir í tölvupósti má senda á pantanir@vorumerking.is eða hringja í síma 414-2500.




## PRENTAÐ Í VIÐEY

Prentsmiðja, Viðeyjarprent, var starfrækt í Viðey í aldarfjórðung, eða á árunum 1819 til 1844. Klausturpósturinn var meðal þess fyrsta sem hún prentaði, en hann innihélt innlent og erlent frétta- og fræðsluefni. Hann var fyrsta mánaðarritið sem kom út á íslensku og var fyrst prentaður á Beitistöðum 1818. Magnús Stephensen dómstjóri gaf hann út. Viðeyjarprent prentaði líka mánaðarritið Sunnanpóstinn árið 1835-36 og 5. árgang af ársritinu Fjölni árið 1839-1840.



# Prentvélarnar skyggja stundum á stjörnurnar

**Prentvélar eru oft notaðar á áhrifamikinn hátt í kvikmyndum. Oftast tengist notkun þeirra prentun dagblaða sem þarf að stöðva útgáfu á, en á seinni árum hafa þær þó haft víðtækari hlutverk í kvikmyndum frá Hollywood.**



Michael Keaton. Glenn Close. Tom Hanks. Leonardo DiCaprio.

Prentvélar leika stærra hlutverk í kvikmyndum en fólk almennt gerir sér grein fyrir. Vestrarnir riðu á vaðið og ótölulegur fjöldi þeirra inniheldur atriði þar sem reynt er að koma ritstjóra dagblaðs fyrir kattarnef og eyðileggja prentvélarnar. Sjónvarpsþáttaraðir héldu sig við þessa hefð og meðal kvikmynda og þátta fyrri tíma þar sem prentsmiðjur leika stórt hlutverk eru: Bonanza, Liberty Valance, Have Gun Will Travel, Cimarron, Penny Serenade, Harry & Walter Go To New York, The Rockford Files, og The Twilight Zone.

Einna lengst gengur þó kvikmyndin The Paper frá 1994 þar sem stór hluti myndarinnar á sér stað í prentsmiðju dagblaðsins sem titillinn vísar til. Glenn Close og Michael Keaton berjast bókstaflega ofan á prentvélinni þegar hann, sem hinn samviskusami, sannleikselskandi blaðamaður sem við þekkjum úr fjölda kvikmynda, reynir að stöðva prentun blaðsins sem hefur ranga frétt á forsíðunni.

Annað minnisstætt prentvélaratriði er í kvikmyndinni Catch Me If You Can frá 2003 þar sem Leonardo DiCaprio og Tom Hanks eru í stjörnuhlutverkum. Þar sést falsarinn prenta sín eigin ávísanaeyðublöð í stærðarinnar prentvél. Þeir sem þekkja prentvélar hafa reyndar bent á að það sé ekki möguleiki að blöðin þeytist úr slíkri vél eins og sýnt er í kvikmyndinni en Hollywood hefur aldrei látið raunveruleikann standa í vegi fyrir áhrifamikilli kvikmyndatöku.

Nýjasta myndin þar sem prentvélar eru notaðar á áhrifamikinn hátt er Inception og aftur er það DiCaprio sem er í stjörnuhlutverkinu auk prentvélarinnar. Spurning hvort hann sé farinn að setja það í samninga sína að fá að leika á móti prentvél.








# Allt á sama stað - frá hönnun til prentunar...

Stafræna Prentsmiðjan/Prentun.is er 11 ára gamalt fyrirtæki í Hafnarfirði. Allt frá upphafi hefur fyrirtækið boðið fyrirtækjum og einstaklingum upp á fjölbreyttar prentlausnir á góðu verði og kappkostað að hafa þjónustuna sem besta.

Hjá fyrirtækinu starfa 8 manns með mikla reynslu í prentiðnaði. Fyrirtækið hefur verið leiðandi í stafrænni prentun á Íslandi og allt frá byrjun verið í fremstu röð hvað varðar vélbúnað og tækni.

Öflug hönnunardeild er innan fyrirtækisins sem gerir Stafrænu Prentsmiðjuna sérstaka um heildarlausnir í hönnun á markaðsefni, hvort sem um er að ræða auglýsingar eða fyrir prentun og annað markaðstengt efni.

„Það má segja að við séum einstakir hvað þetta varðar," segir Hlynur Guðlaugsson markaðs- og framleiðslustjóri Stafrænu Prentsmiðjunnar/Prentun.is. Við höfum frá fyrstu tíð viljað staðsetja okkur á markaðnum þar sem fólk fær sem mest fyrir peningana, sem er fólgið í að hafa allt undir sama þaki. Við verðum alveg varir við að mörg fyrirtæki færa sig til okkar frá stærri auglýsingastofum og stærri prentsmiðjum, með hagræði og sparnað að sjónarmiði, fyrir utan það að fá oft hraðari og persónulegri þjónustu.

Þarna sparast miklir peningar og flækjustigið er miklu minna, með því að tala við einn og sama einstaklinginn um allt verkferlið," segir Hlynur.

Hjá Stafrænu Prentsmiðjunni/Prentun.is er fjölbreytni mikil og vöruflokkar margir og má meðal annars nefna:
- boðskort
- nafnspjöld
- bæklinga
- bréfsefni
- reikninga
- umslög
- eyðublöð
- ofl.

„Við leggjum mikla áherslu á góð samskipti við okkar viðskiptavini og að þeir geti nálgast okkur á auðveldan hátt. Við erum sennilega hvað þekktastir fyrir að leysa hluti mjög hratt þegar mikið liggur við, enda gerir samsetning prentvéla og tækja okkur kleift að leysa málin á miklum hraða. Mesti auður hvers fyrirtækis er starfsfólkið sem þar er og höfum við byggt á því frá fyrsta degi. Með þekkingu, reynslu og kröftugan vélbúnað, erum við færir í flestan sjó" segir Hlynur að lokum.



**Hlynur Guðlaugsson markaðs- og framleiðslustjóri og Kristján Gíslason hönnuðu við nýja prentvél, sem fyrirtækið keypti skömmu fyrir áramót.**

prentun.is

Stafræna prentsmiðjan / Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfirði / Sími 544 2100 / www.prentun.is



Konráð Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar Litrófs. MYND/STEFÁN

# *Almenn prentun í boði*

Litróf er prentsmiðja sem getur tekið allt að sér sem viðkemur prentun, bæði stórt og smátt.

Við bættum við okkur nýrri stafrænni prentvél fyrir áramótin og erum því að stíga skrefið inn í stafræna prentheiminn, sem við höfum ekki tilheyrt áður að neinu gagni. Ástæðan var að okkur fannst gæði slíkra véla ekki vera nægilega góð. Nú eru hins vegar komnar vélar á markaðinn sem ná offsetgæðum, eða því sem næst," segir Konráð Ingi Jónsson, framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar Litrófs að Vatnagörðum 14 í Reykjavík.

„Stafræna vélin hentar vel í minni upplög og hraða afgreiðslu. Nú getur til dæmis viðskiptavinurinn pantað hjá okkur 100 bæklinga að morgni og fengið afgreitt samdægurs og í góðum gæðum. Í samfélaginu í dag er þörf á slíkri þjónustu," bendir Konráð á.

Að hans sögn stefnir Litróf á að verða umhverfisvottuð prentsmiðja á næstu vikum. „Við notum jurtaliti á prentvélarnar okkar og hreinsum þær með jurtaolíu, og vottuðum hreinsiefnum. Í fyrra tókum við í gagnið nýja plötugerðarvél fyrir offsetvélarnar okkar þar sem engin spilliefni koma við sögu. Platan skrifast einungis með leisergeisla og engrar framköllunar er þörf. Örfáar prentsmiðjur á landinu geta státað af því að nota engin spilliefni í offsetplötugerð," segir Konráð.

Hann segir Litróf millistóra prentsmiðju sem hafi haldið sjó undanfarin ár. „Fyrirtækið var upphaflega stofnað árið 1943, en ég tók við því árið 1983. Við fórum yfir í prentsmiðjurekstur árið 1996 og síðan þá höfum við bætt við vélakost okkar jafnt og þétt, aukið þjónustu og tekið í notkun nýjustu tækni."

Hjá Litrófi starfa í dag átján starfsmenn. Allir eru faglærðir í sínu fagi og með mikla og góða reynslu í prentgeiranum.


Í tilefni af nýrri þjónustu bjóðum við nafnspjöld á

1.990 kr. m/vsk

150 stk., prentun öðru megin, 4 litir, 300 g silk.



Tilboðið gildir til 1. mars 2012.




HRATT OG ÖRUGGLEGA

Leitaðu alltaf tilboða hjá Litróf þegar þig vantar vandaða prentun á hagstæðum kjörum.

Það kostar ekkert en gæti margborgað sig.

LITRÓF prentsmiðja

– litrof.is –

### ALÞJÓÐLEGT PRENTSAFN Í SUÐUR-KALIFORNÍU



**Alþjóðlega prentsafnið** er opinber stofnun sem stofnuð var 1988 af David Jacobson og Ernest A. Lindner. Safnið er í smábænum Carson í Kaliforníu um tuttugu mínútna akstur fyrir sunnan miðborg Los Angeles. Þar er meðal annars að finna The Lindner Collection of Antique Printing Machinery sem lánað hefur prentvélar frá ýmsum tímum til kvikmyndavera sem gera myndir þar sem prentiðnaðurinn kemur við sögu.

hönnun • umbrot • auglýsingar • prentun




Fermingarboðskort • Bæklingar
Bréfsefni • Litaljósritun • Nafnspjöld • Plastkort
Prentun • Reikningar • Skýrslur • o.fl. o.fl.
FRUM ...góður punktur
Grensásvegur 12A • Sími 568 1000 • frum.is

ÖLL ALMENN PRENTUN

Svo sem:
Nafnspjöld
Bréfsefni
Möppur
Umslög
Ársskýrslur
Bæklingar
Boðskort
Bækur

Bjóðum einnig:
Útlitshönnun
Heimasíðugerð
Rafbókagerð
Ljósmyndir
Ljósritun

GERÐU KORTIN HEIMA
Útbúðu sjálf/ur fermingarkortið
þitt á www.katkort.is.
Einfalt og ódýrt
KÁTKORT
www.katkort.is

Smiðjuvegi 18
(rauð gata)
200 Kópavogur
S: 577 4646
videy.is
videy@videy.is
PRENTSMIÐJAN VIÐEY





Faðirvorið er prentað í þessari örsmáu bók sem er 5x5 mm og er ein minnsta bók í heimi. NORDICPHOTOS/GETTY




Meðal þess sem er að finna í smábókasafni Nikunjs Vagadia er minnsta ævisaga Gandhi skreytt gulli.

# Minnstu bækurnar

**Bækur eru heillandi. Þær geta bæði glatt augað með fallegu prentverki en ekki síður auðgað hugann með fróðlegu innihaldi. Þetta á bæði við stórar sem smáar bækur og jafnvel svo örsmáar að þær sjást ekki með beru auga.**

Minnsta bók heims samkvæmt heimsmetabók Guinnes er „Teeny Ted from Turnip Town“ sem Robert Chaplin gaf út í apríl árið 2007. Sagan er eftir Malcom Douglas Chaplin og er dæmisaga um sigur Teeny Ted í næpukeppni á landbúnaðarsýningu. Bókin var framleidd í rannsóknarstofunni Nano Imaging við Simon Fraser-háskólann í Vancouver í Bandaríkjunum. Bókin er aðeins 0,07 mm sinnum 0,10 mm að stærð. Stafirnir eru ristir með 7 nanómetra jónageisla á 30 örsmáar töflur á sílíkonflögu.

Bókin kostaði tíu þúsund pund í framleiðslu og var gefin út í 100 eintökum. Ekki var talið að eftirspurnin yrði mjög mikil þar sem sérstaka smásjá þarf til að lesa bókina. Bókin hefur sitt eigið ISBN-númer sem er ISBN-978-1-894897-17-4



Minnsta bók í heimi samkvæmt heimsmetabók Guinness er Teeny Ted from Turnip Town Hún er 0,07 mm x 0,10 mm og sést ekki með berum augum.

### Stærsta smábókasafnið

Sumir safna frímerkjum, aðrir servíettum, en indverski kennarinn Nikunj Vagadia safnar smáum bókum. Hann á nú eitt stærsta safn slíkra bóka í heimi. Þar má finna bækur sem eru frá 19x27 mm upp í 47x55mm. Safninu er skipt niður í 17 flokka á borð við ævisögur, klassísk leikrit, smásögur, barnabækur, skáldverk og trúarleg rit. Dýrasta bókin í safni hans er 33x46 mm stór ævisaga Mahatma Gandhi sem bundin er í kápu úr 24 karata gulli. Meðal annarra bóka í safni Vagadia má nefna Harry Potter og viskusteininn og 258 svipaðar bækur sem hann hefur sjálfur framleitt. Og markmiðið? Það er að dreifa boðskap friðar, kærleika og ástar.



# *Fyrsta prentsmiðjan á Íslandi*

Fyrsta prentsmiðja á Íslandi var að Hólum í Hjaltadal. Jón Matthíasson prestur flutti hana til landsins, að því að talið er í kringum 1530, að tilhlutan Jóns Arasonar biskups. Óhætt er að segja að þar hafi á sínum tíma verið prentuð mörg öndvegisrit á íslensku, svo sem guðrænirit, rímnakver, dómbækur, lögbækur og fleira.

Guðbrandsbiblía er meðal þess sem prentað var á Hólum. Hún er fyrsta heildarútgáfa Biblíunnar á íslensku og kennd við Guðbrand Þorláksson biskup þar. Samkvæmt titilblaði var útgáfuár 1584. Hægt er að skoða upprunalegt eintak af henni á Þjóðminjasafni Íslands. Af öðrum verkum sem voru prentuð á Hólum má nefna frumútgáfu Passíusálma Hallgríms Péturssonar árið 1666 og Jónsbók, hin forna lögbók Íslendinga, sem kom í tveimur útgáfum, 1707 og 1709.



Prentsmiðja var lengi vel rekin á Hólum. MYND/GUN

Prentsmiðjan á Hólum var starfsrækt til 1779.

*Heimildir: visindavefur.hi.is og wikipedia.org.*



Göngum hreint til verks!
#1 á Íslandi með Svansmerkið!
GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur

# Frá hugmynd til viðtakanda

**Umslag stendur á tvítugu um þessar mundir. Slagorð fyrirtækisins er ofangreint og ekkert verkefni of stórt né flókið í meðförum starfsfólks Umslags sem sérhæfir sig í prentun, pökkun og dreifingu fjölbreyttra gagna.**

Íslagorðinu felst að við getum leyst málin frá upphafi til enda, hvort sem viðskiptavinurinn kemur með óljósa hugmynd í kollinum eða óunnin gögn. Hann þarf einfaldlega ekki að hafa áhyggjur meir því við sjáum af fagmennsku um málið frá A til Ö," segir Sölvi Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri Umslags. Hann segir fyrirtækið bjóða fjölbreytta vöruflokka og úrlausnir.

„Meðal verkefna Umslags á sviði gagnaprentunar eru reikningar, yfirlit og markpóstur, svo eitthvað sé nefnt. Við sérhæfum okkur í hönnun, áritun og pökkun gagna og prentun umslaga, en erum jafnvíg á alla aðra prentun, jafnt stóra sem smáa," útskýrir Sölvi og bætir við að fyrirtækið leggi mikið upp úr öryggismálum.

„Öryggi og trúnaður skiptir höfuðmáli við vinnu á viðkvæmum gögnum, hvort sem þau koma frá ríki, borg eða fyrirtækjum. Þá höfum við alltaf verið ófeimnir að vera í samstarfi við aðra, bæði prentsmiðjur og fyrirtæki, og þar má meðal annars nefna Advania, en það samstarf hefur varað í hartnær tvo áratugi," útskýrir Sölvi.

### TIL UMHUGSUNAR

**„Prentun hefur verið við lýði í 500 ár og pappír verið til í 5.000 ár. Því mun iPad ekki breyta á einni nóttu."**

*- Benny Landa*

Meðal vinsælla úrlausna Umslags er svokallað prentbox fyrir fyrirtæki. Prentbox er gagnagrunnur á netinu þar sem fyrirtæki geta vistað öll prentgögn sín á einum stað.

„Prentbox hafa slegið í gegn og mörg fyrirtæki sem nýta sér þægilegan aðgang að prentgögnum sínum, þaðan sem auðvelt er að vinna með þau áfram og panta prentun úr þegar á þarf að halda og hvaðanæva að," segir Sölvi.

Hann segir Umslag mestmegnis starfa í þjónustu fyrirtækja og að nú færist í aukana að óskað sé eftir breytilegri prentun.

„Með breytilegri prentun geta fyrirtæki sent út markpóst með mismunandi skilaboðum, myndum og grafík til ólíkra viðtakenda. Þá tökum við með í reikninginn viðskiptamannalista fyrirtækisins og klæðskerasníðum markpóstinn að ólíkum markhópum. Með því geta fyrirtæki sent út markvissari skilaboð og náð til markvissara úrtaks hverju sinni."

Sölvi segir prentsmiðjur lifa í síbreytilegu vinnuumhverfi og til að mæta því ætli Umslag að snúa sér meira að stafrænni vinnslu en áður, bæði í prentun og annarri þjónustu.

„Við ætlum að færa út kvíarnar með fleiri boðleiðum sem enn munu auka á möguleika fyrirtækja til að ná til viðskiptavina með óvæntum og skemmtilegum leiðum."



Sölvi Sveinbjörnsson er framkvæmdastjóri Umslags. Þar á bæ er tekið einkar hlýlega á móti gestum í einstöku og umhverfisvænu fyrirtæki. MYND/VALLI



Sölvi í prentsal Umslags þar sem náttúruvernd er höfð í hávegum við vinnslu prentgripa. MYND/VALLI

# Vinir náttúrunnar

**Umslag er umhverfisvænt fyrirtæki alla leið og fær Svansvottun á næstu dögum.**

Þeir sem stunda pappírsviðskipti og prentun hafa í seinni tíð þurft að sitja undir gagnrýni um að vera óvinir náttúrunnar og eyða dýrmætum skógum til þess eins að skaða umhverfið. Því andmælum við harðlega því pappírsnotkun nú til dags tengist viðamikilli umhverfisstefnu sem rekin er um allan heim," segir Sölvi Sveinbjörnsson í Umslagi, þar sem umhverfisvernd hefur alla tíð verið höfð að leiðarljósi, en fyrirtækið fékk meðal annars umhverfisverðlaun Reykjavíkurborgar árið 2003 og er í þann veginn að fá Svansvottun, sem er norrænt umhverfismerki sem vottar strangar umhverfis-, heilsu- og gæðakröfur.

„Umslag hefur alltaf verið duglegt að flokka og skila, og notar eingöngu endurvinnanlegan pappír úr nytjaskógum. Í nytjaskógum eru ræktuð ný tré í stað þeirra sem felld eru til pappírsframleiðslu. Það er holt fyrir náttúruna því tré eru öflugust á fyrstu æviárunum og vinna þá mest gegn mengun. Síðar hægist á virkni þeirra og því ávinningur fyrir umhverfið að fella gömul tré til að rækta upp ný í staðinn."

### HEIMILISLEGT OG KÓSÍ

**Í Umslagi** starfar þéttur hópur sautján starfsmanna í notalegu og heimilislegu umhverfi.

„Við erum meira í ætt við fjölskyldu en fyrirtæki og fylgjumst vel með sálarástandi hvers annars," segir Sölvi hlæjandi. „Styrkur fyrirtækisins liggur í hvaða augum starfsfólkið lítur það. Umslag er eins og annað heimili þess; við gerum mikið saman, göngum á jökla, förum í ferðalög, höldum þorrablót, jólaboð og fleira. Þá erum við með ákveðna menntaog forvarnastefnu sem felst meðal annars í því að allir starfsmenn sækja nauðsynleg námskeið, og einnig má nefna að þeir fá göngugreiningu í Flexor og þar til gerða skó og innlegg ef þeir óska, því stöður eru oft miklar við vélar. Í okkar umhverfi skiptir miklu að allir geti unnið hratt og vel og við gerum okkar besta til að starfsfólkinu líði sem best við störf sín."



### SAGAN UM LITLA LJÓTA MYNDAGALLERÍIÐ

**Á veggjum** Umslags hanga yfir 150 málverk, dreifð um fyrirtækið, jafnt skrifstofur, vinnslusali, kaffistofu og salerni þess. Tilurð listaverkasafnsins, sem í daglegu tali Umslagsfólks er kallað Litla, ljóta myndagalleríið, er frá árdögum fyrirtækisins þegar þáverandi eigandi keypti málverk sem sambýliskona hans hafði ekki smekk fyrir. Hann ákvað því að stofna sitt eigið gallerí og er ötull listaverkasafnari, en á veggjum Umslags hanga verk stórmálara niður í minni spámenn.

**„Við bjóðum** viðskiptavinum alltaf að skoða listagalleríið, en ef þeir hafa áhuga mega þeir skoða vinnsluna í leiðinni," útskýrir Sölvi og kímir.

RICOH

# Við óskum prentun.is Stafræna prentsmiðjan til hamingju með nýju prentvélina

- sem er sú þriðja í röðinni frá Optima og þökkum þeim jafnframt fyrir gott samstarf síðustu 15 ár




**RICOH Pro C651EX** er ein öflugasta stafræna litaprentvélin á Íslandi í dag.

STOFNAÐ 1953
OPTÍMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
Optíma er aðili að rammasamningi Ríkiskaupa

Optima býður gott úrval af skrifstofutækjum, búnaði og lausnum fyrir stór, meðalstór og lítil fyrirtæki, s.s. ljósritunarvélar, prentara, skanna og faxtæki, sem og ýmsar hugbúnaðarlausnir.

www.optima.is

# Sterkari saman

## Tvö lyfjaform samtímis geta skilað árangri fyrr

Hjá þeim sem finna fyrir aukinni reykingaþörf, getur skjótvirkt nikótínlyf, t.d. 2 mg Nicorette lyfjatyggigúmmí eða innsogslyf, samtímis forðaplástrinum, skilað árangri fyrr.




**Kostir lyfjaformanna sameinaðir**
Samsett meðferð sameinar kosti lyfjaformanna: þ.e. jafna og stöðuga nikótíngjöf plástursins og skjótvirkari áhrif lyfjatyggigúmmísins eða innsogslyfsins.

Þegar reykingalöngunin „toppar“, stýrir þú nikótínþörfinni með lyfjatyggigúmmíi eða innsogslyfi.

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Forðaplástur 1 stk., lyfjatyggigúmmí 24 stk., innsogslyf -12 stk. nikótíntappar. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

nicorette nicotin ™



### HEIMATILBÚINN TEPOKI

**Fátt er** betra fyrir sáran háls en heitt og mjúkt te. Einfalt er að nota kaffisíupoka úr bréfi í heimatilbúinn tepoka undir engifer og dýfa í sjóðandi vatn.

Raspaðu engiferrót niður með fínu rifjárni þar til það fyllir um það bil teskeið. Skóflaðu rifnu engiferrótinni í botninn á kaffipoka og snúðu upp á til að loka. Dýfðu pokanum ofan í sjóðandi vatn í bolla í um það bil tvær mínútur. Fjarlægðu þá pokann svo teið verði ekki of rammt. Bættu tveimur teskeiðum af hunangi í bollann og kreistu nokkra dropa úr sítrónu út í. Hrærðu þar til hunangið leysist upp.



### UNDRALYFIÐ LÝSI

**Lýsi er** samheiti á fitu sem unnin er úr sjávardýrum. Til eru margar gerðir af lýsi og má til dæmis nefna þorskalýsi, loðnulýsi, síldarlýsi, túnfisklýsi, háfalýsi og sardínulýsi. Þessar tegundir eru allar unnar úr fiski, ýmist heilum (til dæmis loðnulýsi) eða úr einstökum líffærum (til dæmis þorskalýsi úr þorskalifur). Meðan enn voru stundaðar hvalveiðar við Ísland var einnig framleitt lýsi úr hval. Sumar þjóðir framleiða lýsi úr selspiki.

### UNDRALYFIÐ KÓK

**Dr. John** Sith Pemberton (1831-1888), lyfjafræðingur í Atlanta í Georgíu, Bandaríkjunum, framleiddi fyrst sírópið sem varð þekkt sem Coca-Cola árið 1886. Hann var að reyna að finna upp vökva sem læknaði höfuðverk. Pemberton lét blanda kolsýrðu vatni saman við sírópið í apóteki í nágrenninu og seldi í glösum á 5 sent stykkið. Upprunalegi drykkurinn innihélt kókaín. Seinna keypti athafnamaðurinn Asa Griggs Chandler (1851-1929) framleiðsluréttinn að kóki og stofnaði Coca Cola-fyrirtækið. Nú er kók ein þekktasta vörutegund í heiminum.

*Heimild: visindavefur.hi.is*




## SAGA PENISILLÍNS

**Ernest Duchesne,** franskur læknanemi, uppgötvaði bakteríudrepandi eiginleika penisillíns fyrstur manna árið 1896 þegar hann skoðaði mygluna Penicillum glaucum sem notuð er til að búa til gorgonzola-ost. Uppgötvun hans vakti enga sérstaka athygli.

Skoska vísindamanninum Alexander Fleming er yfirleitt eignaður heiðurinn af uppgötvun penisillíns. Hann enduruppgötvaði það árið 1928 þegar hann uppgötvaði að sveppurinn Penicillum notatum gaf frá sér bakteríudrepandi efni. Efnið var kallað penisillín eftir sveppnum. Fleming taldi hins vegar að áhrif pensillíns væru ekki nógu langvarandi til að lækna sjúkdóma. Hann hætti því rannsóknum á því 1931.

Ástralski meinafræðingurinn Howard Florey og þýski lífefnafræðingurinn Ernst Chain við Oxford-háskóla fóru aftur að rannsaka áhrif penisillíns 1939. Rannsóknirnar leiddu til framleiðslu á penisillíni og vöktu von um að hægt yrði að útrýma sjúkdómum. Fleming, Florey og Chain voru veitt Nóbelsverðlaunin í lífeðlisfræði eða læknisfræði fyrir uppgötvanir sínar árið 1945.

Heimildir: visindavefur.hi.is og wikipedia.org



Penisillín er kennt við sveppinn Penicillum notatum.



**KAUPUM GULL**

**og aðra eðalmálma gegn framvísun persónuskilríkja. Sigga & Timo Linnetsstíg 2, 220 Hafnarfjörður S. 565 4854 www.siggaogtimo.is**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

Óska eftir gámi, vörugámur óskast strax S. 650 6500

## Til bygginga



**Harðviður til húsabygginga. Sjá nánar á www.vidur.is**

Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

## Verslun






**TILBOÐ TILBOÐ**

Vandaðir dömuskór úr leðri og fóðraðir með flís. TILBOÐSVERÐ: 9.500.- Meðan byrgðir endast Misty skór Laugavegi 178 s: 5512070 Opið: má - fö: 10 - 18 lau: 10 - 14.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í yfir 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. S. 896 4662 www.lifsstill.is/eddaborg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

**NUDD - HEILSA**

FÓTAAÐGERÐIR - DETOX - NUDD. RÁÐGJÖF varðandi kvilla, næringu, hreyfingu, bætiefni, vinnu, lífsstíl og hamingju. NÁMSKEIÐ. HAGSTÆÐ TILBOÐ. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

## Þjónusta

Þreytt/ur og orkulaus? Slæm/ur í baki eða með aðra verki frá stoðkerfi? Heilun gæti hjálpað þér. Uppl. og tímapantanir í s: 618-0211, Áslaug.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

Rebozo-nuddnámskeið 1, og 2. mars. Rebozo-nudd er mikið notað fyrir konur á meðgöngu og í fæðingu en nýtist flestum. Nánar á http://hondihond.is/rebozo-vinnusmidja/ eða í s. 862-4804

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Heimilistæki

**554 4445**

**Biluð tæki?**

Gerum við:
- Þvottavélar
- Þurrkara
- Ísskápa
- Frystiskápa
- Rafmagnsverkfæri
- Heita potta

Tökum einnig að okkur almennar vélaviðgerðir.

EGILL Miðhrauni 2 210 Garðabæ www.egill.is

EGILL - ALLT Á SAMA STAÐ

MIELE Uppþv.vél. 2ára, lítið notuð og vel með farin. Á 50% af verði nýrrar. s. 690 0210

## Dýrahald



Labradorhvolpar, hreinr. HRFI ættbók, hagstætt verð. Uppl. í s. 8222118, 8220383 & á facebook.com/fornastekksræktun

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu ný 2ja herb. íbúð í miðbæ Reykjavíkur. Reglusemi og snyrtimennska skilyrði. Fyrirframgreiðsla. Uppl. í s. 897 9390 og 896 1306.

Herbergi í 101 til leigu. Nálægt HÍ. Sími 773 3182.

3 herbergja íbúð til leigu 100 fm í 203 kóp. 155þ. Virkilega falleg íbúð. S:6959054

3 herbergja íbúð til leigu 100 fm í 203 kóp. 155þ. Virkilega falleg íbúð. S:6959054

**Herbergi til leigu**

Rúmgóð herbergi með aðgengi að öllu 40þús. per mán. Uppl. í s. 776-5441.

Room for rent/ herbergi til leigu á svæði 105. Uppl. s. 695 1918.

**Leigjendur, takið eftir!**

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til leigu 2 herb. íbúð við miðbæ Hafnarfirði, parket, geymsla og þvottah í íbúð, sér garður. Gæludýr OK. Verð 120þús. mán. Til sýnis milli 5-6 í dag. Sigrún 695 6861.

## Húsnæði óskast

Róleg og reglusöm kona á sextugs aldri óskar eftir íbúð til leigu. Uppl. í S:867-2145

Íbúð óskast fyrir háskólanema, helst á 105 svæðinu eða nálægt. Vinsamlegast hafið samb. í 661-7338 eða 776-0179.

Óska eftir stúdíó eða 2. herb. íbúð í 101 til leigu. Ég er 26 ára, reglusamur og reyklaus. 100% skilvísum greiðslum heitið. Sími: 611-9921

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir að taka á leigu 50 fm eða stærra atvinnuhúsnæði. Helst með útisvæði. Uppl. 845 4096.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**

Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymslur.com**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

## Gisting

**ÍBÚÐ Í KÖBEN.is**

12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING

Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 271 11038 apartments.cph@gmail.com www.ibudikoben.is

# TILKYNNINGAR

## Fundir

Aðalfundur Samfylkingarinnar í Kópavogi verður haldinn mánudaginn 20 feb. 2012. kl. 20:30 í sal félagsins Hamraborg 11. sjá nánar á vef félagsins www.xskopavogur.is.

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)

**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)

**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu frá 13-18:30 og einnig um helgar. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

Bæjarbakarí í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu. Fullt starf. Íslenskukunnátta skilyrði. Umsóknareyðublöð á bakstur.is uppl. í s. 555 0480, Sigurður.

**STAY APARTMENTS**

STAY APARTMENTS leitar eftir þernu í fullt starf. 25 ára eða eldri. Dag og helgarvinna. Bílpróf og helst bíll til umráða. Vinsamlegast sendið umsóknir í stay@stay.is

**Ræstingar í hótelíbúðum í miðbæ Reykjavíkur**

**Vinnutími er 4 til 6 tímar á dag virka daga og aðra hvora helgi. Við leitum að heiðarlegum, stundvísum og reyklausum starfskrafti 19 ára eða eldri. Þurfa að vera vön þrifum og vönduðu vinnubrögðum og geta tjáð sig á íslensku og ensku. Vinsamlega sendið upplýsingar í tölvupósti á 4@4.is Kastalinn Lúxusíbúðir og Embassy Lúxusíbúðir http://4.is**

Culiacan óskar eftir starfsmanni í eldhús100% Dagv. Uppl.8688489.

Stýrimann og yfirvélstjóra vantar á tæplega 200 tonna rækjubát. Sem er að hefja rækjuveiðar. Uppl. í síma 845 3480.

## Atvinna óskast

**Starf matráðs við Náttúruleikskólann Krakkakot á Álftanesi er laust til umsóknar.**

**Leitað er að starfsmanni sem hefur ríka þjónustulund, er jákvæður, samvinnuþýður og sjálfstæður í vinnubrögðum. Laun samkvæmt kjarasamningi. Umsækjandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Hjördís Ólafsdóttir leikskólastjóra í síma 5502330/8215006.**

## Atvinna

**Grunnskóli Seltjarnarness auglýsir laust starf**

**Stuðningsfulltrúi 70% staða.**

Upplýsingar veitir: Helga Kristín Gunnarsdóttir, helgakr@grunnskoli.is Sími: 595 9250

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvött til að sækja um auglýst störf.

Á Seltjarnarnesi eru um 550 nemendur í heildstæðum grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum; Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1. - 6. bekk og Valhúsaskóla fyrir nemendur í 7. - 10. bekk. Í Skólaskjóli eru um 100 nemendur. www.grunnskoli.is

Fræðslusvið Seltjarnarnesbæjar
www.seltjarnarnes.is

## Tilkynningar

**FÉLAG FASTEIGNASALA**

Til félagsmanna í Félagi fasteignasala.

**AÐALFUNDUR 2012**

Aðalfundur Félags fasteignasala verður haldinn miðvikudaginn 29. febrúar kl. 16.30 síðdegis á Grand Hótel Reykjavík.

**Á dagskrá aðalfundar FF verða eftirtalin mál:**

1. Skýrsla stjórnar um starfsemina á liðnu starfsári.
2. Skýrsla eftirlitsnefndar Félags fasteignasala vegna liðins starfsárs
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
4. Ákvörðun um ávöxtun sjóða félagsins.
5. Útnefning heiðursfélaga FF
6. Breyting á samþykktum Félags fasteignasala
7. Staða mála varðandi breytingar á lögum um sölu fasteigna, fyrirtækja og skipa
8. Kjör skoðunarmanna reikninga
9. Kjör laganefndar
10. Kosning stjórnar.
11. Önnur mál, er upp kunna að vera borin.

Aðalfundur Fasteignaleitar ehf (fasteignir.is) verður haldinn miðvikudaginn 29. febrúar kl. 18.30 á Grand Hótel

**DAGSKRÁ:**

1. Ársskýrsla fasteignaleitar ehf
2. Endurskoðaður reikningur fyrir liðið reikningsár.
3. Breyting á samþykktum fasteignaleitar ehf
4. Önnur mál.

*Stjórnin*

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

**Tjarnarland, urðunarstaður Fljótsdalshéraði auglýsing um opið hús.**

Skipulags- og byggingarfulltrúi Fljótsdalshéraðs auglýsir hér með opið hús þar sem íbúar geta kynnt sér lýsingu deiliskipulagsverkefnis fyrir urðunarstað á Tjarnalandi, Fljótsdalshéraði skv. ákv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Um er að ræða fyrirhugaða stækkun á urðunarsvæðinu á Tjarnarlandi Lýsingin verður til sýnis á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs, að Lyngási 12, Egilsstöðum föstudaginn 17. febrúar frá kl. 8.00 til kl. 16.00. Lýsingin verður einnig á heimasíðu sveitarfélagsins „egilsstadir.is" Íbúum er með þessu gefinn kostur á að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum við lýsinguna. Athugasemdir, ef einhverjar eru, óskast sendar Skipulags- og byggingarfulltrúi, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, eigi síðar en 27.02.2012, merkt "Tjarnarland urðunarstaður."

Tillaga að deiliskipulaginu og umhverfisskýrslu verður svo til sýnis á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs, að Lyngási 12, Egilsstöðum fimmtudaginn 1. mars frá kl. 8:00 til kl. 16:00 og á heimasíðu sveitarfélagsins. Athugasemdir við deiliskipulagstillöguna og umhverfisskýrsluna, ef einhverjar eru óskast sendar Skipulags- og byggingarfulltrúi, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, eigi síðar en 12. mars 2012, merkt "Tjarnarland urðunarstaður."

*Ómar Þröstur Björgólfsson*
*Skipulags- og byggingarfulltrúi*
*Fljótsdalshéraðs.*



## 80 ára afmæli

Þann 20. febrúar nk. fagnar

**Sigurbjörg Jóhannesdóttir**

80 ára afmæli sínu.
Af því tilefni er ættingjum og vinum boðið að þiggja kaffiveitingar og samgleðjast með henni sunnud. 19. feb. frá kl. 14 – 17 í Árskógum 4 (Skógarbæ).



*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, stjúpfaðir, bróðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Róbert Benediktsson**
húsasmíðameistari,
Hafnargötu 23, Reykjanesbæ,

lést laugardaginn 28. janúar. Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 15.00.
Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Hjartavernd.

**Auðbjörg Guðröðardóttir**
**Guðrún Pétursdóttir**
**Róbert Benedikt Róbertsson** **Diljá Mist Einarsdóttir**
**Jón Pétur Róbertsson**
**Baldur Már Róbertsson** **Jill Renea Róbertsson**
**Guðmundur Þór Róbertsson** **Þórdís Magnúsdóttir**
**Halldór Ingi Róbertsson**
**Rúnar Valur Róbertsson** **Ragnheiður Arnardóttir**
**Berglind Friðbergsdóttir** **Björn Þór Baldursson**
**Brynjar Friðbergsson** **Guðrún Lind Brynjólfsdóttir**
**Haraldur Guðmannsson** **Dóra Björk Marinósdóttir**
**Guðjón Jónsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Sch. Thorsteinsson**
Hlíðarhúsum 3, Reykjavík,

lést sunnudaginn 12. febrúar. Útför hennar fer fram frá Áskirkju þriðjudaginn 21. febrúar kl. 15.00.

**Sigmundur Guðmundsson**
**Bergþóra Sigmundsdóttir** **Gunnar V. Johnsen**
**Egill Þ. Sigmundsson** **Petra Lind Einarsdóttir**
**Björg Sigmundsdóttir** **Már Guðmundsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Þórarinsson**
tónskáld,
Grænuhlíð 4, Reykjavík,

lést að Droplaugarstöðum í Reykjavík sunnudaginn 12. febrúar. Útför hans fer fram frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 23. febrúar kl. 13.00.

**Sigurjóna Jakobsdóttir**
**Anna María Jónsdóttir**
**Þorsteinn M. Jónsson** **Ingibjörg Egilsdóttir**
**Hallgerður Jónsdóttir** **Rögnvaldur Hreiðarsson**
**Benedikt Páll Jónsson**
**Þórarinn Jónsson**
**Ágúst Jónsson** **Edda Erlendsdóttir**
**Rafn Jónsson** **Sigríður Rafnsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

# Eðli hávaðans í mótmælum

Njörður Sigurjónsson lektor heldur fyrirlestur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands í hádeginu í dag þar sem hann fjallar um eðli hávaðans í mótmælum.



**NJÖRÐUR SIGURJÓNSSON**

„Í janúar 2009 söfnuðust hópar mótmælenda saman fyrir utan Alþingishúsið og kröfðust afsagnar ríkisstjórnarinnar. Mótmælin einkenndust af taktfastri hrynjandi, trommuslátt, dansi, varðeldum, málningu sem slett var á veggi, stefjum og sefjun, en í [erindinu] er fjallað um hávaða sem hávaða, bæði merkingarbært og mikilvægt pólitískt afl," eins og segir í fréttatilkynningu.

Í erindinu er velt upp spurningum um eðli hávaðans í mótmælum og sérstakri athygli beint að hrópum á þingpöllum 8. desember 2008. Njörður bendir á að truflunin hafi vakið mikla athygli en hafi þó ekki verið skoðuð í samhengi hávaða sem stjórnmálalegs og menningarlegs fyrirbæris.

Njörður Sigurjónsson er doktor í menningarstjórnun (Cultural Policy and Management) og lektor við Háskólann á Bifröst. Njörður hefur undanfarin ár kennt í meistaranámi í menningarstjórnun og menningarfræði við Háskólann á Bifröst og stundað rannsóknir á tónleikaformi, lýðræði og tengslum fagurfræði og skipulags.



**TAKTFÖST MÓTMÆLI** Trommur voru ekki sjaldgæfur fylgifiskur mótmæla í kjölfar hrunsins. Fjallað verður um hávaða í mótmælum í fyrirlestri í dag.

# Vekja athygli á krabbameini í börnum

Alþjóðlegur baráttudagur krabbameinssjúkra barna er í dag, 15. febrúar. Í tilefni þess munu nemendur í 2. og 3. bekk Grandaskóla koma saman við skólann kl. 11.00 og sleppa 400 blöðrum til himins í því skyni að vekja athygli á málstaðnum, en einn drengur úr hópnum er í krabbameinsmeðferð.

Jafnframt hefur Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna dreift að undanförnu um 12.000 póstkortum til ýmissa aðila í landinu þar sem vakin er athygli á einkennum krabbameins í börnum.

Það eru alþjóðasamtök foreldra barna með krabbamein (ICCCPO), sem SKB er aðili að og alþjóðleg samtök barnakrabbameinslækna (SIOP) sem standa sameiginlega að þessari fræðslu og vitundarvakningu meðal almennings.



**BARÁTTUDAGUR** Fjögur hundruð blöðrum verður sleppt til himins við Grandaskóla.

## Merkisatburðir

- **1662** Ragnheiður Brynjólfsdóttir elur son þeirra Daða Halldórssonar.
- **1917** Kristín Ólafsdóttir lýkur læknaprófi frá Háskóla Íslands, fyrst kvenna.
- **1923** Fyrsta konan tekur sæti á Alþingi. Það er Ingibjörg H. Bjarnason.
- **1944** Kvikmyndin Casablanca, með Humphrey Bogart og Ingrid Bergman í aðalhlutverkum, er frumsýnd í Tjarnarbíói.
- **1956** Denni dæmalausi birtist í fyrsta sinn í Tímanum.
- **1965** Fáni Kanada, með rauðu hlynsblaði, er tekinn upp.
- **1989** Sovétríkin tilkynna að allir hermenn þeirra hafi yfirgefið Afganistan.
- **1992** Ásdís, fyrsta Fokker 50-flugvél Flugleiða, kemur til landsins.
- **2003** Yfir sex milljónir manna taka þátt í alþjóðlegum mótmælum gegn stríðinu í Írak.



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hermann Ólafur Guðnason**
fv. yfirverkstjóri Vélamiðstöðvar Reykjavíkurborgar,
Hjúkrunarheimilinu Mörk,
Suðurlandsbraut 66,

lést þriðjudaginn 7. febrúar. Útför hans verður gerð frá Grensáskirkju föstudaginn 17. febrúar kl. 15.00.

**Elsa P. Níelsdóttir**
**Ólöf Dóra Hermannsdóttir**
**Ragnhildur Hermannsdóttir** **Hjörtur Pálsson**
**Erlendur N. Hermannsson** **Anna M. Grétarsdóttir**
**Jóhann G. Hermannsson** **Kristín B. Óskarsdóttir**
**Erla Ósk Hermannsdóttir** **Gunnar S. Gottskálksson**
**barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.**



*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi,*

**Haukur Pálsson**
húsasmíðameistari,
Sléttuvegi 15, Reykjavík,

lést á Landspítala Landakoti sunnudaginn 12. febrúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 20. febrúar kl. 15.00.

**Guðrún Helga Hauksdóttir** **Jóhann Örn Guðmundsson**
**Gunnar Haraldur Hauksson** **Kristín Jóna Guðjónsdóttir**
**Sigurjón Páll Hauksson** **Sigríður Valdís Karlsdóttir**
**Kristín Hulda Hauksdóttir** **Gylfi Jónasson**
**Haukur Hauksson** **Dögg Jónsdóttir**
**Unnur Erna Hauksdóttir** **Ólafur Örn Valdimarsson**
**Jónas Guðgeir Hauksson** **Sigrún Guðmundsdóttir**
**Júlíana Hauksdóttir** **Loftur Ólafur Leifsson**
**Guðfinna Hauksdóttir** **Hafliði Halldórsson**
**og fjölskyldur.**



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Guðmundsson**
Grænumörk 5, Selfossi,

lést 10. febrúar á Landspítalanum Fossvogi.
Útför hans fer fram frá Selfosskirkju laugardaginn 18. febrúar kl. 11.00.

**Guðmundur Árnason**
**Bárður Árnason** **Aðalbjörg Skúladóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ása Guðmundsdóttir**
hússtjórnarkennari frá Harðbak,

lést sunnudaginn 29. janúar sl. Útförin fer fram frá Áskirkju fimmtudaginn 16. febrúar kl. 15.00.

**Guðmundur Þorgeirsson** **Bryndís Sigurjónsdóttir**
**Gestur Þorgeirsson** **Sólveig Jónsdóttir**
**Eiríkur Ingvar Þorgeirsson** **Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**




FROSNIR ÁVEXTIR Í HEILSUDRYKKI
**498** KR. PK




**398** KR. 500ML
LÍFRÆNT KÓKOSVATN




**698** KR. 500 GR
## HEIMA MÖNDLUR MEÐ HÝÐI

### Möndlur eru ofurfæða

**Tímaritið International Journal of Obesity** fjallaði um offitu og nýja rannsókn sem bendir sterklega til að þeir sem borða átta til **níu grömm á dag af möndlum,** lækki líkamsmassa sinn (Body Mass Index) um heil **18 prósent.** Næringarefni í möndlum eru t.d. E-vítamín, fólínsýrur, magnesíum, kopar og trefjar. Möndlur innihalda holla fitu; aðallega ein- og fjölómettaðar fitusýrur. Rannsóknir benda sterklega til þess að svolítill **skammtur af möndlum daglega** geti dregið úr líkum á hjartasjúkdómum og lækkað blóðfitu.

International Journal of Obesity



## LÁRPERA
## AVOCADO ER OFURFÆÐA

Einómettuðu fitusýrurnar og næringarinnihald **avocado** hjálpa til við efnaskiptahraða líkamans og dregur úr þörfinni á ofáti. Einómettaðar fitusýrur hjálpa til við að lækka LDL kólesterólið sem oft er nefnt það slæma og þær stuðla einnig að hækkun á HDL kólesteróli sem er talið vera hið góða.

FERSKT **AVOCADO**
**495** KR. KG




**2159** KR. 300 GR
MAXX CREATIN

**3598** KR. PK
MAXX PRÓTEIN 908 GR

**2798** KR. PK
PROFIT PRÓTEIN 600 GR & 700 GR




**298** KR. 250 ML
ÁVAXTA -ORKUDRYKKUR **FROOSH**




**198** KR. 500 ML
POWERADE ORKUDRYKKUR 500 ML



**189** KR. KG
HOLLENSKAR **PERUR**



**979** KR. 135 GR
PRÓTEINBOMBA: 80G Í HVERJUM 100G
**SJÓMAÐURINN** HARÐFISKUR




**174** KR. 250 ML
PRÓTEINDRYKKIR 3 TEG. **HÁMARK**



**192** KR. KG
**RAUÐAR VATNSMELÓNUR**



**1398** KR. KG
NF FROSIN **ÍSLENSK BLEIKJA** BEINLAUS MEÐ ROÐI



**998** KR. KG
NF FROSNIR **ÞORSKBITAR** ROÐ OG BEINLAUSIR

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 6 | 4 | | | | | |
| 1 | | | | 2 | 7 | | | |
| 3 | 4 | | 8 | 1 | | | | 9 |
| 2 | 3 | | | | | | 9 | |
| 5 | | 9 | | 7 | | 4 | | 8 |
| | 8 | | | | | | 2 | 7 |
| 9 | | | | 6 | 8 | | 5 | 2 |
| | | | 1 | 4 | | | | 6 |
| | | | | | 3 | 1 | | |

39

ÚRLAUSN Á SUDUKO GÁTU 39 ER Á BONUS.IS

BÓNUS BÝÐUR BETUR
Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## krossgáta




**LÁRÉTT**
**2.** klettahyrna, **6.** líka, **8.** skítur, **9.** sódi, **11.** ónefndur, **12.** hlutdeild, **14.** hégómi, **16.** hvað, **17.** titill, **18.** skelfing, **20.** mergð, **21.** samstæða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** brenna, **3.** stefna, **4.** jarðbrú, **5.** fag, **7.** þjóðsaga, **10.** taug, **13.** mærð, **15.** klædd, **16.** fjölda, **19.** númer.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** múli, **6.** og, **8.** tað, **9.** gos, **11.** nn, **12.** aðild, **14.** snobb, **16.** ha, **17.** frú, **18.** ógn, **20.** úi, **21.** para.

**LÓÐRÉTT: 1.** loga, **3.** út, **4.** landbrú, **5.** iðn, **7.** goðsaga, **10.** sin, **13.** lof, **15.** búin, **16.** hóp, **19.** nr.

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.
ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

SELTJARNARNES

Óskum eftir sérhæð, raðhúsi eða parhúsi á Seltjarnarnesi fyrir traustan kaupanda

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
Óskar Þór Hilmarsson
Löggiltur fasteignasali
Borgartún 31 - 105 Reykjavík - www.fjarfesting.is - fjarfesting@fjarfesting.is

Ofanleiti 19 - 103 -
Opið hús í dag á milli 17 og 17:30




Góð 3ja herb. íbúð á fjölbýlishúsi að Ofanleiti 19 í Reykjavík ásamt stóru stæði í bílageymslu. Íbúðin er öll góðu ástandi, gegnheilt parekt á gólfum, baðherbergi flísalagt, baðker og sturta. Búið að taka húsið allt í geng að utan. **Óskar og Guðjón sýna íbúðina í dag, miðvikudag, á milli 17 og 17.30. Uppl. í síma 822-8750.**



BYLGJAN 25 ÁRA 989

Hemmi Gunn
– og svaraðu nú!
Fjölbreyttur og fjörugur þáttur

alla sunnudaga klukkan 16.
Njótið vel

# Vélin er því miður full

**BAKÞANKAR**
**Ragnheiðar Tryggvadóttur**



Aren´t you glad we never had any children?" Ég leit undrandi upp við nefmælta spurninguna og horfði beint upp í nefið á amerískum ferðamanni á sjötugsaldri, íklæddum liprum æfingagalla en súrum á svip. Spurningin var ekki ætluð mér beinlínis þó hann hefði ekki lækkað róminn, heldur eiginkonu hans sem stóð við hlið hans, í eins galla. Ég var að baksast gegnum flugstöðina í Reykjavík með tvo organdi smákrakka, barnakerru, ferðatösku, skiptitösku og bílstóla og manninum blöskraði svo fyrirgangurinn að hann gat ekki orða bundist, í trausti þess að ég skildi fullkomlega ensku.

**Í ANNARI** ferð hafði ég komið mér fyrir í gluggasæti flugvélar og sat með tæplega tveggja ára skottuna í fanginu. Farþegarnir tíndust inn í vélina og þegar maðurinn sem átti sætið við hliðina sá okkur mæðgurnar varð honum að orði: „Nú, það er svona já!" Ég sá að honum leist ekki á okkur sem ferðafélaga í þröngri vélinni, enda spurði hann flugfreyjuna strax og án þess að lækka róminn, hvort eitthvert annað sæti væri laust. Henni var litið á okkur og sagði manninum skilningsrík að „því miður" væri vélin full. Hann kom sér andvarpandi fyrir. Við mæðgur vorum allt í einu orðnar eins og óvelkomnir aðskotahlutir og ekkert óeðlilegt að það væri gefið berlega í skyn. Þó höfðum við greitt fyrir farið! Það heyrðist ekki í skottunni meðan á flugferðinni stóð og við strunsuðum snúðugar fram hjá sessunaut okkar þegar á áfangastað var komið.

**BARNSGRÁTUR** í þröngu rými er óþolandi. Sjálf gat ég orðið hundfúl í slíkum flugferðum og gerði þá lítið til að fela þóttasvipinn á andlitinu. Þá átti ég engin börn sjálf. Lét jafnvel út úr mér athugasemdir án þess að lækka róminn. Þóttafullar athugasemdir um börn og ónæðið af þeim eru frímiði sem fólk notar hikstalaust til að létta á sér enda allir sammála um að börnum fylgir þreytandi hávaði. En það er ósanngjarnt. Þó ekki væri nema fyrir það að öll höfum við sjálf verið organdi börn einhvern tíma.

**ÉG HELD** að sá ameríski með snúðinn á flugstöðinni um árið hafi ekki ætlast til svars við spurningu sinni, enda virti frúin mann sinn ekki viðlits. Hún fylgdist bara þegjandi með okkur skakklappast þetta fram hjá þeim. Þegar hún blikkaði skyndilega framan í drenginn minn svo lítið bar á vissi ég hvert svar hennar hefði verið.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




VEGNA MIKILLAR EFTIRSPURNAR KEMUR STÓRSKOTALIÐ ÍSLENSKRA SÖNGVARA OG HLJÓÐFÆRALEIKARA SAMAN Á NÝ OG FLYTUR ÖLL BESTU LÖG FREDDIE MERCURY Í ELDBORG SÍÐASTA VETRARDAG!
"Heiðurstónleikar um Freddie Mercury voru í alþjóðlegum klassa og tvímælalaust þeir flottustu sem íslenskir rokkarar hafa gert"
Hemmi Gunn
dagskrárgerðarmaður.
"Frábærir tónleikar sem stóðust fyllilega væntingar mínar og meira til. Var á köflum orðlaus."
Rúnar Róberts á Bylgjunni.
FREDDIE MERCURY
HEIÐURSTÓNLEIKAR Í ELDBORG
SÍÐASTA VETRARDAG
MIÐVIKUDAGSKVÖLDIÐ
18. APRÍL KL. 19:30
EIRÍKUR HAUKSSON-MAGNI-EYÞÓR INGI
MATTHÍAS MATTHÍASSON-FRIÐRIK ÓMAR
HULDA BJÖRK GARÐARSDÓTTIR
12 MANNA ROKKHLJÓMSVEIT OG RADDSVEIT
UNDIR STJÓRN ÞÓRIS ÚLFARSSONAR
midi.is
MIÐASALA HEFST FIMMTUDAGINN 1. MARS KL. 12:00 Á WWW.MIDI.IS, WWW.HARPA.IS OG Í SÍMA 528-5000
Miðaverð: 7.900.-/6.400.-/4.900.-
RIGG EVENTS



**SÍÐUSTU FORVÖÐ** að sjá listasýninguna Þá og nú í Listasafni Íslands sem sett var upp í tengslum við útgáfu Íslenskrar listasögu. Sýningunni lýkur á sunnudag og þá einnig sýningu á verkum Libiu Castro og Ólafs Ólafssonar.



**GUNNAR HERSVEINN** Stjórnar umræðum um ástina í kvöld.

# Fjallar um viðhorf til ástarinnar

**Er ást losti, vinátta eða kærleikur? Er ástin háð tíma, stétt og viðhorfi eða er hún alltaf eins og alls staðar eins? Er viðhorf Íslendinga til ástarinnar sprottið úr norrænum sögum eða er það ef til vill sprottið úr forngrískri heimspeki og ástarbókmenntum miðalda?**

**Þetta er meðal þeirra spurninga sem fram munu koma á Heimspekikaffi í Gerðubergi í kvöld.**

**Gunnar Hersveinn rithöfundur stjórnar umræðum á heimspekikvöldi í kaffihúsi Gerðubergs. Gestur hans verður Aðalheiður Guðmundsdóttir, aðjunkt í þjóðfræði við Háskóla Íslands.**

**Dagsskráin hefst klukkan átta.** - sbt

# Góður leikur í gloppóttri sýningu

Leikhús ★★★☆☆

**Gói og baunagrasið**

Litla svið Borgarleikhússins

**Leikgerð:** Guðjón Davíð Karlsson **tónlist:** Vignir Snær Vigfússon og Guðjón Davíð Karlsson **leikmynd og búningar:** Rannveig Eva Karlsdóttir **gervi:** Ásdís Bjarnþórsdóttir, **ljós:** Kjartan Þórisson **hljóð:** Baldvin Magnússon **flug og allt mögulegt:** Halli Volvo **leikarar:** Þröstur Leó Gunnarsson og Guðjón Davíð Karlsson.



**GÓÐIR** Samleikur þeirra Guðjóns Davíðs Karlssonar og Þrastar Leós Gunnarssonar var afar góður að mati gagnrýnanda Fréttablaðsins.

Leiksýningin Gói og baunagrasið var frumsýnd á litla sviði Borgarleikhússins síðastliðinn laugardag. Guðjón Davíð Karlsson sprellar í gervi Góa sem oft var ansi tengt honum sjálfum enda til þess ætlast. Jói og baunagrasið er ævintýri sem margir þekkja en þó kannski ekki alveg eins tiltækt eins og fjöldi annarra ævintýra. Þess vegna er svolítið erfitt að skilja sumt í þessari sögu. Er það virkilega allt í lagi að stela? Má maður alveg stela frá einhverjum sem er vitlausari og ljótari en maður sjálfur?

Þeir Guðjón Karl og Þröstur Leó skiptu á milli sín hlutverkum og samleikur þeirra var virkilega flottur. Guðjón lék Jóa eða Góa meðan Þröstur brá sér í hænulíki, móðurhlutverk, risabúning, og ýmislegt annað. Það voru snör og smellin skipti og krökkum jafnt sem fullorðnum þótti gaman að hlusta á mömmuna sem þau vissu að var karl með utanáhangandi kjól en breytti röddinni og varð þá mamman. Þetta var ærslafullur leikur og tónar og hljómar skemmtilega fléttaðir inn og undir í sögunni, en heldur bar nú mikið á fullorðinsdaðri í allri framsetningunni.

Margir brandarar sem brugðið var inn á milli atriða náðu þannig aðeins eyrum hinna fullorðinna, eins og hlauptu Skógur, Run Forest run, og eins voru margar vísanir úr tónsmiðjunni sem kitluðu hláturtaugar þeirra sem komnir voru til ára sinna. Það var mikið hopp og hí en alyngstu börnin höfðu ekki hugmynd um af hverju hann var alltaf að hamast í þessum kaðli og einstök atriði ristu ekki djúpt. Líklega er gott að segja litu krökkunum ævintýrið áður en farið er með þau í leikhúsið. Þetta var á margan hátt of hroðvirknislega unnin sýning með það í huga að hér er verið að höfða til áhorfendahóps sem sýna á fulla virðingu og eins þarf að gera sér grein fyrir því að hver örstutt athöfn hefur mikil áhrif.

Með því að selja Skjöldu eignast Gói baunir sem verða að baunagrasi sem vex alla leið upp í himininn og þar býr risinn og frá honum stelur Gói/Jói eins og hann er langur til og þau mæðginin fara að lifa hinu ljúfa nútímalífi. Í síðustu ferðinni sinni upp til risans stelur Gói/Jói hörpu líklega úr gulli, en þegar hann kemur með hana heim hendir hann henni frá sér, oj hún er biluð eða eitthvað í þá veruna, sagði hann. Þarna voru svona grundvallarsmáatriði sem stóðust ekki prófið. Enginn er að tala um predikun, en í svona listformi verður maður að vera kýrskýr og meðvitaður um ábyrgðina gagnvart smáfólkinu.

**Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Þeir Þröstur Leó og Guðjón Davíð léku fantavel. Þrátt fyrir galla var bæði stuð og stemning á sýningunni, oft hægt að hlæja og verða hissa!






**RÖKKURBLÍÐA** Rafmagnaðasta atriði slammsins lenti í þriðja sæti ljóðaslamms Borgarbókasafnsins fyrir 15 til 25 ára.

# „Til eru hræ“ besta atriði ljóðaslamms

NYIÞ varð hlutskarpasti þátttakandinn í árlegu ljóðaslammi Borgarbókasafnsins sem fram fór síðastliðið föstudagskvöld. Tíu atriði kepptu til verðlauna en viðfangsefni ársins var „myrkur“ í takt við þema Vetrarhátíðar í ár og tókust ljóðskáldin á við það með mismunandi hætti að því er fram kemur í tilkynningu. Sigursveitin NYIÞ flutti atriðið „Til eru hræ“ sem þótti einkar hrollvekjandi. NYIÞ er skipað fjórum ungum mönnum sem koma nafnlausir og óþekkjanlegir fram í svörtum klæðum. Textann fluttu þeir við undirleik sellós, keðju, trommu og harmónikku.

Í öðru sæti var Ísak Regal með rökkurljóðið „Leyndardómur í sígarettupakka“, sem var æðandi rennsli í gegnum myrkari hliðar borgarinnar, þar sem hnignun og vonleysi renna saman við draumóra um ofurhetjudáðir. Í þriðja sæti voru þær Jófríður Ákadóttir og Áslaug Rún Magnúsdóttir með dulúðuga „Rökkurblíðu“ sem var rafmagnaðasta atriði slammsins þetta árið, þar sem brengluð rödd myrkursins reis upp úr ágengu suði. Þess má geta að þær stöllur eru meðlimir hljómsveitarinnar Samaris, sem sigraði í Músíktilraunum á síðasta ári.

Þetta var í fimmta sinn sem Borgarbókasafn heldur ljóðaslamm fyrir þátttakendur á aldrinum 15 til 25 ára.

Í dómnefnd voru leikkonurnar Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir og María Þórðardóttir, Stefán Máni rithöfundur, tónlistarmaðurinn Óttarr Proppé og Úlfhildur Dagsdóttir bókmenntafræðingur.

Ljóðaslamm Borgarbókasafns 2012 var í samstarfi við Félag íslenskra framhaldsskólanema og Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO.

# Tónaperlur í Aratungu

Egill Árni Pálsson tenór heldur tónleika í Aratungu laugardaginn, 18. febrúar og hefjast þeir klukkan 17. Tónleikana nefnir hann Ideale – tónaperlur frá Þýskalandi, Ítalíu og Íslandi.

„Ég hélt stóra afmælistónleika í Aratungu þegar ég varð þrítugur fyrir fimm árum og þetta verður svona nokkurs konar framhald af þeim,“ segir Egill Árni sem er frá Kvistholti í Laugarási en hefur verið búsettur í Þýskalandi síðustu fjögur ár. Þangað fór hann til framhaldsnáms 2008 og hefur haft í ýmsu að snúast. Meðal annars hefur hann sungið á vinsælum tónleikum í Berlín sem nefnast Classic Open Air og eru haldnir á hverju ári á Gendarmenmarkt-torginu. Síðustu tvö ár hefur hann verið fastráðinn við óperuna í Görlitz.

Aðallega er um sönglagatónleika að ræða í Aratungu að sögn Egils Árna sem er heima núna í feðraorlofi og langar að gera eitthvað fyrir sveitungana. Undirleikur á píanó er í höndum Kristins Arnar Kristinssonar og gestasöngvari verður Henríetta Ósk Gunnarsdóttir. Bláskógabyggð og Söngskólinn í Reykjavík styrkja tónleikana. Ekki verður selt inn en frjáls framlög eru vel þegin. - gun



**EGILL ÁRNI** „Ég syng á þýsku af því að búseta mín er í Þýskalandi, ítalskan er tungumál þessarar tónlistar í mínum huga og svo er það blessað móðurmálið,“ segir tenórinn.



**VESTURPORT** Fær 6 milljón króna starfsstyrk í ár. Myndin er úr leikriti hópsins, Húsmóðirin.

# 11 leikhópar styrktir

**11 leikhópar af 74 hlutu náð fyrir augum leiklistarráðs þegar úthlutað var styrkjum til atvinnuleikhópa árið 2012. Mennta- og menningarmálaráðuneytið úthutar styrkjunum að fenginni tillögu ráðsins.**

**Þau verkefni sem hlutu styrki voru, leikhópurinn Gljúfrasteinar Laxness eins og hann leggur sig sem fékk eina milljón í styrk, Leifur Þór Þorvaldsson hlaut 2,3 milljónir fyrir Stundarbrot, Litlar og nettar fengu 2,8 milljónir fyrir Dún, Va Va Voom hlaut 3 milljónir fyrir Breaking news, Kviss búmm bang 5 milljónir fyrir 24/7 Downtown Reykjavík, Steinunn Ketilsdóttir hlaut 6,2 milljónir fyrir La familia, Lab Loki 6,4 milljónir fyrir Áminnt um sannsögli, leikhópurinn Geirfugl 7,7 milljónir fyrir Segðu mér satt, Soðið svið 8,3 milljónir fyrir Rökkurbjörg, Shalala ehf. 8,3 milljónir fyrir Inn að beini. Loks hlaut Vesturport 6 milljón króna starfsstyrk.**

**Alls komu 71,2 milljónir í hlut atvinnuleikhópa en í fyrra var upphæðin 58,4 milljónir. Hækkunin stafar af því að styrkir til Leikfélags Reykjavíkur og Draumasmiðjunnar – döff leikhús, sem Alþingi hafði áður ákveðið, eru á þessu ári veittir af sama fjárlagalið og ofantaldir hópar.**

**Í leiklistarráði eru Guðrún Vilmundardóttir formaður, skipuð án tilnefningar, Sveinbjörg Þórhallsdóttir tilnefnd af Leiklistarsambandi Íslands og Hilmar Jónsson tilnefndur af Bandalagi sjálfstæðra leikhúsa.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 15. febrúar 2012**

### ➔ Tónleikar

**12.15** Ljáðu okkur eyra tónleikaröðin undir stjórn Gerrits Schuil heldur áfram. Dagskrá hverra tónleika er ekki auglýst fyrir fram. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**20.00** Stórafmælistónleikar til heiðurs John Cage verða haldnir á Kjarvalsstöðum. Á tónleikunum verður meðal annars að heyra verk eins og Aria, Fontana Mix, Six Melodies for Violin and Keyboard og Suite for Toy Piano. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**21.00** Björgvin Gíslason og félagar halda tónleika á Café Rosenberg. Tónleikarnir verða endurtekning á 60 ára afmælistónleikum sem Björgvin hélt í Austurbæ í haust.

### ➔ Íþróttir

**15.45** Gestir frá knattspyrnuskóla Bobby Charlton halda opna BCSSA æfingu í Akraneshöllinni. Gestirnir eru þau Helena Geraldine Shiels framkvæmdastjóri, Ciaran Donnelly yfirþjálfari, Dean M. Garrity þjálfari og Ryan M.T.Skivington þjálfari. Nánari upplýsingar á itferdir.is

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**





**GÓÐUR HÓPUR** Blár Ópal ásamt Ingó og Axel Árnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Blár Ópal er rétt að byrja

**Strákarnir í Bláum Ópal eiga ekki orð yfir stuðningi þjóðarinnar og segjast eiga nóg inni. Þeir vinna nú að nýju efni ásamt Ingó og Axel Árnasyni.**

**19** þúsund og 366 atkvæðum betur fékk Blár ópal í undankeppni Eurovision í Hörpunni á laugardaginn.

„Blár Ópal hefur ekki sungið sitt síðasta, partýið er bara rétt að byrja,“ segir Kristmundur Axel Kristmundsson, einn fjögurra söngvara hljómsveitarinnar sem lenti í öðru sæti í Söngvakeppni Sjónvarpsins síðastliðið laugardagskvöld.

Strákarnir sungu lagið Stattu upp sem Ingólfur Veðurguð Þórarinsson og Axel Árnasson sömdu. Kristmundur segir þá félaga koma til með að semja áfram fyrir hljómsveitina, enda séu þeir kóngar Blás Ópals. Hann getur ekki lofað hvenær von sé á nýju efni en að það verði þó fljótlega.

Kristmundur segir mínúturnar á sviðinu í Hörpu hafa verið þrjár bestu mínútur ævi sinnar. „Ég var smá stressaður rétt áður en við fórum á svið, enda ekki kallaður Stressmundur fyrir ekki neitt. Svo kom Magni upp að mér og sagði að það væri frábær stemning í salnum og gaf okkur frábært pepp. Við hlupum því út á svið í meiri háttar stuði, gerðum okkar og skemmtum okkur stórkostlega,“ segir hann og bætir við honum hafi þótt mikill heiður að fá að syngja á sama sviði og söngvararnir Magni og Jónsi sem hann segist líta mikið upp til.

„Ég skil bara ekki hvaðan öll þessi atkvæði komu, en við erum ólýsanlega þakklátir fyrir stuðninginn,“ segir Kristmundur. Hann segir enga biturð vera í herbúðum Blás Ópals yfir úrslitunum. „Greta og Jónsi fara svo bara út, gera sitt og rústa þessu fyrir okkur. Við höldum allir með þeim.“

Spurður hvort hann ætli að taka aftur þátt í Eurovision segir hann spurninguna ekki vera hvort, heldur hvenær. Hann segist hafa ágætis áhuga á keppninni. „Ef þjóðinni væri skipt í tvennt væri ég í þeim hluta sem vissi meira um Eurovision,“ segir hann.

En er engin stelpa í spilunum? „Nei, ég er einhleypur og lifi góðu lífi.“

Framtíðin er björt hjá Kristmundi en hann segist vita vel hvert hann stefni og hvar hann komi til með að enda. „Þetta er allt löngu planað í höfðinu á mér,“ segir Kristmundur og lofar aðdáendum að hann sé hvergi nærri hættur. tinnaros@frettabladid.is

# Harmsaga kynlífsfíkils

Bíó ★★★★☆

**Shame**

Leikstjórn: Steve McQueen

**Leikarar:** Michael Fassbender, Carey Mulligan, Nicole Beharie, James Badge Dale, Hannah Ware



**ANGIST** Michael Fassbender kemur sálarangist aðalpersónunnar vel til skila í Shame.

Brandon er virkur kynlífsfíkill á fertugsaldri, búsettur á Manhattan-eyju New York-borgar. Hann skoðar klám í vinnunni, kaupir þjónustu vændiskvenna og afklæðir ókunnugar konur með augunum í neðanjarðarlestinni. Hann sambykkir að hýsa litlu systur sína tímabundið en samband þeirra er stormasamt og virðist hafa verið það um nokkuð skeið. Fíkn Brandons verður sterkari og samskipti systkinanna verða stirðari með degi hverjum.

Shame er mögnuð mynd og varpar ljósi á þennan vægast sagt hvimleiða kvilla sem kynlífsfíkn er. Michael Fassbender kemur sálarangist aðalpersónunnar vel til skila. Fyrrnefndur Brandon er myndarlegur og virðist eiga nóg af peningum, og á köflum minnir hann jafnvel á sjálfan Patrick Bateman úr American Psycho, en raskanirnar eru þó ekki af jafn alvarlegum toga. Það er samt brjóstumkennanlegt að fylgjast með manni sem nær honum ekki upp með manneskju sem hann heillast af, og kýs því frekar að kaupa sér kynlíf með ókunnugu fólki.

Þessa raunsæju harmsögu segir leikstjórinn með löngum atriðum sem sum reyna jafnvel á þolinmæðina. Hann gætir þess að tyggja ekki upplýsingar ofan í áhorfendur sína og leyfir þeim oft að draga eigin ályktanir. Senurnar með systkinunum eru hlaðnar spennu og í loftinu er óþægileg orka sem gefur óljósar vísbendingar um hörmungar fortíðar og uppgjör framtíðar. Þetta er allt gífurlega vel gert og McQueen er kominn á blað sem einn af mest spennandi nýju leikstjórum kvikmyndanna.

Haukur Viðar Alfreðsson

**Niðurstaða:** Hugrökk mynd sem gleymist ekki í bráð.




SAMBÍÓIN SAMbio.is

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO Með texta | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | 10 |
| HUGO Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 2D | VIP |
| HUGO Ótextuð | kl. 8 - 10:40 | 3D | 10 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 10:40 | 2D | 12 |
| CONTRABAND | kl. 8 - 10:20 | 2D | 16 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 8 | 2D | 12 |
| MISSION IMPOSSIBLE 4 | kl. 5:30 | 2D | 12 |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO textalaus í 3D | kl. 8 | 3D | 10 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |

ALVÖRU FRÍÐINDI kynntu þér SAMbíóklúbbinn á SAMbio.is

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO | kl. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| HUGO ÓTEXTUÐ | kl. 10:40 | 3D | 12 |
| MAN ON A LEDGE | kl. 5:40 - 8 | 2D | 12 |
| ONE FOR THE MONEY | kl. 5:50 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| WAR HORSE | kl. 10:20 | 2D | L |
| PRÚÐULEIKARARNIR m/ensk tali | kl. 5:40 | 2D | L |
| UNDERWORLD: AWAKENING | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| GOTTERDAMMERUNG Ópera Endurflutt | kl. 6 | | L |
| SHAME | kl. 8 - 10:10 | 2D | 16 |
| WAR HORSE | kl. 8 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:45 | 2D | 12 |
| PRÚÐULEIKARARNIR | kl. 5:40 | 2D | L |
| THE HELP | kl. 5 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| HUGO MEÐ TEXTA | kl. 5:30 | 2D | 10 |
| SAFE HOUSE | kl. 10:30 | 2D | 12 |
| SHERLOCK HOLMES 2 | kl. 10:10 | 2D | 12 |
| 50/50 | kl. 8 | 2D | 12 |

4 TILNEFNINGAR TIL ÓSKARSVERÐLAUNA M.A. BESTA MYNDIN

TAKMARKAÐAR SÝNINGAR

midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%



| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| SAFE HOUSE | 5.45, 8, 10.20 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | 6 - ISL TAL |
| CHRONICLE | 8 |
| THE GREY | 8, 10.20 |
| CONTRABAND | 10 |
| THE IRON LADY | 5.50 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ midi.is



| SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5% | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SAFE HOUSE LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| SKRÍMSLI Í PARÍS 3D | KL. 3.30 | L |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 8 - 10.45 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| THE GREY | KL. 10.30 | 16 |
| CONTRABAND | KL. 5.30 - 8 | 16 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 | L |
| ALVIN OG ÍKORNARNIR 3 | KL. 3.40 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5% | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 6 - 9 | 10 |
| THE DESCENDANTS | KL. 5.30 - 10.30 | L |
| LISTAMAÐURINN | KL. 6 - 8 - 10 | L |

| BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS | | |
|---|---|---|
| SAFE HOUSE | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| STAR WARS EPISODE 1 3D ÓTEXTUÐ | KL. 5.40 | 10 |
| CHRONICLE | KL. 8 | 12 |
| CONTRABAND | KL. 6 | 16 |
| THE GREY | KL. 10 | 16 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio

BÍÓ ★ PARADÍS

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
CAFÉ/BAR, opið 17-23 / www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

MIÐVIKUDAGUR: A DANGEROUS METHOD 18:00, 20:00, 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: STRÍÐSYFIRLÝSING 20:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: *SÁ SEM KALLAR* 22:00 ■ FRÖNSK HÁTÍÐ: *SAMAN ER EINUM OF* 18:00 ■ EDDA 2012: *ELDFJALL* 18:00 ■ EDDA 2012: ANDLIT NORÐURSINS 20:00 ■ EDDA 2012: Á ANNAN VEG 22:00 ■ MIDNIGHT IN PARIS 22:00 ■ MY WEEK WITH MARILYN 18:00, 20:00

ÍSL. TEXTI *ENGL. SUBT.*

SKÓLANEMAR: 25% afsláttur gegn framvísun skírteinis!



# LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is



## Sýndu húðinni umhyggju

**Heilbrigð húð** er mikilvæg fyrir alla í fjölskyldunni, bæði börn og fullorðna. Húðin er ekki bara yfirborðið heldur verndar hún líkamann. Þess vegna bjóðum við 20% afslátt af völdum kremum frá 15. til 29. febrúar.

+ Gildir frá 15. til 29. febrúar 2012

## EUCERIN

+ **20% afsláttur**

af öllum vörum frá Eucerin.




**Eucerin** húðvörurnar eru fyrir viðkvæma húð og eru klínískt prófaðar.

## NEOSTRATA

+ **20% afsláttur**

af öllum vörum frá NeoStrata.

**Nýtt** frá NeoStrata: Skin Active húðlínan. Allar NeoStrata húðvörur eru klínískt prófaðar og frábærar gegn ótímabærri öldrun.




## LOCOBASE

+ **20% afsláttur**

af öllum vörum frá Locobase.




**Fjölskyldukrem** fyrir þurra og mjög þurra húð sem verndar og endurnýjar rakainnihald húðarinnar. Inniheldur engin ilm- eða litarefni.

## CERIDAL

+ **20% afsláttur**

af öllum vörum frá Ceridal.




**Ceridal fitukrem** fyrir þurra og viðkvæma húð. Veitir vörn í kulda og vindi. Má nota á sár og varir. Hentar mjög vel við umhirðu barna og ungabarna. Án parabena, ilmefna og litarefna.

## DECUBAL

+ **20% afsláttur**

af öllum vörum frá Decubal.




**Decubal** húðvörurnar eru ilmefnalausar og sérstaklega ætlaðar fyrir þurra og viðkvæma húð.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Blönduósi - Hvammstanga
Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 58425 02/12

# sport

sport@frettabladid.is



**SVERRIR GARÐARSSON** hefur náð samkomulagi við knattspyrnudeild FH um starfslok sín hjá félaginu en þetta kom fram á stuðningsmannasíðu FH í gær. Sverrir stóð í launadeilu við knattspyrnudeildina en nú er búið að finna lausn á því máli. Leikmaðurinn hefur verið einstaklega óheppinn með meiðsli í gegnum tíðina. Hann þurfti að leggja skóna á hilluna árið 2010 vegna höfuðmeiðsla en dró þá fram ári síðar. Hann náði þó ekkert að spila í síðasta sumar vegna meiðsla.

# Stefnum á Evrópusæti í sumar

**Framherjinn Steven Lennon segir að Fram-liðið ætli ekki að vera í neinni fallbaráttu í sumar. Hann skoraði fimm mörk í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins gegn KR. Lennon er með tveggja ára samning við Fram og ætlar að sýna sig og sanna í sumar svo fleiri möguleikar opnist varðandi framtíðina hjá honum.**

**FÓTBOLTI** Hinn 24 ára gamli Skoti, Steven Lennon, átti stórbrotinn leik fyrir Fram gegn KR í úrslitaleik Reykjavíkurmótsins á mánudag. Fram vann leikinn 5-0 og skoraði Lennon öll mörk leiksins. Mögnuð frammistaða.

Framherjinn skæði er greinilega í hörkugóðu formi og heldur áfram þar sem frá var horfið síðasta sumar. Lennon var nefnilega í lykilhlutverki í „flóttanum mikla“ hjá Fram síðasta sumar er liðið bjargaði sér frá falli í Pepsi-deildinni með ævintýralegum endaspretti. Lennon skoraði fimm mörk í tólf leikjum með Fram á síðasta tímabili og mörkin afar mikilvæg.

„Það er alltaf gaman að vinna titla. Ég var kannski að gera mér vonir um að skora eitt til tvö mörk í leiknum en ég sá það ekki alveg fyrir að ég myndi skora fimm mörk. Það var afar ánægjulegur bónus sem og að vinna stórt. Allt liðið stóð sig gríðarlega vel og við erum sáttir.“

Framherjinn smái en knái virðist kunna vel við sig því er hann lék síðast bikarúrslitaleik, með unglingaliði Rangers gegn Celtic árið 2007, skoraði hann þrennu í 5-0 sigri Rangers.

Lennon er alinn upp í knattspyrnuakademíu skoska stórliðsins Glasgow Rangers. Byrjaði sem miðjumaður en var síðar færður í framlínuna. Hann var afar duglegur að skora fyrir unglingalið félagsins og var svo orðinn fastamaður í varaliði félagsins.

Hann spilaði sinn fyrsta leik með aðalliði Rangers í lok ársins 2006 og ári síðar skrifaði hann undir samning við Rangers til ársins 2010.

Lennon náði ekki að brjóta sér leið inn í aðallið Rangers og var því lánaður til Partick Thistle og síðan Lincoln City. Lincoln vildi skrifa undir lengri samning við Lennon en ekkert varð af því þar sem leikmaðurinn sagðist ekki geta fundið stað til þess að búa. Á endanum dró Lincoln samningstilboðið til baka.

Framherjinn var að lokum leystur undan samningi við Rangers. Hann fór þá til írska liðsins Dundalk en fótbrotnaði eftir mánuð hjá félaginu og náði ekki að sýna sig þar.

Eftir það lá leiðin til Newport County. Hann spilaði með liðinu í nokkra mánuði en vildi ekki framlengja við þá í maí á síðasta ári. Hann var því í leit að félagi er hann kom til Fram í júlí síðasta sumar.

„Ég er ekkert að fara fram úr sjálfum mér og veit að það er enn undirbúningstímabil. Ég er með tveggja ára samning við Fram og er ekki að hugsa um neitt annað en að standa mig vel með liðinu í sumar,“ sagði Lennon en heyri mátti áhyggjuraddir hjá einhverjum stuðningsmönnum félagsins sem óttuðust að hann færi fyrr frekar en seinna ef hann ætlaði að spila svona áfram.

Lennon kom til móts við Framliðið upp úr áramótum og allir útlendingarnir byrjuðu þá að æfa með Fram-liðinu. Er það augljóslega mikill styrkur fyrir liðið að geta spilað sig saman í fjóra mánuði.

„Liðið lítur vel út hjá okkur. Í lok síðasta tímabils vorum við komnir á fína siglingu. Sýndum og sönnuðum þá að við erum með gott lið og höfum haldið áfram á sömu braut. Vonandi verður framhald á þessari spilamennsku,“ sagði Lennon en Fram var á botni deildarinnar með þrjú stig er hann kom til þeirra í fyrra.

Hann vonast til þess að Framarar bíti frá sér í efri hlutanum í sumar.

„Okkar markmið verður líklega að ná sæti í Evrópukeppninni og allt meira en það verður bónus. Við teljum okkur geta staðið undir því,“ sagði Lennon sem hefur ekki sett sér nein markmið varðandi markaskorun en hann ætlar að koma grimmur inn í sumarið til þess að opna dyr fyrir framtíðina.

„Auðvitað vil ég spila í stærri deild en það gerist ekki nema ég standi mig vel með Fram. Það eina sem ég er því að hugsa um núna er að standa mig í Pepsi-deildinni.“

henry@frettabladid.is



**SJÓÐHEITUR** Lennon sýndi síðasta sumar að hann er skeinuhættur framherji og er líklegur til þess að raða inn mörkum fyrir Fram í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Þetta var bara vinaleg stríðni

Eftir leikinn á mánudag fóru Lennon og Gary Martin, leikmaður ÍA, mikinn á samskiptasíðunni Twitter þar sem þeir gerðu stólpagrín að Skúla Jóni Friðgeirssyni, leikmanni KR.

„Númer 7 í vörninni hefur tvo gíra. Hann er svakalega fljótur,“ sagði kaldhæðinn Martin og Lennon svaraði: „Var hann ekki valinn í landsliðið? Ég hef spilað við betri leikmenn í yngri flokkunum.“

Þessi ummæli þeirra, og fleiri til, fóru fyrir brjóstið á mörgum sem fannst þeir sýna Skúla Jóni algert virðingarleysi.

„Þetta var bara saklaus og vinaleg stríðni. Það er eðlilegt í Bretlandi að haga sér svona. Ég ætlaði ekki að vera með neitt virðingarleysi út í Skúla. Við vorum bara að grínast,“ sagði Lennon.

„Ef Skúli tekur þessu illa þá munum við Gary biðja hann afsökunar en eins og ég segi þá var þetta bara grín.“

KR og Fram mætast næst þann 23. febrúar í Lengjubikarnum. Er þegar byrjað að tala um íslenska handabandaspennu í anda enska boltans.

„Það verður bara skemmtilegur leikur. Ég hef ekki trú á öðru en að við Skúli heilsumst. Þetta var saklaust hjá mér. Við erum vanir að kynda hvor annan heima hjá mér og kannski vantar meiri slíkan húmor á Íslandi.“





**BRYNDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR** Kemur inn á ný eftir 3 til 4 vikur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Meiðsli í kvennaliði KR:

## Bryndís slapp en Helga er úr leik

**KÖRFUBOLTI** Kvennalið KR verður án tveggja lykilmanna á næstunni en liðið stendur í harðri baráttu um sæti í úrslitakeppninni. Varafyrirliðinn Helga Einarsdóttir verður ekkert meira með á tímabilinu vegna meiðsla í baki og Bryndís Guðmundsdóttir missir af næstu þremur til fjórum vikum.

Meiðsli Bryndísar voru samt ekki eins alvarleg og óttast var. Hún meiddist á sama hné og hún sleit krossband fyrir nokkrum árum en fékk þær jákvæðu fréttir í gær að krossbandið væri heilt.

„Ég verð ekki með næstu þrjár til fjórar vikurnar. Það var mikill léttir að krossbandið er í lagi. Þetta er auðvitað pirrandi en manni finnst þessi meiðsli ekki vera neitt miðað við hitt. Ég varð því mjög fegin,“ sagði Bryndís og bætti við: „Ég má bara hjóla og synda næstu vikurnar.“

„Helga er líka alveg frá en það kom í ljós í dag að hún verður ekki meira með á tímabilinu,“ sagði Bryndís um varafyrirliðann Helgu Einarsdóttur.

„Það vantar tvo stóra hlekki í liðið núna þannig að nú er spurning hvað verður gert. Ef við ætlum okkur í fyrsta lagi að komast í úrslitakeppnina verða menn eins og Böðvar að fara að skoða eitthvað fyrir okkur,“ sagði Bryndís og beindi orðum sínum til Böðvars Guðjónssonar, formanns körfuknattleiksdeildar KR. KR er eina liðið í deildinni sem hefur bara einn erlendan leikmann. - óój



**EINAR JÓNSSON** FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Einar Jónsson, þjálfari Fram:

## Bað Hafstein og Gísla afsökunar

**HANDBOLTI** Einar Jónsson, þjálfari Fram, hefur sent frá sér opinberlega afsökunarbeiðni á ummælum sínum eftir jafnteflí Fram á móti Aftureldingu í N1 deild karla í síðustu viku.

„Undirritaður vill hér með opinberlega biðjast afsökunar á þeim orðum sem féllu um dómara leiksins, þá Gísla Jóhannsson og Hafstein Ingibergsson, eftir leikinn sl. fimmtudag. Ummælin voru ómakleg og sögð í hita leiksins, en þeir Gísli og Hafsteinn eru eitt okkar fremsta dómarapar. Með handboltakveðju, Einar Jónsson, þjálfari Fram.“ - óój

Pétur Marteinsson spáir í spilin fyrir leik AC Milan gegn Arsenal í 16 liða úrslitum Meistaradeildarinnar:

# Henry gerir eitthvað stórkostlegt í kvöld

**FÓTBOLTI** Arsenal heldur uppi heiðri ensku úrvalsdeildarinnar í fótbolta en Lundúnaliðið er eina enska liðið sem komst upp úr riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu í fótbolta. Arsenal fékk án efa einn erfiðasta mótherjann sem hugsast getur í 16-liða úrslitum. Ítalska meistaraliðið AC Milan er mótherji Arsenal og fyrri leikurinn fer fram á hinum eina sanna leikvangi San Síró í Mílanó.

„Það er mín tilfinning að það eigi magnaðir hlutir eftir að gerast á San Síró. Þetta er líklega síðasti leikur Thierrys Henry á ferlinum með Arsenal og það er bara skrifað í skýin að hann á eftir gera eitthvað stórkostlegt,“ segir Pétur Marteinsson um viðureign AC Milan og Arsenal. Pétur er í sérfræðingateymi sem fjallar um Meistaradeildina á Stöð 2 sport en tveir leikir fara fram í dag og kvöld. „Ítalska meistaraliðið AC Milan er að mínu mati hálfgert „vélmennalið“. Það er skipað iðnaðarmönnum en það er ekki mikið um listamenn í þessu liði. Leikur liðsins á það til að vera jafnvel „leiðinlegur“, sagði Pétur en hann á samt von á að sóknarleikurinn verði ofarlega á forgangslistanum hjá báðum þjálfurum.

„AC Milan verður að skora á heimavelli til þess að eiga séns og báðir þjálfararnir hafa sagt að þeir ætli að leggja áherslu á sóknarleikinn. Arsenal mun skora mark og jafnvel mörk eftir hraðaupphlaup.“

Pétur bendir knattspyrnuáhugamönnum á að fylgjast vel með sænska framherjanum Zlatan Ibrahimovich í liði AC Milan. „Það hefur fylgt Zlatan að hann hefur ekki náð sér á strik gegn enskum liðum. Þetta vita Englendingar og þeir eru duglegir að láta hann heyra það. Zlatan hefur ekki náð að sýna styrk sinn í Evrópukeppninni. Það verða allra augu á Zlatan og Henry í þessum leik. Robert Van Persie getur líka breytt gangi leiksins með snilli sinni – hann er mikilvægasti leikmaður Arsenal,“ sagði Pétur. Leikurinn hefst kl. 19.45 í kvöld og upphitun fyrir leikinn hefst kl. 19.00 á Stöð 2 sport. Hin viðureign kvöldsins er leikur Zenit gegn Benfica frá Portúgal. Leikurinn fer fram í St. Pétursborg í Rússlandi og hefst hann kl. 16.55. - seth



**THIERRY HENRY** Skoraði sigurmark Arsenal í síðasta leik. NORDICPHOTOS/GETTY



**MAÐUR KVÖLDSINS** Alexis Sánchez fagnar hér fyrra marki sínu á móti Leverkusen í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Barcelona vann Leverkusen 3-1 í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar:

# Börsungar í frábærum málum

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Barcelona eru í frábærum málum eftir 3-1 útisigur á þýska liðinu Bayer Leverkusen í fyrri leik liðanna í sextán liða úrslitum Meistaradeildarinnar í gærkvöldi. Sílemaðurinn Alexis Sánchez var hetja kvöldsins hjá Börsungum því hann skoraði tvö fyrstu mörk liðsins sitt í hvorum hálfleiknum og Lionel Messi innsiglaði síðan sigurinn í lokin.

Barcelona var mun meira með boltann frá byrjun leiks en ekkert gekk hjá liðinu að skapa sér færi. Þolinmæði Barcelona skilaði sér hins vegar á 41. mínútu. Alexis Sánchez vann þá skallaeinvígi og boltinn barst til Lionel Messi sem stakk honum inn fyrir vörnina þar sem Sánchez var sloppinn einn í gegn og skoraði undir Bernd Leno.

Fyrri hálfleikurinn var rólegur en mun meira fjör var í þeim seinni. Bayer Leverkusen var ekkert á því að gefast upp því bakvörðurinn Michal Kadlec skoraði með skalla úr markteignum á 51. mínútu eftir fyrirgjöf frá Vedran Corluka.

Alexis Sánchez var aðeins fjórar mínútur að koma Barca yfir á ný eftir að hafa fengið frábæra stungusendingu frá Cesc Fabregas. Sánchez slapp í gegn, lék á markvörðinn og skoraði í autt markið.

Lionel Messi sýndi nokkrum sinnum snilli sína í seinni hálfleik og innsiglaði síðan sigurinn í lokin eftir sendingu frá Dani Alves. Messi er þar með orðinn markahæstur í sögu útsláttarkeppni Meistaradeildarinnar. - óój

## ÚRSLIT Í GÆR

*Meistaradeildin í fótb. í gær*

**16 LIÐA ÚRSLIT - FYRRI LEIKUR**

**Bayer Leverkusen - Barcelona 1-3**
0-1 Alexis Sánchez (41.), 1-1 Michal Kadlec (51.), 1-2 Alexis Sánchez (55.), 1-3 Lionel Messi (88.)

**Lyon - APOEL Nicosia 1-0**
1-0 Alexandre Lacazette (58.)

*Enska b-deildin í fótb. í gær*

**Cardiff - Peterborough 3-1**
**Aron Einar Gunnarsson** var í byrjunarliði Cardiff en var tekinn útaf á 72. mínútu í stöðunni 3-0.

**Coventry - Leeds 2-1**
Hermann Hreiðarsson lék ekki vegna meiðsla.

*Sænski körfuboltinn*

**Lf Basket-Jamtland Basket 81-79 (41-48)**
**Brynjar Þór Björnsson** skoraði 7 stig á 23 mín. og hitti úr 2 af 3 þriggja stiga skotum sínum.



**CARLOS TEVEZ** Með dóttur sinni á flugvellinum í Manchester í gær. AFP

Tevez mættur til Manchester:

## 99 daga útlegð er á enda

**FÓTBOLTI** Carlos Tevez lenti í Manchester í gær og mætti í kjölfarið á æfingasvæði Manchester City en þar hefur hann ekki látið sjá sig síðan að hann stalst til Argentínu 7. nóvember síðastliðinn eða fyrir 99 dögum.

City er búið að sekta Tevez um 1,2 milljónir punda (232 milljónir) fyrir að neita að koma aftur til Englands auk þess sem Tevez hefur ekki fengið launin sín borguð þennan tíma en hann fær 200 þúsund pund á viku (38 milljónir). City tókst ekki að selja Tevez í janúar og hann er á 25 manna leikmannalista liðsins fyrir seinni hluta tímabilsins.

Tevez hefur talað um að Roberto Mancini, stjóri City, hafi komið fram við sig eins og hund í München í september en ítalski stjórinn, sem afneitaði Argentínumanninum á sínum tíma, segist vera tilbúinn til að taka Tevez aftur inn í liðið sé hann í formi til þess að spila. - óój







**> Stöð 2 kl. 20.05**

**New Girl**

***Glæný gamanþáttaröð sem slegið hefur í gegn í Bandaríkjunum í vetur. Jess kemur að kærastanum með annarri konu og fær inni hjá þremur strákum sem eru að leita sér að meðleigjanda. Jess er svolítið öðruvísi en fólk er flest og það gengur á ýmsu í sambúðinni. Þetta eru bráðfyndnir þættir sem óhætt er að mæla með.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ TINNA RÓS STEINSDÓTTIR BÆTIR Á HOTTÍH-LISTANN

# *Löggufolar, já takk!*

Einhleypir, dularfullir og myndarlegir menn með byssu í hönd virðast vera uppskriftin sem tröllríður sjónvarpinu um þessar mundir. Ég get í það minnsta gleymt mér tímunum saman flakkandi á milli stöðva til að horfa á hvern löggufolann á fætur öðrum leysa undarlegustu mál á ótrúlegan hátt. Lögguuppskriftin er klassísk, enda kannski hin fullkomna leið til að gera öllum til geðs. Boðið er upp á byssur og hasar, kynþokkafullar píur, sem hjálpa til við að góma bófana, íklæddar níðþröngum fötum (og alltaf á hælum að sjálfsögðu, enda ekkert eðlilegra) og aðalgæjann sem er oftar en ekki draumur allra kvenmanna, harður og þögull hið ytra en á sama tíma uppfullur af tilfinningum og ástarþörf.



Minn uppáhalds þessa stundina er hinn ofursvali Jim Longswort úr þáttunum The Glades, en hann á öruggan sess á „heitir og tælandi töffarar í Hollywood" (hottíh)-listanum mínum.

Ég velti fyrir mér hvort mamma mín hafi ekki átt slíkan lista á sínum yngri árum. Ætli sjónvarpsstjörnur eins og Stephan Derrick eða Ewing-bræður hafi þótt nógu merkilegar til að komast á listann eða var hann fullskipaður kyntröllum á borð við Marlon Brando og Robert Redford. Ætli hún eigi kannski svona lista enn í dag? Ég held að það sé kominn tími á að kíkja í kaffi til mömmu og ræða þessi mál!

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sprotar - fyrirtæki framtíðarinnar **14.00** Fréttir **14.03** Gullfiskurinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Laufdalaheimilið **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Dickens og Ísland **21.10** Út um græna grundu **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.17** Bak við stjörnurnar **23.08** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.20 360 gráður** (e)
**15.50 Djöflaeyjan** (e)
**16.35 Leiðarljós** (Guiding Light)
**17.20 Dansskólinn** (3:7) (Simons danseskole) (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix** (48:59)
**18.23 Sígildar teiknimyndir** (19:42)
**18.30 Gló magnaða** (42:52)
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Bræður og systur** (93:109) (Brothers and Sisters)
**20:45 Meistaradeildin í hestaíþróttum** Umsjón: Samúel Örn Erlingsson.
**21.05 Kiljan** Bókaþáttur í umsjón Egils Helgasonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Heima** Tónleikamynd með Sigur Rós frá 2006. Þá fór hljómsveitin um landið og hélt óauglýsta og ókeypis tónleika fyrir gesti og gangandi á ýmsum stöðum, meðal annars í Djúpuvík á Ströndum, í Öxnadal, á Seyðisfirði, Kirkjubæjarklaustri, við Kárahnjúka og í Ásbyrgi.
**00.00 Landinn** (e)
**00.30 Kastljós** (e)
**01.05 Fréttir**
**01.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Funny People**
**10.25 Duplicity**
**12.30 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**14.00 Funny People**
**16.25 Duplicity**
**18.30 Pétur og kötturinn Brandur 2**
**20.00 When Harry Met Sally**
**22.00 Robin Hood**
**00.15 Prête-moi ta main**
**02.00 Wilderness**
**04.00 Robin Hood**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (103:175)
**10.15 Grey's Anatomy** (20:22)
**11.00 The Big Bang Theory** (14:23)
**11.25 How I Met Your Mother** (16:24)
**11.50 Pretty Little Liars** (7:22)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 In Treatment** (65:78)
**13.25 Ally McBeal** (20:22)
**14.15 Ghost Whisperer** (5:22)
**15.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Simpsons**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm In The Middle** (3:22)
**19.40 Til Death** (8:18)
**20.05 New Girl** (1:24) Gamanþættir um Jess sem neyðist til að endurskoða líf sitt þegar hún kemst að því að kærastinn hennar er ekki við eina fjölina felldur. Hún finnur sér draumameðleigjendur þegar hún flytur inn með þremur karlmönnum og eru samskipti fjórmenninganna vægast sagt skopleg.
**20.30 Kalli Berndsen - Í nýju ljósi** (7:10)
**21.00 Grey's Anatomy** (14:24)
**21.45 Gossip Girl** (3:24)
**22.30 Pushing Daisies** (2:13) Við höldum áfram að fylgjast með Ned sem er smám saman að læra á þennan meðfædda eiginleika að geta lífgað við látnar manneskjur.
**23.15 Alcatraz** (1:13)
**00.00 NCIS: Los Angeles** (8:24)
**00.45 Breaking Bad** (13:13)
**01.35 Damages** (5:13)
**02.15 Damages** (6:13)
**02.55 Das Leben der Anderen** Þýsk verðlaunakvikmynd sem gerist í Þýskalandi árið 1984 fyrir fall Berlínarmúrsins.
**05.05 Simpsons**
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaradeildin: meistaramörk** Öll helstu tilþrifin og umdeildustu atvikin.
**07.25 Meistaradeildin: meistaramörk**
**08.40 Meistaradeildin: meistaramörk**
**14.45 Meistaradeild Evrópu** Endursýndur leikur.
**16.30 Meistaradeildin: meistaramörk**
**16.55 Meistaradeild Evrópu: Zenit - Benfica** BEINT frá16 liða úrslitum
**19.00 Meistaradeildin - upphitun** Hitað upp fyrir leiki kvöldsins.
**19.30 Meistaradeild Evrópu: AC Milan - Arsenal** BEINT frá 16 liða úrslitum.
**21.45 Meistaradeildin: meistaramörk**
**22.10 Meistaradeild Evrópu: Zenit - Benfica** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum.
**00.00 Meistaradeild Evrópu: Milan - Arsenal** Útsending frá leik í 16 liða úrslitum.
**01.50 Meistaradeildin: meistaramörk**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.30 Fulham - Stoke**
**18.20 Swansea - Norwich**
**20.10 Premier League Review 2011/12**
**21.05 Sunnudagsmessan**
**22.25 Football League Show**
**22.55 Man. Utd. - Liverpool**

## EXTRA

**19.30 The Doctors** (49:175)
**20.10 American Dad** (6:18)
**20.35 The Cleveland Show** (9:21)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 Modern Family** (11:24)
**22.15 Mike & Molly** (23:24)
**22.40 Chuck** (22:24)
**23.25 Burn Notice** (6:20)
**00.10 Community** (19:25)
**00.35 Malcolm In The Middle** (3:22)
**01.00 Til Death** (8:18)
**01.25 American Dad** (6:18)
**01.50 The Cleveland Show** (9:21)
**02.15 The Doctors** (49:175)
**02.55 Fréttir Stöðvar 2**
**03.45 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Matarklúbburinn** (1:8) (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Rachael Ray** (e)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Jonathan Ross** (12:19) (e)
**12.50 Matarklúbburinn** (1:8) (e)
**13.15 Pepsi MAX tónlist**
**16.15 7th Heaven** (8:22) (e) Bandarísk unglingasería þar sem Camden-fjölskyldunni er fylgt í gegnum súrt og sætt. Faðirinn Eric og móðirin Annie eru með fullt hús af börnum og hafa því í mörg horn að líta.
**17.15 Dr. Phil**
**18.00 Solsidan** (1:10) (e)
**18.25 Innlit/útlit** (1:8) (e)
**18.55 America's Funniest Home Videos** (17:50) (e)
**19.20 Everybody Loves Raymond** (22:26)
**19.45 Will & Grace** (6:27) (e)
**20.10 America's Next Top Model** (10:13) Fyrirsæturnar föngulegu kynna sér næturlífið í Grikklandi.
**20.55 Pan Am** (13:14) Afleiðingar sambands Deans við Ginny renna upp fyrir honum þegar hún eltir hann til Róm og Life Magazine-ljósmyndarinn heillar Lauru upp úr skónum.
**21.45 CSI: Miami** (20:22) Rannsóknardeildin finnur háskólastúlku drukknaða í baðkari.
**22.35 Jimmy Kimmel**
**23.20 The Walking Dead** (2:13) (e)
**00.10 HA?** (20:31) (e)
**01.00 Prime Suspect** (4:13) (e)
**01.50 Everybody Loves Raymond** (e)
**02.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** AT&T Pebble Beach 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** AT&T Pebble Beach 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (6:45) **19.15** LPGA Highlights (1:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (2:25) **21.35** Inside the PGA Tour (7:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (6:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.50** My Family **08.50** The Inspector Lynley Mysteries **10.25** Come Dine With Me **11.15** EastEnders **11.45** The Graham Norton Show **12.30** My Family **14.35** My Family **15.40** QI **16.10** QI **16.40** Top Gear **17.35** The Graham Norton Show **18.20** Come Dine With Me **19.10** QI **19.40** QI **20.15** The Graham Norton Show **21.00** QI **21.30** QI **22.00** Peep Show **22.30** Live at the Apollo **23.20** My Family **01.20** My Family **01.50** The Inspector Lynley Mysteries **03.25** My Family **04.30** My Family **05.00** The Weakest Link

## DR 1

**12.05** Ha' det godt **12.35** Aftenshowet **13.30** Hammerslag **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Livet i Fagervik **15.00** Benjamin Bjørn **15.15** Timmy-tid **15.25** Skæg med bogstaver **15.45** Sprutte-Patruljen **16.00** Lægerne **16.50** DR Update - nyheder og vejr **17.00** Lægeambulancen **17.30** TV Avisen med Sport **18.05** Aftenshowet **19.00** Ved du hvem du er? **20.00** TV Avisen **20.25** Penge **20.50** SportNyt **21.00** Homeland - Nationens sikkerhed **21.55** Taggart **22.45** Onsdags Lotto **22.55** Maria Wern. Fremmed fugl

## NRK 1

**12.00** Kongeparets 75-årsmarkering **13.00** NRK nyheter **13.05** Folk **13.35** Snowboard med Jake Blauvelt **14.00** NRK nyheter **14.10** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Ei iskald verd **16.00** NRK nyheter **16.10** Redd menig Osen **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Tegnspråknytt **17.00** Førkveld **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.45** Forbrukerinspektørene **19.15** Helt patent! **19.45** Vikinglotto **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.40** Lilyhammer **21.25** Migrapolis **22.00** Kveldsnytt

## SVT 1

**09.00** Go'kväll **09.45** Mot alla odds **10.45** Grammis 2012 **12.20** Så ska det låta **13.20** Bakom 30 grader i februari **13.25** Gracie **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.30** Från Lark Rise till Candleford **16.30** Sverige idag **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den sjungande trappuppgången **21.00** Homeland **22.20** Dag **22.45** Erlend och Steinjo **23.10** Rapport

## ÍNN

**20.00** Tveggja manna tal **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Bubbi og Lobbi

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 91,9** Kaninn | **FM 95,7**FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |





VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR. 512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000




Vissir þú að með því að greiða einu sinni 5.000 krónur inn á höfuðstól á verðtryggðu láni sem ber 5% fasta vexti og miðað við 4% verðbólgu út lánstímann gætir þú sparað 22.840 krónur.

**Hvaða lán er best að greiða upp fyrst?**
Ef þú greiðir inn á höfuðstól á réttu láni í réttri röð sparar þú gríðarlegar fjárhæðir í vexti og verðbætur. Þetta gerir það að verkum að lánstíminn styttist til muna.
**Pantaðu tíma strax í dag!**

**Kynntu þér nánar á sparnadur.is**

Holtasmári 1, Kópavogur
Kaupvangsstræti 4, Akureyri

Sími: 577-2025
Fax: 577-2032

sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

SPARNAÐUR

**LÖGIN VIÐ VINNUNA**



*„Ég hlusta á íslenska tónlist, enda eru eingöngu spiluð íslensk lög í vinnunni. Gömul sem ný!“*

Sigmar Vilhjálmsson, eigandi Íslensku Hamborgarafabrikkunnar og Íslensku kaffistofunnar.

# Missir ekki svefn yfir Eurovision

„Ég missi ekki svefn þótt ég fari aldrei í Eurovision. Þetta er rosalega skemmtilegt en ég kemst alveg af,“ segir Magni Ásgeirsson, sem var að keppa í fjórða sinn í Eurovision og hefur aldrei komist í lokakeppnina.

Í fyrra lenti hann í öðru sæti með lagið Ég trúi á betra líf, á eftir sigurlagi Vina Sjonna. Í þetta sinn lenti Hugarró, eftir Svein Rúnar Sigurðsson og Þórunni Clausen, í öðru sæti hjá dómnefndinni en því þriðja í símakosningunni. „Fyrstu tvö skiptin voru meira vinargreiði og þá var ekkert verið að keppa að titlinum en síðustu tvö ár er þetta búið að vera alvöru.“

Inntur eftir hvort hann sé búinn að gefast upp á því að reyna að komast í lokakeppnina segir hann: „Þetta er orðið ágætt, nema ef einhver kemur með þriggja mínútna Karma Police í hendurnar á mér. Þá er ég til í að gera þetta aftur,“ segir Magni.

Fram undan hjá Magna eru tónleikar til heiðurs hljómsveitinni Queen á Akureyri annað kvöld og í Spot í Kópavogi á laugardagskvöld. „Svo er ég að taka upp fullt af efni og leika mér,“ segir hann hress.

Semurðu ekki bara þitt eigið Eurovision-sigurlag? „Ég á rosalega erfitt með að semja þriggja mínútna Eurovision-lag, með fullri virðingu fyrir Eurovision. Ég virðist ekki kunna þessa Eurovision-formúlu.“ - fb



**KANNSKI EINU SINNI ENN** Magni Ásgeirsson ræðir við Rósu Birgittu Ísfeld baksviðs í Eurovision-keppninni um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL


LAGERSALA
GJAFAVÖRUR
VILLAGE



40–70% AFSLÁTTUR
Erum innst við Lyngháls
í sama húsi og Go Pro-Hugvit, á jarðhæð.
Opið miðvikudaga og fimmtudaga kl. 16–18.30
Facebook: Village á Íslandi.




**ÞÆGILEGT** Sindri Már Sigrúnarson svaf allan tímann á meðan hann lét húðflúra Endless Dark á höfuðið á sér. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SINDRI MÁR SIGRÚNARSON: LÉT SLAG STANDA EFTIR TÓNLEIKA

# Svaf á meðan Endless Dark var húðflúrað á höfuð hans

„Ég svaf allan tímann. Það er asnalegt hvað þetta var þægilegt,“ segir Sindri Már Sigrúnarson, aðdáandi rokksveitarinnar Endless Dark sem er ættuð frá Ólafsvík og Grundarfirði.

Hann gerði sér lítið fyrir og lét húðflúra nafn sveitarinnar á höfuðið fyrir skömmu. „Ég er mjög mikill aðdáandi Endless Dark. Frá því að ég heyrði í þeim í fyrsta skipti hef ég hlustað mikið á þá og viljað fá þetta tattú. Ég var á tónleikum með þeim um daginn og ákvað að láta slag standa og kýla á þetta,“ segir Sindri Már.

Hann dreif sig í Bleksmiðjuna í Reykjavík og segist ekki hafa fundið fyrir neinu. „Þetta var bara svæfandi. Ég var byrjaður að slefa og læti. Þetta var lúxus miðað við marga aðra staði.“

Sindri Már er með hvorki fleiri né færri en 27 önnur húðflúr á líkamanum, þar af eitt annað á höfðinu með hljómsveitinni Urmull. Hún er frá Ísafirði, rétt eins og hann sjálfur. „Ég heyrði fyrst í Urmul 1994 þegar hún gaf út plötuna Ull á víðavangi. Ég hef ekki hætt að hlusta á Urmul síðan og á plötuna þeirra enn þá í plastinu.“

Annað húðflúr er í vinnslu, tileinkað bandarísku þungarokksveitinni Avenge Sevenfold. Það verður risastórt og mun ná yfir allan brjóstkassann á honum. „Maður er soddan rokkari.“

Atli Sigursveinsson, gítarleikari Endless Dark, kynntist Sindra Má fyrst þegar hann keypti bassa af Hólmkeli Leó Aðalsteinssyni úr Endless Dark. „Það er kúl að einhver sé að fá sér tattú með okkur, hvað þá á hausinn,“ segir Atli. „Þetta er samt seinasti staðurinn sem ég myndi fá mér tattú á. Þetta er dálítið brjálæði en samt kúl fyrir okkur.“

freyr@frettabladid.is


Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið


# Ævintýri með Of Monsters

„Þetta verður svakalegt ævintýri,“ segir tónlistarkonan Lay Low.

Hún hitar upp fyrir hljómsveitina Of Monsters and Men á stórri tónleikaferð um Bandaríkin og Kanada í mars og apríl. Tónleikarnir verða átján talsins og verða þeir fyrstu í Los Angeles 20. mars en þeir síðustu í Toronto 12. apríl.

„Ég er mjög spennt fyrir þessu. Ég hef ekki túrað svona mikið í einu um Bandaríkin áður,“ segir Lay Low. „Það verður gaman að vera með krökkunum. Það er að ganga svona blússandi vel hjá þeim og allir í megastuði fyrir þeim úti, þannig að ég fæ að fljóta með í þessa miklu hamingju.“

Hún verður ein á ferð með kassagítarinn og skilur því tónleikabandið sitt eftir í þetta sinn, enda kostar mikið að fara með heila hljómsveit vestur um haf. Aðspurð hvort hún geti ekki gefið nýliðunum Of Monsters and Men góð ráð í ferðinni segist hún vonast til þess enda búin að spila á sumum af þessum stöðum áður. „En ég er alltaf að læra sjálf. Ég get ekki farið að miðla voða miklu, nema bara benda þeim á einhverja góða veitingastaði.“

Hún gaf út plötuna Brostinn strengur fyrir síðustu jól en er strax byrjuð að taka upp nýja. Sú verður á ensku og er ætluð fyrir erlendan markað. Hún kemur líklega út í haust. „Mér sýnist á öllu að ég verði að vinna í svipuðum „fíling“ og á síðustu plötu,“ segir hún um upptökurnar. - fb



**SPENNT** Lay Low er mjög spennt fyrir tónleikaferðinni með Of Monsters and Men.



ÉG ER Weetos®
OG INNIHELD ENNÞÁ
MINNI SYKUR EN ANNAÐ
SÚKKULAÐIMORGUNKORN
Weetabix
Weetos
Chocolatey
Wholegrain Goodness
375g
WHOLEGRAIN
HEILKORNA
D-VÍTAMÍN
LÍTIÐ SALT
ÁN ALLRA LITAREFNA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÓÐUR
LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU
**ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF**
fyrir almenning í Háskólanum í Reykjavík.
Sendið fyrirspurn á **logfrodur@hr.is**
LÖGRÉTTA
Félag laganema við Háskólann í Reykjavík
logfrodur.hr.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Stjörnufans í Danaveldi

Margt var um valinkunna tónlistarmenn í flugi Icelandair frá Kaupmannahöfn á sunnudagskvöld. Þar mátti meðal annars sjá Vini Sjonna sem höfðu kvöldið áður skemmt Íslendingum á þorrablóti í Óðinsvéum, en með þeim í för var einnig færeyski söngfuglinn Jógvan Hansen. Þorrablót voru víðar um Danaveldi þetta kvöld, en í Kaupmannahöfn léku Sverrir Bergmann og Sólskuggarnir fyrir dansi á meðan Skítamórall reif upp stuðið á þorrablótinu í Álaborg. Dyggir aðdáendur sáu einmitt til Adda Fannars, gítarleikara Skímó, á búðarrápi á Strikinu.



### Opnaði nýjan markað

Fjöldi íslenskra gesta sótti nýverið heim opnun nýs og endurnýjaðs fiskmarkaðar í Grimsby. Íslenska fyrirtækið Atlantic Fresh mun hafa leitt þróun og skipulagsvinnu við endurnýjunina. **Steingrímur J. Sigfússon**, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, opnaði markaðinn, sem er sagður gátt íslenskra sjávarafurða inn á Bretlandsmarkað. Meðal gesta annarra voru svo **Magnús Kristinsson** útgerðarmaður, Austin Mitchell, þingmaður Grimsby, Benedikt Jónsson, sendiherra Íslands í Bretlandi, og Ian Whitting, sendiherra Bretlands á Íslandi, auk fjölda annarra gesta og fulltrúa fyrirtækja. **- óká**



## Mest lesið Vísir

1. Virkni lyfs kemur í ljós mun fyrr en áður
2. 97% studdu Gúrbangúlí
3. Tvíburabræður sýna alheiminn í öllu sínu veldi
4. Býr í flugstöðinni
5. Hæðnistónn Össurar dregur dilk á eftir sér


Okkar hlutverk er að dreifa fjölpósti, blöðum, tímaritum, bréfum og vörum.

Póst dreifing

Sími 585 8300 - www.postdreifing.is


